



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júní 2007 – 146. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Fimmti frægasti nördinn



Jón Gnarr er í fimmta sæti á lista yfir frægustu nördna heims. Hann segir þetta eins og að komast á Forbes-listann.

FÓLK 44

Lóan er farin

Myndlistarmaðurinn Steingrímur Eyfjörð sýnir á Tvíæringnum í Feneyjum.



MENNING 34

Trampólínslys

„274 komu slasaðir eftir leik á trampólíni á slysa- og bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss árin 2005 og 2006,“ skrifar Brynjólfur Mogensen.

UMRÆÐAN 28


Sigur í fyrsta leik

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta vann 3-0 sigur á Grikklandi í gær í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2009.



ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



BJART NORÐAN TIL Í dag verður austan strekkjngur sunnan til, annars hægari. Dálítil rigning á landinu sunnanverðu en hálskjáð eða léttskjáð norðan til. Híti 10-20 stig, hlýjast til landsins nyrðra.

VEDUR 4

Stubbahus.is



Reykingabann 1.júní. Af því tilefni bjóðum við okkar geysivinsælu Stubbahús á afsláttarverði. 3 stærðir.

Pöntunarsími: 564 1783, 896 1783

Bjór fyrir útvalda á vellinum

Áfengi hefur verið í boði fyrir útvalda í VIP-rými Laugardalsvallar á leikjum í sumar. KSÍ bannar áfengi þar sem leikir fara fram. „Bara kaffi og brauð hjá okkur,“ segir framkvæmdastjóri Fram.

ÁFENGI Borið hefur á áfengisneyslu í svokölluðu VIP-rými Laugardalsvallar á leikjum í Íslandsmótinu í knattspyrnu í sumar en þetta er bannað með öllu samkvæmt reglum Knattspyrnusambands Íslands. Áfengissala og áfengisneysla er stranglega bönnuð á leikjum samkvæmt reglum KSÍ.

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, vildi ekki tjá sig um einstaka atvik sem kynnu að hafa komið upp en sagði það skýra stefnu KSÍ að áfengisneysla væri bönnuð á vallarsvæðum þar sem leikir færu fram. „Það verður auðvitað ekki hvikað frá þeirri stefnu að áfengisneysla, og sala áfengis, á leikjum er bönnuð og það á við um allt vallarsvæðið þar sem leikurinn fer fram. Þetta yfirbyggða rými á Laugardalsvelli fellur að sjálfsgöðu undir það líka og það er ekki hugsað sem áhorfendasvæði þar sem útvaldir geta verið

að höndla með áfengi. Stefna KSÍ í þessum efnum er skýr og frá henni verður ekki vikið. Félögin sem hafa afnot af aðstöðunni þegar heimaleikir þeirra fara fram verða hins vegar að bera ábyrgð á því að þessari stefnu sé framfylgt.“

Fréttablaðið náði myndum af því á dögnum er Framarar buðu til veislu í fyrrnefndu rými á Laugardalsvelli er leikur Fram og FH fór fram en þar sjást greinilega stæður af Stella Artois-björkössum fyrir utan rýmið, sem voru fyrir boðsgesti.

Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Fram fótboltafélags, segir félagið hafa nýtt rýmið til samkvæma þar sem boðsgestir komi saman til þess að ræða mál. „Það hafa verið haldin boð í þessu rými þar sem við bjóðum styrktaraðilum og öðrum boðsgestum upp á veitingar. Það hefur bara verið kaffi og

brauð.“ Að öðru leyti vildi Brynjar ekki tjá sig um málið en hann þvertók fyrir að áfengi væri í boði fyrir boðsgesti.

Sigríður S. Júlíusdóttir, fulltrúi á stjórn-sýslu- og starfsmannasviði Reykjavíkurborgar sem veitir vínveitingaleyfi, segir slíkar umsóknir ekki hafa borist vegna veisluhalda á Laugardalsvelli. Aðeins þarf vínveitingaleyfi ef selja á áfengi en ekki ef bjór er í boði í einkasamkvæmum.

Reglur og stefna KSÍ kveða hins vegar á um að áfengisneysla á leikjum sé bönnuð og á það jafnt við um landsleiki og leiki í Íslandsmóti. „Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völinn,“ segir meðal annars í heilsíðuauglýsingu frá KSÍ vegna leiks Íslands og Liechtenstein sem fram fer á Laugardalsvelli á morgun.

- mh / sjá síðu 4



ALPINGSI SETT Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra fylgdust með umræðum á Alþingi í gærkvöldi í kjölfar stefnuræðu forsætisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þótt stjórnarandstaðan óski ríkisstjórninni farsældar efast hún um fyrirheitin fögru:

Er eitthvað innihald í þeim orðaflaumi?

ALPINGSI „Fögru loforð hjá nýrri ríkisstjórn en er eitthvað innihald í þeim orðaflaumi?“ sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi í gær.

Guðjón kvaðst reiðubúinn að styðja ríkisstjórnina til góðra verka en vegna fyrri verka Sjálfstæðisflokksins hefði hann ástæðu til að efast.

Fjallaði hann sérstaklega um

stöðu sjávarbyggða í erfiðleikum og sagði „kvótabraskkerfið“ byggja á stórgölluðum lögum frá Alþingi.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, gagnrýndi margt í sáttmála nýrrar stjórnar og sagði hana ekki skynja að við vaxandi efnahagsvanda væri að etja.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrireyfingarinnar – græns framboðs, sagði ríkis-

stjórnina fara illa af stað í umhverfismálum, misjafn skilningur forystumanna hennar á þýðingu ákvæða stjórnarsáttmála um Þjórsárver væri til vitnis um það.

Í ræðu sinni fór Geir H. Haarde forsætisráðherra yfir stjórnarsáttmálann og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fór nánar í saumana á stefnumálum stjórnarinnar í utanríkismálum.

- bps/sjá síðu 6

Atli Gíslason þingmaður: Sat hjá í kirkjuferð þingmanna

ALPINGSI Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, fylgdi öðrum þingmönnum ekki inn í Dómkirkjuna við þingsetningu í gær. Með því vildi hann sýna samstöðu með samkynhneigðum.

„Þetta voru ekki nein mótmæli gegn þinginu eða kirkjunni,“ segir Atli. „Ég vildi bara persónulega sýna samstöðu með samkynhneigðum og styðja þá í baráttunni um að prestar megi gefa þá saman í hjónaband.“

Hann segir þingsetninguna sjálfa hafa verið þrýðilega, fyrir utan þegar stjórnarflokkarnir beittu meirihlutavaldi til að fresta kjöri í þingnefndir.

„Svona ofbeldi á fyrsta degi boðar ekki gott.“ Tekist var á um þingskóp á fyrsta fundi nýkjörins þings.

- sps / sjá síðu 2



ATLI GÍSLASON



31. MAÍ - 4. JÚNÍ
KAUPHLAUP
Í SMÁRALIND



Rennihurðafataskápar

mikill afsláttur af tveimur sýningarskápum, til afgreiðslu strax.



Eikarskápur 270 cm á breidd og glerskápur 286 cm á breidd. Gildir aðeins í dag.

www.inval.is

SPURNING DAGSINS



Skjöldur, verður hægt að hreinsa loftið milli ykkar og Lýðheilsustöðvar?

„Loftið er orðið ansi tært í dag. Annars hefur alltaf verið gott loft milli okkar.“

Reykjagabann á veitinga- og skemmti- stöðum tók gildi í dag. Skjöldur Sigurjónsson og Kormákur Geirharðsson, eigendur Ölstofunnar, eru ekki sáttir við bannið.

Offeldi í Reykjavík:

Ráðist á Ómar

LÖGREGLUMÁL Ráðist var á Ómar Ragnarsson á Vesturlandsvegi fyrir skömmu. Ekið var í veg fyrir bíl hans og maður með hnefana á lofti og andlitið afmyndað af heift réðst að, með orðin „Ómar!“



ÓMAR RAGNARSSON

Helvítíð þitt,“ á vörum. Ómari, sem greinir nánar frá þessu á síðu sinni, tókst að læsa bílnum en maðurinn réðst þá að fornbíl Ómars, dældaði bílinn og braut rúðu farþegamegin. Ómar, sem ekki bar kennsl á manninn, tilkynnti lögreglu atvikið.

- jbg / sjá síðu 54

Ritstjórnarskipti á Blaðinu:

Ólafur tekur við af Trausta

FJÖLMIDLAR Ólafur Stephensen hefur verið ráðinn ritstjóri Blaðsins. Ólafur, sem er stjórn- málafræðingur að mennt, hefur starfað um nokkurra ára skeið sem aðstoðarritstjóri Morgun- blaðsins en tekur við af Trausta Hafliðasyni sem ritstjóri Blaðs- ins. Hann mun starfa við hlið Trausta fyrst en sinn.

Trausti á í viðræðum við Árvakur um að fara til annarra starfa á vegum félagsins. Honum hefur verið boðin staða fréttastjóra á Morgunblaðinu en engar lokaákvarðningar hafa verið teknar. Hann sagði í gærkvöldi að staða sín myndi væntanlega skýrast í næstu viku.

Ólafur segir Blaðið vera traust og gott blað sem mögulegt sé að byggja upp enn frekar. „Við erum að undirbúa breytingar á efnisvali blaðsins. Markmiðið er að Blaðið verði mest lesna dagblað landsins í framtíðinni.“

- mh / bj

Stjórn og stjórnarandstaða tókust á um þingsköp á fyrsta fundi nýkjörins þings: **Vildi fund í ómannaðri nefnd**

ALPINGI Tekist var á um tillögu stjórnarliða á Alþingi í gær þess efnis að fresta bæri kjöri í þrjár nefndir þingsins; efnahags- og viðskiptanefnd, landbúnaðar- nefnd og sjávarútvegsnefnd.

Stjórnarflokkarnir ráðgera breytingu á nefndafyrirkomulagi, meðal annars sameiningu land- búnaðar- og sjávarútvegsnefnda. Ganga breytingarnar ekki í gegn fyrr en þingsköpum hefur verið breytt.

Stjórnarandstæðingar and- mæltu og sögðu það meðal annars ganga í berhögð við venjur að þvinga fram breytingar á þing- sköpum í krafti meirihluta. Þá

væri óeðlilegt að nefndir væru ekki mannaðar ef upp kæmu mál sem ræða þyrfti í nefnd.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, benti á hve fyrirkomulagið væri „galið“ með því að óska eftir fundi í sjávarútvegsnefnd.

Formenn stjórnarandstöðu- flokkanna tóku þátt í umræðunni, þingflokksformenn Framsóknar- flokks og Frjálslyndra og þing- flokksformenn stjórnarflokka- anna.

Tillaga stjórnarliða var á end- anum samþykkt og kosningu í ofangreindar nefndir frestað.

- bps



ALPINGI Þingmenn sátu hljóðir undir ræðum forystumanna flokkanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sjómanna dagur á Patró: **Löggæslan efl**

PATREKSFJÖRÐUR Á sjómanna dag- inn verða fimmtán lögreglumenn á vakt á Patreksfirði en voru fimm í fyrra. Um áramótin var lögregluembættið á Patreksfirði sameinað embættinu á Ísafirði og því hægari heimatökin að kalla út aukinn mannskap.

Á Patreksfirði hefur svo brugðið við í gegnum árin að enginn lögreglu maður hefur verið staddur í bænum á þessari fjölmennustu hátíð bæjarins, sökum stærðar umdæmisins. Hafa íbúar kvartað undan því og jafnvel verið talað um að ófremdarastand skapast í bænum. Lögreglan á Ísafirði vonast til að það sé nú liðin tíð.

- kóp

Stórfelld uppbygging á döfinni í Örfirisey

Stefnt er að mikilli uppbyggingu í og við Örfirisey. Uppbygging byggðar á land- fyllingu út frá Örfirisey er vel möguleg og þjóðhagslega hagkvæm, segir Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna. Miklir möguleikar í stöðunni.

SKIPULAGSMÁL Stefnt er að stór- felldri uppbyggingu íbúðarbyggð- ar í Örfirisey og á landfyllingu í næsta nágrenni hennar. Hug- myndir í þessa veru voru kynntar á ráðstefnu sem haldin var á Hótel Sögu í gær en þar fjölluðu borgar- fulltrúar og fleiri um möguleikana sem íbúðarbyggð og breytt skipu- lagsmynd hafnarsvæðisins í Örfirisey gætu haft í för með sér.

Meðal þeirra sem ræddu um skipulagsmál á hafnarsvæðum var Karl-Gustav Jensen, hafnar- stjóri í Kaupmannahöfn, en upp- bygging á hafnarsvæðum í nágrenni Kaupmannahafnar hefur verið mikil á undanförunum ára- tug. „Þið Íslendingar eruð nú að kaupa allt mögulegt í Danmörku þannig að ég efast ekki um að stór- tækar hugmyndir komist til fram- kvæmda,“ sagði Karl-Gustav meðal annars í léttum tón.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, sagði uppbyg- gingu á landfyllingu vera vel mögu- lega. „Það er alveg ljóst að tækni- lega er þetta vel mögulegt og einnig þjóðhagslega hagkvæmt.



TILLÖGUR KYNNTAR Björn Ingi Hrafns- son, formaður sérstaks starfshóps um uppbyggingu byggðar í Örfirisey, flutti opunarerindi á ráðstefnunni í gær.



ÖRFIRISEY Ýmsir möguleikar um uppbyggingu byggðar í og við Örfirisey komu fram á ráðstefnunni. Meðal annars var frá því greint að uppbyggingin á landfyllingu væri líklegur kostur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þó er að mörgu að hyggja og við erum þegar byrjuð að kanna aðstæður með ákveðinni for- vinnu,“ sagði Gísli meðal annars í ræðu sinni.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hafa einkafyrir- tæki sýnt uppbyggingu byggðar í Örfirisey mikinn áhuga. Fjárfest- ingarfélög hafa keypt upp tugi eigna í Örfirisey, meðal annars fjárfestingarfélagið Lindberg, og þá hafa nokkur fyrirtæki sýnt því áhuga að koma að uppbyg- gingu byggðar á landfyllingu við eyna.

Hollenski arkitektinn Sjoerd Soeters fór yfir ýmsa möguleika sem til greina kæmu og kynnti verkefni frá Evrópu, en uppbyg-

ing hafnarbyggðar hefur verið algeng á síðustu tveimur áratug- um í mörgum borgum Evrópu.

Uppbygging byggðar í Örfirisey verður sérstaklega skipulögð með tilliti til niðurstaðna rannsókna á hafstraumum, veðri og vindum. Jarðvísindamenn hafa bent á að varasamt geti verið að byggja á landfyllingu á þessu svæði þar sem sjávarborð geti hækkað umtalsvert á næstu áratugum vegna áhrifa hlýnunar jarðar.

Gert er ráð fyrir því að starfs- hópur um olubirgðastöðina í Örfirisey skili af sér tillögum í sumar en starfshópur sem fjallar sérstaklega um skipulag byggðar í eynni og framtíðarmöguleika í lok árs.

magnush@frettabladid.is

Harður árekstur við Selfoss:

Karl og kona alvarlega slösuð

SLSY Þeir voru fluttir á sjúkrahús með þyrlu eftir harkalegan árekstur jeppa og jeppings á Suðurlandsvegi laust fyrir klukkan fjögur í gær. Þau voru öll í jepplingnum; karl og kona sem slösuðust illa og kornabarn sem slapp ómeitt. Áreksturinn varð austan við Selfoss á mótis við Langstaði. Hin slösuðu voru flutt á Landspítalann í Fossvogi.

„Einn var í jeppanum og virðist hann hafa sloppið með öllu ómeiddur,“ sagði Elís Kjartans- son, rannsóknarlögreglu maður hjá lögreglunni á Selfossi.

Tildrög slyssins eru óljós en allt bendir til að ökumenn bílanna hafi báðir verið á austurleið. - beb

Kaupás neitar að selja Ísafold:

Segja reynt að hylma yfir með bæjarstjóra

FJÖLMIDLAR Tímaritið Ísafold var fjarlægð úr verslunum Kaupáss í gær en meðal þeirra verslana sem samsteypan rekur eru Krónan, 11- 11 og Nóatún. Í nýjasta tölublaðinu er mynd af Gunnari I. Birgissyni, bæjarstjóra Kópavogs, með nektardansmejum á Goldfinger auk þess sem fjallað er um tengsl hans og Ásgeirs Davíðssonar, eiganda staðarins.

Fullyrt er að hægt sé að kaupa kynlíf á staðnum auk þess sem bent hefur verið á að stúlkurnar sem dansa á staðnum bjuggu í ósamþykktu iðnaðarhúsnæði en skráður eigandi fyrir því var eiginkona Þórðar Þórðarsonar, bæjarlögmanns Kópavogsbæjar. Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Ísafoldar, segist engar skýringar hafa fengið. Ísafold sé eitt mest selda tímaritið í verslunum Kaupáss þannig að viðskiptalegar ástæður séu augljóslega ekki að baki ákvörðuninni. - kdk

Hæstiréttur þyngir dóm héraðsdóms um ár:

Dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir manndráp á krá í Mosfellsbæ

DÓMSMÁL Hæstiréttur þyngdi í gær dóm héraðsdóms yfir Lofti Jens Magnússyni í þrjú ár úr tveimur árum. Loftur Jens var sakfelldur fyrir að veita manni á sextugsaldri hnefahögg á hálsinn með þeim afleiðingum að hann lést. Líkamsrásin átti sér stað á veitingahúsinu Ásláki í Mosfellsbæ aðfaranótt 12. desember árið 2004.

Við málsmeðferð kom fram að líkamsrásin „hafi verið óvænt og algjörlega tilefnislaus. Hafi hinum látna ekkert ráðrúm gefist til að verjast henni.“ Hins vegar taldist ljóst að Lofti hefði ekki getað verið ljóst hversu alvarlegar afleiðingar yrðu af hnefahögginu.

Loftur, sem ekki hefur áður hlotið dóm fyrir ofbeldisbrot, var einnig sakfelldur fyrir að hafa brotið í bága við umferðarlög með því að hafa ekið bifreið án þess að hafa ökuleyfi.

Það, ásamt því að ekkert í gögnum málsins benti til þess að Loftur hefði reynt að leita sér aðstoðar vegna óreglu sinnar eða reynt að bæta fyrir brotið, voru



KRÁIN ÁSLÁKUR Loftur Jens Magnússon var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir árás sem leiddi til dauða manns á sextugsaldri.

ástæður þess að Hæstiréttur taldi réttast að þyngja dóm héraðsdóms yfir Lofti um eitt ár.

Jafnframt var Loftur dæmdur til að greiða sakarkostnað og bætur til eiginkonu og barna hins látna, samtals rúmlega fimmtán milljónir króna. - beb



Sumarsýning á Sævarhöfða
helgina 2-3. Júní

Sumarsýning fyrir alla fjölskylduna um helgina!

Kalli á þakinu kemur í þyrlu kl. 13 báða dagana og allir sem reynsluaka fá ókeypis bílþvott og freistandi tilboð. Góða skemmtun!

Ingvar Helgason

OPIÐ UM HELGINA FRÁ 12 TIL 16



Pitt stærsta lán er frelsi!

Íbúðalán SPRON einkennast af frelsi í nútíð og framtíð. Valfrelsið er mikið þegar kemur að samsetningu lánanna og eru þau án þvingandi skilyrða um bankaviðskipti til allt að 40 ára eins og tíðkast annars staðar.

FRELSIÐ ER ÞITT:

Íbúðalán – allt í íslenskri mynt

- Þú getur valið á milli þess að hafa allt lánið hjá SPRON eða að taka samsett lán hjá Íbúðalánasjóði og SPRON.

Íbúðalán – allt í erlendri mynt

- Þú getur valið á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.

Samsett íbúðalán – erlend og íslensk mynt

- Þú getur valið á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.
- Þú getur valið hvert hlutfallið er á milli íslenskrar og erlendra myntar.

Veldu frelsi

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

75 ára



GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	61,54	61,84
	Sterlingspund	121,64	122,24
	Evra	82,69	83,15
	Dönsk króna	11,100	11,164
	Norsk króna	10,176	10,236
	Sænsk króna	8,906	8,958
	Japanskt jen	0,5057	0,5087
SDR		93,05	93,61
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			
112,4049			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Áfengi í boði fyrir boðsgesti í VIP-rými Laugardalsvallar:

Ekki bara kaffi og brauð

ÁFENGI Áfengisdrykkja tíðkast í svokölluðu VIP-rými Laugardalsvallar, sem ætlað er útvöldum gestum, en almennum áhorfendum er óheimilt að drekka áfengi inni á vallarsvæðum þar sem kappleikir fara fram á vegum KSÍ. Gæsluverðir á völlum hafa meðal annars það verkefni að fylgjast með hvort reglunum sé framfylgt og taka áfengi af fólki sem er með það undir höndum. Lengi hefur verið deilt um hvort heimila eigi sölu áfengis á leikjum, líkt og tíðkast víða erlendis, en KSÍ hefur í áráraðir haldið stíft í þá stefnu að banna áfengisdrykkju, og sölu, með öllu á vallarsvæðum. Ekki síst hefur þetta verið gert í forvarnarskyni til þess að senda ungu kynslóðinni þau skilaboð að áfengisneysla og metnaðarfullt knattspyrnustarf fari ekki saman.



MEÐ BJÓR Á BOÐSTÓLUM Hér sjást veigar í svokölluðu VIP-rými Laugardalsvallar sem Fram bauð boðsgestum síðastliðinn þriðjudag. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri Fram fótboltafélags segir aðeins kaffi og brauð vera á boðstólum en á þessari mynd sést að svo er ekki.

Ráðherra segir af sér:
Þingið ósátt

GRÆNLAND, AP Lars-Emil Johansen sagði af sér sem fjármálaráðherra í grænlandsku landsstjórninni í gær, aðeins mánuði eftir að hann tók við embættinu.

Johansen, sem er fyrrverandi forsætisráðherra, er einnig annar tveggja þingmanna Grænlands á danska þjóðþinginu. Landsþingið í Grænlandi komst að þeirri niðurstöðu að hann mætti ekki gegna báðum embættunum í senn, og því sagði Johansen af sér.

Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér ítrekaði hann þó fyrri yfirlýsingar um að hann væri fullfær um að sinna báðum embættunum.

Aðstoðarfólk ráðherra:
Anna Kristín og Róbert til aðstoðar

STJÓRNMÁL Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur ráðið Önnu Kristínu Ólafsdóttur sem aðstoðarkonu en Anna Kristín var áður aðstoðarkona fyrrverandi borgarstjóra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.



ANNA KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR

Róbert Marshall, fyrsti varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, verður aðstoðarkona Kristján L. Möller samgönguráðherra. Kristján og Róbert handsöluðu ráðahaginn í bíl ráðherra á Helligheidi á miðvikudag þar sem þeir voru á leið á fund Samfylkingarinnar í Inghól á Selfossi.



RÓBERT MARSHALL

Fjórir sakfelldir en sektir lækkaðar

Hæstiréttur sakfelldi fjóra menn vegna brota í rekstri fyrirtækja sem tengdust Frjálsri fjölmiðlun. Þrír sýknaðir eða ákærum vísað frá. Sektargreiðslur fjórmenninganna lækkaðar um 100 milljónir frá dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

DÓMSMÁL Fjórir menn voru sakfelldir í Hæstarétti í gær brot í rekstri félaga tengdra Frjálsri fjölmiðlun á árunum 2000-2003. Fangelsisdómar voru í þremur tilvikum þyngdir en sektargreiðslur lækkaðar úr 141,6 milljónum króna í 41,3 milljónir. Eyjólfur Sveinsson hlaut þyngsta dóminn, tólf mánaða fangelsi, þar af nú mánuði skilorðsbundna, fyrir brot í rekstri fjögurra fyrirtækja. Auk þess var honum gert að greiða 20,5 milljónir króna í sekt í ríkissjóð og tæplega 3,2 milljónir í málskostnað. Í héraði var Eyjólfur dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi, þar af tólf skilorðsbundið, og til greiðslu rúmlega 67 milljóna sektar.



Í HÉRAÐSDÓMI Eyjólfur Sveinsson (til vinstri) ræddi við lögmennina Svein Andra Sveinsson og Helga Jóhannesson við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur á dögnum.

Málið er afar umfangsmikið og tengist brotum við rekstur sex fyrirtækja; Fréttablaðsins, Dagsprents, Póstflutninga, Visir.is, Infó skiltagerðar og ÍP prentþjónustunnar. Utan við Info skiltagerð tengdust þau öll Frjálsri fjölmiðlun.

Eyjólfur var dæmdur fyrir umboðssvik með því að hafa sem daglegur stjórnandi Visir.is yfirdregið bankareikning um tæpar 24 milljónir króna í heimildarleysi. Hann var einnig dæmdur fyrir að hafa ekki staðið skil á vörslusköttum; staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti, vegna Fréttablaðsins, Dagsprents, Póstflutninga og Visir.is.

Dótti dómnum brot Eyjólfs stórfelld, en þau voru framin í rekstri fjögurra félaga. Brotin hafi verið alvarleg og snúist um verulegar fjárhæðir.

Svarar Ásbjörnsson, sem var fjármálastjóri Visir.is, var sakfelldur fyrir umboðssvik með því að hafa yfirdregið reikning félagsins. Hann hlaut átta mánaða fangelsisdóm, þar af fimm mánuði skilorðsbundna. Í héraðsdómi var hann dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Marteinn Kristinn Jónsson, sem var framkvæmdastjóri Info skiltagerðar, var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og var að auki gert að greiða 12,2 milljónir króna í sekt og 965 þúsund krónur í málskostnað fyrir að standa ekki skil á vörslusköttum. Í héraðsdómi var hann dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða 69 milljóna króna sekt.

Ólafur Haukur Magnússon, sem var framkvæmdastjóri ÍP prentþjónustunnar, var dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið, og var gert að greiða 8,6 milljóna króna sekt og málskostnað upp á 810 þúsund krónur fyrir að standa ekki skil á vörslusköttum. Hann var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur og til að greiða 5,5 milljóna króna sekt.

Upphaflega voru tíu ákærðir í málinu en dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var áfrýjað vegna sjö. Hæstiréttur sýknaði eða staðfesti frávisun héraðsdóms vegna þriggja ákærðu, þeirra Sveins Eyjólfssonar, Karls Þórs Árnaasonar og Ómars Geirs Þorgeirssonar.

Málefni Byggðastofnunar:
Örlygur formaður stjórnar

STJÓRNMÁL Örlygur Hnefill Jónsson Samfylkingunni tók í gær við formennsku í stjórn Byggðastofnunar af Kristni H. Gunnarssyni, þingflokksformanni Frjálslynda flokksins. Örlygur sagðist í samtali við Fréttablaðið hlakka til að takast á við mörg krefjandi verkefni sem stjórn stofnunarinnar hefur inni á borði sínu. Örlygur tók við stjórnarformennskunni á aðalfundi stofnunarinnar sem fram fór í Rúgbrauðsgerðinni.

Aðrir í nýrri stjórn stofnunarinnar eru Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Anna K. Gunnarsdóttir, Herdís Sæmundardóttir, Bjarni Jónsson og Guðjón Guðmundsson, sem jafnframt er varaformaður stjórnar.

Lugovoi um Litvinenko-málið:
Segir Breta eiga hlut að máli

RÚSSLAND, AP Rússneski kaup-sýslumaðurinn Andrei Lugovoi, sem er ríkissaksóknari Bretlands telur sekan um morðið á Alexander Litvinenko, segist nú hafa sannanir fyrir því að breska leyniþjónustan hafi átt hlut að morðinu.



ANDREI LUGOVOI

Hann segir að Litvinenko hafi verið njónnari fyrir bresku leyniþjónustuna MI6, og sömu-leiðis hafi rússneski auðkýfingurinn Boris Berezovsky, sem er í útleð á Bretlandi, einnig starfað fyrir MI6.

Þá fullyrðir Lugovoi að breska leyniþjónustan hafi reynt að fá sig til að vinna fyrir sig.

LEIÐRÉTTING

Mistök urðu í myndatexta á síðu sex í gær. Sagt var að á myndinni væri Dr. Catherine Lord, sérfræðingur um einhverfu, en rétt er að á myndinni voru þau Berglind Rán Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Íslenski erfðagreiningu, og Júlíus Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar.

Í frétt blaðsins í gær um fangelsisdóm yfir barnaniðingi birtist mynd af leiksvæði leikskólans Regnbogans við Bleikjukvísl í Reykjavík. Tekið skal fram að leikskólinn tengist með engu móti efni fréttarinnar.

Afmælisveisla!

Fögnum eins árs afmæli nýrra verslana okkar að Fiskislóð og á Akureyri með pomp og prakt. Allskyns tilboð í tilefni dagsins. Líttu inn og fagnaðu með okkur – og gerðu kjarakaup í leiðinni.

Opið mánud.-föstud. 8-18, laugard. 10-16 og sunnud. 12-16

Tryggvabraut 1-3, Akureyri • Sími 460 3630 Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

– fullt hús ævintýra

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

20°C Í GÆR - AFTUR Í DAG? Í gær komst hitinn í 20°C á tveimur veðurathugunarstöðvum í Borgarfirði. Á Hafnarmelum við Hafnarfall og í Húsafelli. 19°C mældust svo í Stafholtsey, á Blönduósi og á Filfholti á Mýrum. Í dag verður ekkert lát á hlýindunum ef allt gengur eftir en hlýjasti hluti loftsins verður nú til landsins fyrir norðan. Áfram verður vindasamt sunnan til.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Austan 5-10 m/s. Skýjað að mestu og dálítill rigning, einkum síðdegis. Hiti 11-15 stíg.

» um hádegis »
» á morgun »
» sunnudagur »

um hádegis »

Kaupmannahöfn	19°C hálfskýjað	London	20°C alskýjað	Alicante	26°C hálfskýjað
Billund	21°C léttskýjað	Paris	20°C skúr	Mallorca	26°C alskýjað
Oslo	14°C skúr	Frankfurt	20°C alskýjað	Basel	21°C skúr
Stokkhólmur	18°C skúr	Friedrichshafen	16°C skúr	Eindhoven	17°C rigning
Gautaborg	19°C skúr	Berlin	24°C hálfskýjað	Las Palmas	25°C heiðskirt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Gott á grillið



40%
afsláttur við
kassa

Koníaks kryddlegnar
kjúklingabringur

TILBOÐ
1.557 kr/kg
Merkt verð 2.595,-



20%
afsláttur við
kassa

Grill-lambalæri
Hagkaupa

TILBOÐ
1.598 kr/kg
Merkt verð 1.998,-



30%
afsláttur við
kassa

Úrbeinaður
Svínahnakki

30%
afsláttur
við kassa



Berjabomba
m/makkarónum og
súkkulaði



Portobellosveppir
m/fyllingu



Epli
m/kanil og rúsínum



Kókosbollur
m/ferskum ávöxtum

Spennandi
nýjungar
beint á grillið



Jói Fel grillsósur
- ómissandi með grillkjötinu í sumar

KAUPAUKI

Ef þú kaupir
6 pk. af 2 ltr.
Pepsi Max þá
fylgir DVD
með "Leitinni
að strákunum"
með í
KAUPAUKA



Gildir til 3. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Tekur þú strætó oftast en einu sinni í viku?

JÁ	20%
NEI	80%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú reykingabanninu fagnandi?

Segðu skoðun þína á visir.is



Karlmaður á fimmtugsaldri dæmdur í tveggja ára fangelsi í Hæstarétti: Braut gegn þroskaheftri konu

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri, Ingólfur Elíesersson, hefur verið dæmdur í Hæstarétti í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungri þroskaheftri konu. Honum var jafnframt gert að greiða henni 800 þúsund krónur í miskabætur. Þar með staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

Maðurinn framdi kynferðisbrotið gegn ungu konunni í september 2005. Hún vann á vernduðum vinnustað, í gróðurhúsi, og var maðurinn stuðningsfulltrúi hennar þar. Hann kom til hennar þar sem hún var við vinnu sína og bað hana um að koma með sér heim. Hún neitaði því.

Um kvöldið fór hún á fótboltaæfingu í Hagaskóla. Er hún kom út af henni beið maðurinn í bíl sínum fyrir utan. Þau fóru síðan heim til hans á gistiheimili Hjálpræðishersins, þar sem hann bjó um þær mundir. Þar hafði maðurinn tvívegis samræði við konuna.



HÆSTIRÉTTUR Staðfesti dóm Héraðsdóms.

Hún var 33 ára þegar þetta átti sér stað og í sambúð með þroskaheftum einstaklingi. Var það mat dómsins að framburður hennar hefði verið trúverðugur og borinn fram í mikilli einlægni. Maðurinn hefði brugðist trúnaðartrausti hennar og misnotað sér þroskaheftun hennar á grófan hátt.

Líkamsárásir enn í rannsókn: Parið játaði verknáðinn

LÖGREGLUMÁL Parið sem réðst á karlmann á sjötugsaldri í húsa-sundi á Laugaveginum aðfaranótt sunnudags er laust úr haldi. Parið játaði verknáðinn og segir Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn að málið sé upplýst þó að enn sé verið að afla gagna. Maðurinn nef- og rífbreinsbrotnaði við árásina.

Enn er leitað að tveimur mönnum sem gengu í skrokk á karlmanni í Breiðholti þessa sömu nótt. Bifreið mannanna er fundinn en ekkert hefur spurst til þeirra. Maðurinn sem þeir réðust á var fluttur meðvitundarlaus á sjúkrahús en er á batavegi.

STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA

Ísland verði áfram í fremstu röð þjóða

Forsætisráðherra segir meginverkefni stjórnmalanna að skapa hagstæð skilyrði.

ALÞINGI Meginmarkmið stjórnmalanna er að bæta kjör almennings og skapa fjölskylduvænt og umhverfisvænt samfélag og samkeppnishæft umhverfi fyrir atvinnulífið.

Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi.

Geir rakti áform ríkisstjórnarinnar eins og þau eru fram sett í stjórnarsáttmálanum og sagði stjórnina leggja áherslu á að raunverulegt jafnrétti yrði leiðarljós í allri stefnumótun.

Sagði hann kraftmikið efnahagslíf forsendu áframhaldandi uppbyggingu í menntamálum, samgöngumálum og heilbrigðis- og félagsmálum og að eitt brýnasta verkefnið væri að tryggja stöðugleika. Stefnir væri að frekari lækkan skatta á einstaklinga og fyrirtæki, endurskoðun á skattkerfi og almannatryggingum til að bæta haglag- og millitekjufólks og endurskoðun vörugjalda og virðisaukaskatts.

Geir vék einnig að áformum í



FORSÆTISRÁÐHERRA FLYTUR STEFNURÆÐUNA Geir H. Haarde sagði kraftmikið efnahagslíf forsendu áframhaldandi uppbyggingu.

málefnum yngstu og elstu kynslóðanna og sagði stefnt að úrbótum á þeim sviðum.

Í niðurlagi ræðu sinnar sagði Geir

markmiðið að skapa íslenskt samfélag „sem verður áfram í fremstu röð þjóða heims á hvaða lífskjaramælikvarða sem lítið er“.

HÆTTU Í ALVÖRU

- Skynsöm leið til að hætta því þú hættir á eigin hraða.
- NicoBloc hindrar allt að 99% af nikótíni og tjóru í filternum.
- Þú venur þig af nikótíni áður en þú drepur í.



Fæst í næsta apóteki

Smart og létt á fæti heilsteyppt glös á tilboðsverði

Þórunn Helga Kristjánsdóttir, sölumaður hjá RV

Tilboðið gildir út júní 2007 eða meðan birgðir endast.

TUNELIS RV6236A



Á tilboði í júní 2007
heilsteyppt rauðvinsglös, hvítvinsglös, björglög, kampavinsglög og sérríglög



1.925 kr.
12 stk.

Imperial 42 cl rauðvinsglög



854 kr.
6 stk.

Maldive 36 cl björglög

Rekstrarvörur

- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



25 ára Rekstrarvörur 1982-2007

Kvótakerfi eða þjófamarkskerfi

Friðlýndi flokkurinn mun taka því illa ef tryggja á



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

stöðugleika í sjávarútvegi, eins og rætt er um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, með því að byggja á kvótabraskerfi, sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Friðlýnda flokksins.

Kvótakerfið ætti með réttu að bera nafnið „þjófamarkskerfi“, það markaði þau örlog sem hver sjávarbyggðin eftir aðra hefði hlotið síðastliðinn hálfan annan áratug, sagði Guðjón.

Hann beindi þeirri spurningu til nýrrar ríkisstjórnar hvort hún teldi virkilega að sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu, sem forsætisráðherra minnstist á í stefnuræðu sinni, leiddi eitthvað í ljós sem fólkinu í sjávarbyggðunum væri hulið. Hvort fólk missti atvinnu sína og eigur þar sem slík úttekt hefði ekki farið fram.

- bj

Ingibjörg hefur étið saltan graut

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði



GUÐNI ÁGÚSTSSON

nýja ríkisstjórn byggja framfarir sínar á að stórum hluta á starfi og stefnumörkun sem framsóknarmenn hefðu markað og undirbúið með Sjálfstæðisflokknum. Stjórnin virtist hins vegar ekki skynja að við vaxandi efnahagsvanda væri að etja.

„Ríkisstjórn sem þeir ekki að takast á við vandann á sínum fyrstu dögum, fer ekki vel af stað,“ sagði Guðni og kvað stefnuræðu forsætisráðherra einhverja þá bragðdaufustu ræðu sem hann hefði heyrt.

Guðni sagði Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur hafa étið grautinn sinn þótt saltur væri. Hún væri valdapolitikus; þrífist og brosti hefði hún völdin.

Þá væru gammarnir á Íslandi að hrífsa völdin í Sjálfstæðisflokknum. „Hinn meinlausi forsætisráðherra mun ekki ráða för.“

- bps

Samfylkingin fór á taugum

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, beindi spjótum sínum að Samfylkingunni.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Sagði hann flokk sinn hafa verið reidubúinn til stjórnarsamstarfs en forysta Samfylkingarinnar hefði farið á taugum síðustu vikur fyrir kosningar og gert sér dælt við sjálfstæðismenn.

Þannig hefði draumur Samfylkingarfólks um að komast í ríkisstjórn ræst en ekki væri við sig að sakast um að ekki hefði verið mynduð raunveruleg félags- og umhverfisverndarstjórn.

Steingrímur gaf nýrri ríkisstjórn lélega einkun í umhverfismálum; forystumenn hennar hefðu á fyrstu dögum verið margsaga um innihald stjórnarsáttmálsins hvað varðaði þjórarsáttmála.

Þá sagði hann VG hafa mikilvægasta hlutverk sem flokkurinn hefði haft; að veita stjórnarandstöðunni forystu. Hét hann því að bregðast ekki þeim skyldum sem því fylgdu.

- bps

Áhersla á umhverfismál

Eitt veigamesta atriðið í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er átak í jafnréttismálum, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, í ræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Endurmeta þyrfti kjör stétta þar sem konur væru í miklum meirihluta. „Það gerðum við hjá Reykjavíkurborg þegar ég var borgarstjóri, og það er löngu tíma-bært að slíkt endurmat eigi sér stað hjá ríkisvaldinu,“ sagði Ingibjörg.

Hún sagði Ísland hafa verk að vinna á alþjóðavettvangi. Umhverfismálin myndu hafa gríðarlega þýðingu á næstu árum og utanríkisþjónustan leggja mikla áherslu á þau. Ísland yrði að setja sér mælanleg og metnaðarfull markmið í aðgerðum gegn gróðurhúsáhrifum.

- bj

LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Brúðkaup á næstunni?

Glæsilegt úrval af hátíðarfatnaði fyrir alla sem vilja skarta sínu besta í brúðkaupinu.

Barnakjolar fyrir 2-15 ára og skór í stíl.
Brúðarmeyjakjolar í stærðum 12-18.

Brúðkaupsgjafir

Þú þarft ekki að leita annað.

Borðbúnaður, skrautvara, búsáhöld, fyrsta flokks rúmfatnaður og margt fleira.

Brúðhjón fá gjafabréf

sem nemur 5% af keyptum vörum af brúðarlista.

Gjafalistar, gjafakort og ókeypis innpökkunarþjónusta spara þér sporin.

Persónulegur stílisti finnur réttu sniðin og dregur fram þinn persónulega stíl. Ráðgjöfin er að kostnaðarlausu og kaup í versluninni eru ekki skilyrði. **Pantaðu tíma í síma 552 8000.**

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

120 1886
2006

Spennandi tímar í efnahagsmálum

– staðan hér heima og alþjóðastrumar

Hagspá fyrir árin 2007 – 2010

Greiningardeild Landsbankans býður til morgunverðarfundar þriðjudaginn 5. júní 2007 á Hótel Nordica frá kl. 8:30–10:00. Á fundinum kynni Greiningardeild Landsbankans nýja hagspá fyrir árin 2007 – 2010.

- Af hverju er krónan svona sterk?
- Hvað felst í viðskiptahallanum?
- Hvert stefnir fasteignamarkaðurinn?
- Hver eru brýnustu verkefni hagstjórnar?

Í lokin verða fyrirspurnir og umræður.

Dagskrá:

- 8:30 **Sigurjón Þ. Árnason**, bankastjóri, setur fundinn.
- 8:40 **Björn Rúnar Guðmundsson**, forstöðumaður Greiningardeildar og **Lúðvík Elfsson**, sérfræðingur, fjalla um sýn deildarinnar á þróun efnahagsmála.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8:15.

Fundurinn er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Skráning fer fram á www.landsbanki.is



Landsbankinn

Niðurstöður samræmdu prófanna liggja fyrir:

Einkunnir sendar til skóla

GRUNNSKÓLINN Námsmatsstofnun sendi í gær öllum grunnskólum landsins niðurstöður samræmdu prófanna í tíunda bekk og má búast við að nemendur fái einkunnir sínar í dag eða næstu daga.

Sigurgrímur Skúlason, sviðsstjóri Námsmatsstofnunar, segir að skólastjórnir ákveði hvenær börnin fái einkunnir sínar. „Skólastjórnir afhenda niðurstöðurnar og þeir ákveða með hvaða hætti þeir gera það. Einhvern tímann fengu krakkarnir ekki að sjá einkunnirnar fyrr en á útskriftardegi en mér skilst að það sé að breytast upp til hópa,“ segir hann.



SIGURGRÍMUR SKÚLASON Námsmatsstofnun hefur sent öllum grunnskólum landsins niðurstöður samræmdu prófanna í tíunda bekk, að sögn Sigurgríms Skúlasonar sviðsstjóra.

Hátt í fimm þúsund nemendur þreyttu samræmd próf í tíunda bekk, þar af nokkrir nemenda úr áttunda og níunda bekk. - ghs



FORSETI VIÐ ÞINGSETNINGU Sagði margraddaða umræðu í fjölmiðlum fyrir kosningar vera mikla framför frá fyrri árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikilvægt að þjóðin nýti samtakamátt

Samkomulag og samvinna var inntak ræðu forseta Íslands við setningu Alþingis í gær. Gunnar Svavars-son verður formaður fjárlaganefndar og Bjarni Benediktsson formaður utanríkismálanefndar.

STJÓRN MÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fjallaði um samvinnu í stjórn mállum í ræðu sinni við setningu Alþingis í gær.

Sagði hann valdavægi á lýðveldistíma slíkt að fyrr eða síðar ynnu nánast allir með öllum. Samvinna reyndist þjóðingarmeiri en ágreiningur. Mál væru afgreidd í ríkari mæli með samkomulagi allra flokka þótt ágreiningur yrði aldrei umflúinn með öllu.

„Mikilvægt er að þingheimur allur kappkosti jafnan að ólík afstaða til deilumála fari ekki svo úr böndum að þjóðin lamist vegna deilna og nái ekki að nýta dýrmætann samtakamátt,“ sagði Ólafur Ragnar.

Hann ræddi einnig um breytta fjölmiðlun og sagði margraddaða umræðu í sérhverjum miðli ótvíræða framför frá fyrri árum þegar flokksmálgögnin hefðu þrengrt að og umræðuþættir ljósvakamiðla verið fáir.

Ólafur Ragnar sagði ótvíræðan trúnað fólgin í að vera kjörinn alþingismaður. „Að axla æðstu ábyrgð sem lýðræðið veitir, vera falið að setja lög sem móta örlög einstaklinga, þjóðarinnar.“

Óskaði hann alþingismönnum til hamingju með traustið og bauð nýja

þingmenn sérstaklega velkomna í þingsal.

A þingsetningarfundinum var Sturla Bødvarsson Sjálfstæðisflokki kjörinn forseti Alþingis og Ásta R. Jóhannesdóttir Samfylkingunni fyrsti varaforseti.

Í ávarpi gerði Sturla takmarkað traust landsmanna til Alþingis að umtalsefni og sagðist telja umræðu-hætti þingsins eiga þar nokkra sök. Hvatti hann þingmenn til að bæta um enda ætti það að vera hlutverk þingmanna að setja þann svip á lög-gjafarsamkomuna að hún nyti virðingar og hefði trúverðugleika.

Sturla sagðist telja tíma til kominn að endurskoða skipulag þing-umræðu. Kvaðst hann ekki eiga við styttri umræður heldur skýrari skoðanaskipti, betra skipulag og betri undirbúning.

Þá sagði Sturla eitt mikilvægasta verkefni forsætisnefndar þingsins að skapa þingmönnum landsbyggðar-kjördæmanna hagfelldari starfs-aðstæður.

Forystumenn stjórnarflokka hafa ákveðið að Gunnar Svavars-son Samfylkingunni verði formaður fjárlaganefndar þingsins og Bjarni Benediktsson formaður utanríkis-málanefndar. bjorn@frettabladid.is

FORMENN FASTANEFNDA

Samkvæmt samkomulagi stjórnarflokka

Allsherjarnefnd
Birgir Ármannsson (D)
Efnahags- og skattanefnd
Pétur Blöndal (D)
Félagsmálanefnd
Guðbjartur Hannesson (S)
Fjárlaganefnd
Gunnar Svavarsson (S)
Heilbrigðisnefnd
Ásta Möller (D)
Iðnaðarnefnd
Katrín Júlíusdóttir (S)

Menntamálanefnd
Sigurður Kári Kristjánsson (D)
Samgöngunefnd
Steinunn Valdíis Óskarsdóttir (S)
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Arnbjörg Sveinsdóttir (D)
Umhverfisnefnd
Helgi Hjörvar (S)
Utanríkismálanefnd
Bjarni Benediktsson (D)
Viðskiptanefnd
Ágúst Ólafur Ágústsson (S)

HEIT TILBOÐ Í HÁTÆKNI

AÐEINS Í 3 DAGA!

Hitachi 55" plasmasjónvarp
Verð áður 699.995 kr.

Tilboðsverð 499.995 kr.

Bættu við Logitech LCD
fjarstýringu á 50% afslætti



Tilboðspakki 1



Yamaha RXN600 heimabíomagnari og
KEF 2005.2 heimabíókerfi
Verð áður 134.900 kr.
Tilboðsverð 99.995 kr.



Tilboðspakki 2

Yamaha RXV559 heimabíomagnari og
KEF 3005 heimabíókerfi
Verð áður 169.900 kr.
Tilboðsverð 129.995 kr.



Tilboðspakki 3

Yamaha RXV661 heimabíomagnari og
KEF 5005.2 heimabíókerfi
Verð áður 219.900 kr.
Tilboðsverð 149.995 kr.



Tilboðspakki 4

**Fimm hátalarar
í tveimur!**

KEF FiveTwo hátalarar fyrir heimabíó
Verð áður 79.995 kr.
Tilboðsverð 59.995 kr.



**Kauptu sjónvarp og fáðu Hitachi DVD
upptökutæki með 250 Gb hörðum diskum
á frábæru verði!**



Verð áður 69.995 kr.
Tilboðsverð 50.000 kr.

HITACHI

37" LCD sjónvarp - 37LD9700
Verð áður 299.995 kr.

Tilboðsverð 239.995 kr.



HITACHI

32" LCD sjónvarp - 32LD9700
Verð áður 259.995 kr.

Tilboðsverð 199.995 kr.



PALLADINE

32" LCD sjónvarp - 32LD8600
Verð áður 139.995 kr.

Tilboðsverð 99.995 kr.



PALLADINE

19" LCD sjónvarp - EPT1930M
Verð áður 59.995 kr.

Tilboðsverð 49.995 kr.




Losaðu þig við allar gömlu fjarstýringarnar. Logitech stjórnar öllum græjunum.



Logitech Harmony 1000 fjarstýring
Verð 59.995 kr.



Logitech Harmony 895 fjarstýring
Verð 39.995 kr.



Logitech Harmony 555 fjarstýring
Verð 14.995 kr.



Logitech Harmony 785 fjarstýring
Verð 24.995 kr.



Logitech Harmony 885 fjarstýring
Verð 29.995 kr.

Sjónvarpið, DVD-tækið, heimabíóið, hljómflutningstækin – öllum græjum heimilisins stjórnað með einni fjarstýringu.

Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 11-15

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

H
Hátækni



ALLT Í PLATI Þessi ungi maður heitir Ali Reza og var handtekinn í Kabúl, höfuðborg Afganistans, á miðvikudaginn. Hann hafði spennt um sig sprengjubelti og reyndi að ræna gjaldeyrismarkað, hótaði að sprengja sig í loft upp en allt var það tómur blekkingarleikur hjá manningum. Sprengjubeltið var ekki ekta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarstjóri segir ekki hægt að una við gríðarlegan halla á Strætó:

Undirbýr ekki slit á Strætó bs.

SAMGÖNGUR „Ég útiloka ekki að gerðar verði einhverjar breytingar á rekstrarforminu en fullyrði ekkert um það á þessu stigi,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri spurður um hugsanleg slit á Strætó bs.

Byggðasamlagið Strætó er sameiginlegt fyrirtæki sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarstjórnir Seltjarnarness og Kópavogs hafa gagnrýnt rekstur fyrirtækisins. Vilhjálmur tekur undir þetta. Hann segir að hallinn hafi verið 550 milljónir króna á síðasta ári þrátt fyrir að ný stjórn fyrirtækisins sem tók við eftir sveitarstjórnarkosningarnar í

fyriravor hafi tekið til hendinni og náð að minnka hallann um fleiri hundruð milljóna.

„Við getum ekki unað við það að þetta fyrirtæki sé rekið með svona gríðarlegum halla. Okkur ber skylda til að fara rækilega í saumana á því og það er nýr forstjóri og stjórn að gera. Stjórnin hefur verið að vinna ágætis verk en það þarf bara að gera betur,“ segir Vilhjálmur.

Varðandi hugsanlega uppskipti hjá Strætó neitar borgarstjóri að slíkt sé í undirbúningi af hálfu



VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMSOON

Reykjavíkurborgar þótt hann útlöki ekkert eins og áður segi.

„Fyrst og fremst ber okkur sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu að tryggja að alltaf sé til staðar gott leiðarkerfi. Breytingin á leiðarkerfinu tókst á ýmsan hátt ekki nægilega vel. Menn hafa rætt eitt og annað en ennþá erum við í byggðasamlagi og vonandi verður það sameiginleg ákvörðun ef einhver breyting verður gerð en ekki að einhver einn og einn sé að fara út úr þessu.“

-gar

Dómur Hæstiréttar:

Þrjú ár inni fyrir nauðgun

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður, Edward Apeadu Koranteng, hefur verið dæmdur í Hæstirétti í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa þröngvað stúlku með ofbeldi til samræðis. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni eina milljón króna í miskabætur, auk riflega 400 þúsund króna í málsvarnarlaun.

Móðir stúlkunnar kærði atburðinn fyrir hönd dóttur sinnar, sem þá var fjórtán ára.

Í dómsskjöllum kom fram að brotið gegn stúlkunni hefði sótt mjög á hana og truflað daglegt líf hennar.

-jss

Hvert hneykslismálið á fætur öðru hefur skolið á ríkisstjórn Japans síðustu vikurnar:

Forsætisráðherra stendur tæpt í Japan

JAPAN, AP Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, reynir nú hvað hann getur til að bjarga stjórn sinni fyrir horn áður en þingi verður slitið hinn 23. júní. Vinsældir stjórnarinnar hafa hríðminnk- að undanfarið vegna hneykslismála, sem gætu orðið henni að falli í þingkosningunum 22. júlí.

Í gær vann stjórnarmeirihlutinn áfangasigur þegar vantrauststillaga á Hakuo Yanagisawa heilbrigðisráðherra var felld á þingi. Stjórnarandstaðan hafði látið verða af hótunum sínum um að leggja fram vantrauststillöguna ef stjórnin reyndi að hraða frumvarpi um lífeyrismál í gegnum þingið.

Frumvarpið er lagt fram vegna þess að opinber gögn um fimmtíu milljón lífeyrisþega hafa týnst. Með frumvarpinu, sem stjórnin hyggst fá samþykkt fyrir þinglok, verður lífeyrisþegum gert kleift að fá bætur sínar greiddar jafnvel þótt opinber gögn vanti.

Ýmis hneykslismál hafa skotið upp kollinum nýverið og hafa stjórnarliðar meðal annars verið sakaðir um að misnota almannafé og eiga hlut að samráði verktaka í útboðum.



SHINZO ABE Forsætisráðherra Japans berst fyrir lífi stjórnar sinnar þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

en hann átti að sitja fyrir svörum á þinginu. Matsuoka var sakaður um að hafa þegið fé frá verktökum sem höfðu fengið verkefni fyrir ríkisfyrirtæki.

Abe tók við forsætisráðherraembættinu í haust og naut mikilla vinsælda framan af, en þær hafa dalað mjög upp á síðkastið. Samkvæmt skoðanakönnun, sem dagblaðið Asahi birti á þriðjudag, eru aðeins 36 prósent landsmanna ánægð með frammistöðu hans í embættinu. Hann hefur ekki mælst með minni vinsældir frá því hann tók við embættinu í september.

Samkvæmt sömu skoðanakönnun eru það lífeyrismálin sem valda flestum Japönum mestum áhyggjum um þessar mundir. Auk frumvarpsins, sem á að bæta fyrir týndu gögnin, hyggst stjórnin leggja niður almanna- tryggingastofnun Japans og færa þess í stað yfirstjórn lífeyrismála til annarrar stofnunar.

Þessi mál varða gríðarlega marga íbúa landsins og miklir fjármunir eru í húfi.

-gb

REYKLAUSIR
VEITINGA- OG
SKEMMTIÐAÐIR

1. JÚNÍ 2007



LÝÐHEILSUSTÖÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000


FRÉTTABLAÐIÐ



Ef maður sefur úti á hverjum degi
lærir maður að klæða sig vel.

Ungbarnagalli kr. 4900. Nýir litir.

www.66north.is



Klæddu þig vel

SÓFAVEISLA

NÝJA SÓFABLAÐIÐ KEMUR Í DAG



30% AFSLÁTTUR

* **3.208** á mán/24 mán **59.980** áður: 89.980

BOSTON tungusófi B:240 D:95/153, fæst grár og dökkgrár



* Mánaðarleg meðaltals greiðsla á VISA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi

Viðbótarafsláttur 10.000 kr. aukaafsláttur ef keypt er sett 3+2



40% AFSLÁTTUR

* **3.208** á mán/24 mán

59.980 áður: 99.980

NOVELLO 3 sæta B:240 D:98 cm. B:212 D:98 cm, cox, eða beigje. Fæst einnig 2 sæta B:212 D:98 cm Kr. **49.980** áður 89.980 eða **3.421** á/mán/18 mán.



45% AFSLÁTTUR

* **3.208** á mán/24 mán

59.980 áður: 109.980

BUFFALO 3 sæta sófi WILD leður B:205 D:85 H:80 cm. Fæst einnig 2 sæta B:165 D:85 H:80 cm kr. **54.980** áður 99.980 eða **3.747** á mánuði/18 mán.

40% AFSLÁTTUR



* **3.797** á mán/36 mán

99.980 áður: 179.980

AMPLONA sófauppstilling B:365 D:155 H: 45/75 cm



DÝNUVEISLAN ENN Í FULLUM GANGI

LÁNIÐ LEIKUR VIÐ ÞIG

Ef þú tekur nýtt bílalan hjá Avant í júní færðu 10.000 kr. Innkort frá N1. Innkortið getur þú notað til að kaupa vörur eða þjónustu á öllum afgreiðslustöðum N1, til dæmis eitthvað fyrir bílinn eða grillið.

TAKTU LÁNIÐ HJÁ AVANT OG NJÓTTU SUMARSINS!



AVANT N1



„Íslensk blóm eru harðgerð, kröftug og fersk.“

Björn Sigurbjörnsson, garðyrkjumaður.

Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.
VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.

íslenskar
garðplöntur


George W. Bush Bandaríkjaforseti:

Stærstu ríkin semji

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti lagði í gær til að fimmtán af stærstu iðnríkjum heims settu sér á næsta ári sameiginlegt markmið um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Meðal ríkjanna fimmtán eru Bandaríkin, Indland, Kína og stærstu Evrópuríkin.

Með þessu vill Bush draga úr gagnrýni á Bandaríkin vegna afstöðu þeirra til loftslagsmála. Bandaríkin höfðu hafnað tillögum, sem ræða átti á fundi G8-ríkjanna í Þýskalandi í næstu viku. Nú verður þessi tillaga frá Bush framlag Bandaríkjanna á þeim fundi. - gb



GEORGE W. BUSH Reynir að draga úr gagnrýni á afstöðu Bandaríkjanna í loftslagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LÖNG OG ERFIÐ BIÐ Hildur þurfti að bíða í átta mánuði eftir að sonur hennar Kári Hrafn fengi greiningu á fötlun sinni. Áður en hún fékkst staðfest var ekki hægt að byrja að vinna markvisst með fötlunina. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Óttast áhrif biðlistanna

Hildur Friðriksdóttir, móðir þriggja ára einhverfs drengs, segir biðina eftir greiningu erfiða því vitað sé hve snemmtæk íhlutun er mikilvæg. Formaður Proskapjálfafélagsins hefur áhyggjur af stöðunni.

VELFERÐARMÁL „Við höfum verulegar áhyggjur af þessari stöðu,“ segir Salóme Þórisdóttir, formaður Proskapjálfafélags Íslands, um biðlistana sem hafa myndast hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins en þar bíða 270 börn eftir greiningu.

Stefán J. Hreiðarsson, barnalæknir og forstöðumaður stöðvarinnar, greindi frá því við Fréttablaðið í gær að reynt væri að forgangsraða börnum eftir bestu getu þannig að yngstu börnin sem grunur leikur á að búi við alvarlega fötlun komist sem fyrst að. Biðin væri þó orðin þannig að barn á leikskólaaldri gæti átt von á að bíða í meira en tvö ár og barn á grunnskólaaldri í um þrjú ár.

Þetta segir Salóme mjög slæma stöðu þar sem oft sé ekki hægt að hefja inngrip áður en greining fæst jafnvel þótt vandinn þyki nokkuð ljós. Meðal yngstu barnanna sé hver mánuður stór hluti lífaldurs þeirra og biðin geti bitnað illa á framtíðarhorfum barnanna.

„Þegar upp kemur grunur um að barnið manns sé með alvarlega fötlun er mjög erfitt að bíða með að fá staðfestingu á stigi fötlunarinnar. Fljótt lærðum við að snemmtæk íhlutun er grundvallaratriði og þá skapar það mikla vanlíðan og togstreitu að hafa ekki öll spilin á borðinu svo hægt sé að setja allt í fullan gang og fá þá



SALÓME ÞÓRISDÓTTIR

þjónustu sem í boði er,“ segir Hildur Friðriksdóttir, móðir Kára Hrafn, þriggja ára drengs með einhverfu. Hún þurfti að bíða í um átta mánuði eftir að sonur hennar, sem þá var tveggja ára, kæmist í greiningu þótt hann væri í forgangi.

Hildur segir að á meðan á biðinni stóð hafi hún leitað upplýsinga um einhverfu, meðal annars farið á námskeið hjá Greiningarstöðinni. Auk þess hafi fjölskyldan fengið ráðgjöf frá Þjónustumiðstöð Reykjavíkur og Sjónarhóli, og einhver vinna hafist. „Markvisst vinna með drenginn takmarkaðist þó mjög til að mynda vegna aðstöðuleysis í leikskóla og mannekl,“ segir Hildur. Hún segir tilfinninguna um að málin séu komin í farveg grundvallaratriði til að foreldrar geti farið að nýta orku sína í aðalatriðið, það er barnið sjálft.


„Allar rannsóknir benda til þess að því fyrr sem gripið er inn í málin, þeim mun betur vegni börnunum síðar meir. Þetta er verkefni sem verður að taka á því sú staða sem nú er bitnað mest á börnunum,“ segir Salóme.

karen@frettabladid.is



DREPTU

HALTU Í NEISTANN



NJÓTTU LÍFSINS ÁN SÍGARETTUNNAR

PRÓFAÐU NICOTINELL NIKÓTÍNTYGGIGÚMMÍÐ.
SAMA GÓÐA BRAGÐIÐ, NÚ Í NÝJUM PAKKNINGUM.
FÆST MED ÁVAXTA-, MINTU-, LAKKRÍS- OG NIKÓTÍNBRAGÐI.

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan, Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

Lagman - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Suðingur - Sundarvegur - Sæberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Bergarnes - Stýrkirkjubú -
Gönguferðir - Hlíðarvegur - Síðisvegur - Þorvaldsson - Pótreksferðir - Suðanvegur - Íslands - Hólmastandi - Skarpsfirsi - Húsavík - Kópavík -
Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík - Reykjavík

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

Frumskýndur um helgina

Upplifðu ósvikinn **kraft** og **fegurð**





Nýr alvöru jeppi frá **Bílabúð Benna**



„ORÐRÉTT“

Stuttur í spuna

„Því meir sem ég hugsa um þetta því frekar hallast ég að því að nokkurs konar textíldæmi verði í hávegum hafður í iðnaðarráðuneytinu næstu árin, þar verði spuna-rokkarnir þandir frá morgni til kvölds.“

PÉTUR GUNNARSSON

hux.blog.is, 31. maí

Naflaskoðun fjölmiðlamanns

„Íslenskir fréttamiðlar eru - eða hafa verið - hluti af gangverki íslenskra kunningja- eða klíkubjóðfélagsins. Þeir hafa í raun ekki haft neina sjálfstæða tilveru og verið sem snikjudýr á þessum þjóðarlíkama.“

JÓHANN HAUSSON

DV, 31. maí

nær og fjær
tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON, FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR

Ætlar á fullu í lögmennskuna

„Það er nú allt gott að fréttá,“ segir Guðjón Ólafur Jónsson, fyrrum þingmaður Framsóknarflokksins. „Ég vonast til að komast í langþráð fri,“ segir hann, en bætir við að hann hafi reyndar verið að koma frá Nýju-Lóráki Bandaríkjanna. Guðjón stefnir til Tenerife í júlí en vanrækir ekki heimahagana á meðan því fyrir dyrum standa miklar heimsóknir til ættingja og tengdafólks norður og austur á land.

Að auki á hann alltaf eftir að ganga frá lóðinni sinni svo sómi sé að og ætlar því að rækta garðinn sinn í bókstaflegum skilningi í sumar.

„Svo hellir maður sér bara á fullu í lögmennskuna,“ segir Guðjón, sem hefur sérhæft sig í málflutningi, gjaldþrota- og skaðabótamálum og umhverfisrétti í víðum skilningi.

„Maður býr líka að góðri þekk-

ingu á stjórnsýsluréttinum. Ég er svo heppinn að hafa alltaf haft nóg að gera í lögmennsku og ég kvíði ekki verkleysi.“

Tuttugu ára stúdentsafmælið kom allt of fljótt en Guðjón fagnar því samt um helgina.

„Ég var í stelpubekk í máladeild Menntaskólans í Reykjavík og hlakka mikið til að sjá skvisurnar aftur sem ég hef ekki séð í tuttugu ár.“

Hann gefur ekkert uppi um framtíðarþáttöku sína í pólitík, en sem kunnugt er stefndi Guðjón á þing í síðustu kosningum en náði ekki inn. „Tíminn verður bara að leiða í ljós hvað það verður í miklum mæli. Þetta er nú enginn heimsendir fyrir mig eða flokkinn. Ég er búinn að garfa í þessu í meira og minna í fimmtán ár,“ segir hann.



BJÓR

DRYKKUR GERMANA OG KELTA

■ Menn hafa bruggað bjór eða kornöl um alda-raðir og leifar af slíkum drykk hafa greinst í forvörðum mögum faraóanna. Öi var drykkur Germana og Kelta og barst frá þeim menningarþjóðum til Norðurlanda. Á fyrstu öldum Íslandsbyggðar og allt fram á 17. öld var kornöl aðal veislu-drykkur manna hér á landi. Það var bruggað úr malti og kallað mungát. Vegna skorts á korni dró smám saman úr ölgerð og með lögum frá 1900 var bannað að brugga áfengi á Íslandi. Bjór var ekki seldur á Íslandi á ný fyrr en árið 1989.



Mikilvægt að greina ráf aldraðra

Nemendur í meistaranámi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands kynna í dag lokaverkefni sín á opnum fyrirlestri í Eirbergi. Ída Arnardóttir er ein þeirra. Hún hefur rannsakað ráf meðal aldraðra á hjúkrunar- og vistheimilum.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á að vinna með heilabíluðum sem eru með hegðunartruflandi einkenni eins og ráf. Þetta er hópur sem heilbrigðisstarfsfólki finnst erfitt að sinna og það vantar tvímælalaust fleiri úrræði fyrir þetta fólk,“ segir Ída, sem er forstöðumaður á sambýli fyrir aldraða með heilabilun í Kópavogi.

Aldraðir með skerta vitræna getu vegna heilabilunar eiga það til að ráfa og stundum verður ráfið að vandamáli, til dæmis þegar viðkomandi ráfar út og týnist eða fer sér að voða. Í lokaverkefni sínu rannsakaði Ída, eðli, einkenni og algengi ráfs og áhrif vitrænnar getu á ráf.

„Ráf hefur ekki verið rannsakað áður hér á landi. Í svokölluðu RAIMati sem allir vistmenn á hjúkrunar- og öldrunarheimilum gangast undir er spurt hvort viðkomandi ráfi. Því er svarað jákvætt eða neikvætt en niðurstöðurnar hafa ekki verið

rannsakaðar frekar. Við rannsókn mína notaði ég þessar upplýsingar, auk bakgrunnsspurninga og ráf-kvarða Algase sem er amerískur mælikvarði sem ekki hefur verið notaður áður í Evrópu,“ segir Ída en með ráf-kvarðanum sem Ída býddi má greina ráfið í fimm tegundir: gönguárattu, rýmisskynstol, athyglisbreytingu, strok-hneigð, eltingu og heildarráf.

„Ég vona að þessi kvarði verði notaður í framtíðinni því þegar ráfið hefur verið greint er auðveldara að meðhöndla það,“ segir Ída og útskýrir að ólíkar meðferðir nýtist við ólíkum tegundum ráfs.

„Meðferð við ráfi er af ýmsum toga og alls kyns óhefðbundnar aðferðir eins og nudd eða ilmólum meðferðir hafa reynt vel. Margir eiga það til að ráfa upp frá matarborðinu og nærast því ekki sem skyldi. Ég hef prófað að spila tónlist við matarborðið en það fær fólk til þess að sitja lengur,“ segir Ída og bendir á að mestu skipti að viðhalda jafnvægi milli hvíldar og virkni svo einstaklingurinn ofreygni sig ekki.

Í rannsókn Ídu kemur fram að algengi ráfs er á bilinu 18,2 prósent til 29,7 prósent. Ekki er fylgni milli ráfs og aldurs eða kyns en hins vegar er skýr fylgni milli vitrænnar getu og ráfs. Þeir sem eru með mikla vitræna skerðingu ráfa meira.

Ída segir að þótt ráf geti vissulega verið vandamál hafi það einnig jákvæðar hliðar. „Hreyfingin er holl en það þarf að fylgjast vel með þeim sem ráfa og tryggja að umhverfi þeirra sé öruggt,“ segir Ída.

Ída kynnir niðurstöður rannsóknar sinnar í dag ásamt öðrum meistaranemum í hjúkrunarfræði. Fyrirlesturinn fara fram í Eirbergi og eru öllum opnir.

thorgunnur@frettabladid.is



ÍDA ATLADÓTTIR Ráf getur verið mikið vandamál enda eiga einstaklingar það til að ráfa út af stofnunum eða ofreyna sig á ráfinu. Ída segir mikilvægt að greina ráfið en vill líka að horft sé á jákvæðu hliðarnar sem felast meðal annars í hreyfingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

SJÓNARHÓLL
REYKINGABANNIÐ Á KAFFIHÚSUM
OG VEITINGASTÖÐUM

JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON
Stjórnarformaður Byrs.

Reykingar afar óaðlaðandi

„Ég er afskaplega ánægður með reykningabannið. Ég reyki ekki og það er mikill léttir að geta farið á veitingastað eða ölkra og vera ekki angandi af reyk á eftir. Það þírrar mig mest hvernig reykurinn leggst í fatnað og hár á fólk. Mér finnst það virkilega subbullegt. Ég hef verið talsvert í Noregi þar sem reykningabann tók gildi fyrir tveimur árum og ég finn gríðarlegan mun að vera þar inni á börum eða veitingastöðum. Það er algjör léttir. Maður finnur oft seiðing í hausnum daginn eftir þegar maður dvelur tímumum saman þar sem er reykt mikið,“ segir Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, sem staddur er í Úkraínu. „Hér er mikið reykt og nánast alls staðar. Það er afar óaðlaðandi.“

x e l e n t a



- gjafavörur
- steinljós
- kristallljós
- marmarastyttur
- bronsstyttur
- tréstyttur

Skeifan 7 - Reykjavík - Sími: 553 2882

Gengur yfir Grænlandsjökul til stuðnings Krabbameinsfélagsins:

Hvetur konur til að fara í skoðun

Þegar Marta Guðmundsdóttir greindist með brjóstakrabbamein í október 2005 einsetti hún sér að ná fullum bata og hét því að ganga yfir Grænlandsjökul að veikindunum afstöðnum. Hún lagði af stað yfir jökulinn 23. maí síðastliðinn og hefur nú lokið við um þriðjung leiðarinnar.

Ferðin er farin á vegum Krabbameinsfélags Íslands með stuðningi Deloitte og 66°N og er markmiðið tvíþætt. Annars vegar að safna fé til styrktar krabbameinsfélaginu og hins vegar að vekja konur til umhugsunar um mikilvægi þess að fara reglulega í skoðun. Meðan á göngunni stendur eru seld póstkort til styrktar Krabbameinsfélaginu sem Marta mun undirrita og póstleggja í Tassilaq þegar hún kemur niður af jöklinum.

Gústaf Gústafsson, markaðs- og fjárorflunarstjóri Krabbameinsfélagsins, segir að söfunin gangi vel. „Við erum ákaflega




BARÁTTUKONA Marta greindist með brjóstakrabbamein haustið 2005, var útskrifuð af sjúkrahúsi ári síðar og er nú að ganga yfir Grænlandsjökul þveran.

MYND/KRABBAMEINSFÉLAGIÐ

stolt af Mörtu enda er hún frábær fyrirmynd. Við hvetjum fólk til þess að setja sér markmið þegar það greinist með krabbamein og viljum vekja athygli á því að fólk á góða möguleika á að

ná fullum bata,“ segir Gústaf. Gönguleiðin er um 600 kílómetra löng og tekur um þrjár vikur. Hægt er að fylgjast með ferð Mörtu á síðunni: www.martag.blog.is

- þo



reddot design award

Gorenje þvottavélar

Fyrir íslensk heimili



1200 snúninga 5 kg:	54.900.-
1200 snúninga 6 kg:	67.900.-
1400 snúninga 6 kg:	72.900.-
1600 snúninga 6 kg:	79.900.-
1600 snúninga 7 kg:	109.900.-

- Mjög hljóðlátar
- Auðveldar í notkun
- Hristivörn
- Flæðivörn
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- 5-7 kg hleðsla
- 1200-1600 snúningar
- A í orkunýtni
- A í þvottahæfni

PIPAR • SÍA • 70083

REYKJAVÍK
Rönning
Borgartúni 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Rönning
Óseyri 2
Sími 460 0800


REYÐARFJÖRÐUR
Rönning
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Rönning
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is

Svona erum við

> Mjólkurkúr á Íslandi



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: G8-HÓPURINN

Samstarfsvettvangur hinna voldugu

Í næstu viku verður leiðtogafundur G8-ríkjanna haldinn í Heiligendamm í Þýskalandi, þar sem Angela Merkel kanslari verður gestgjafi. Gífurlega miklar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar fyrir fundinn þar sem búist er við áköfum mótmælum sem hæglega gætu snúist upp í ofbeldi.

Um hvað er rætt?

Árið 1975 stofnuðu sex stærstu iðnriki heims með sér óformlegan vettvang, sem einkum var ætlaður til þess að ræða efnahagsmál. Þessi ríki eru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ítalía, Japan og Þýskaland. Strax árið 1977 bættist Kanada í hópinn og árið 1998 bættist svo Rússland í hópinn. Smám saman urðu fundirnir vettvangur almennra umræðna um utanríkisráðgjafi og alþjóðamál í viðum skilningi, þar á meðal um hryðju-

verkaögn og hernaðaraðgerðir, umhverfismál og kjarnorku, þróunaraðstoð og umbætur á Sameinuðu þjóðunum.

Hvers oft hittist hópurinn?

Hugmyndin var frá upphafi sú að leiðtogar ríkjanna myndu hittast árlega, og hefur þeirri reglu verið fylgt alla tíð. Auk leiðtogafundanna eru reglulega haldnir ráðherrafundir, þar sem til dæmis utanríkisráðherrar eða fjármálaráðherrar ríkjanna átta hittast, og eru þessir fundir ýmist til að undirbúa leiðtogafundina eða til að ræða sérstaklega málsvið viðkomandi ráðherra.

Hvað er verið að gagnrýna?

Kraftmiklar mótmælaaðgerðir

hafa löngum fylgt leiðtogafundum G8-ríkjanna, ekki síst vegna þess að þarna eru saman komnir á einum stað leiðtogar voldugustu ríkja heimsins. Margir mótmælendanna hafa verið yfirlýstir andstæðingar alþjóðavæðing- ar, og þá einkum auknum völdum stórfyrirtækja og auðjöfra sem mótmælendurnir segja fylgja alþjóðavæðingu viðskiptalífsins. Leiðtogar G8-ríkjanna eru gagnrýndir fyrir að beita ekki áhrifum sínum til að berjast gegn vandamálum sem þeir eru sjálfir sagðir hafa búið til.



SPURT & SVAR

ENGIN HÁTÍÐARHÖLD Á SJÓMANNADAGINN

Heilagur dagur

Engin formleg hátíðardagskrá verður á Akureyri vegna sjómanna-dagsins á sunnudaginn eins og venja hefur verið undanfarnin ár. Konráð Alfreðsson er formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar.



KONRÁÐ ALFREÐSSON
Formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar

Af hverju verða

ekki formleg hátíðarhöld? „Peninga fyrir þeim hefur verið aflað með sölu aðgöngumiða að kvöldskemmtun á laugardegnum fyrir sjómanna-dag. Við höfum þurft að hafa þessa miða dýra til að fá inn peninga til að halda hátíðina. Útgerðirnar borguðu miðana til lengri tíma en hættu því. Þar með dró mikið úr aðsókninni.“

Er vitað af hverju útgerðirnar

hættu að styrkja þetta? „Nei, í sjálfu sér hefur ekki borist nein yfirlýsing um það af hverju. Hins vegar hefur maður á tilfinningunni, og dregur þá ályktun af framkomu útgerða í dag, að þær vilji sjómanna-daginn feigan.“

Er það auðvelt? „Nei, það er ekki auðvelt mál. Þetta er lagabundið og samningsbundið og við munum aldrei gefa það eftir. Þetta er heilagur dagur.“

Aðeins hægt að nálgast beztu lausn

Ýmsir hafa orðið til að gagnrýna gildandi kosningakerfi vegna þess til hve skringilegra niðurstaðna það komst í nokkrum tilvikum við útteilingu jöfnunarbingsæta í alþingiskosningunum. Þorkell Helgason, stærðfræðingur og ráðgjafi landskjörstjórnar, hefur gert gæðamat á útteilingu þingsæta í kosningunum og sagði blaðamanni Fréttablaðsins allt af létta um það.

Þorkell hefur haft afskipti af útfærslu íslenska kosningakerfisins og útreikningi á úrslitum kosninga allt frá því hann var sem forstöðumaður Reiknistofnunar Háskóla Íslands á sínum tíma beðinn að gera vissa útreikninga þegar flokkarnir sem þá áttu sæti á Alþingi hófu endurskoðun á kosningalögum árið 1982. Þorkell segist hafa lent í vissu mála-miðlara hlutverki við smíði kosningalaganna sem tóku gildi árið 1987. Að hans sögn eru þó aðalhöfundar núgildandi kosningalaga, sem tóku gildi árið 2000, þingnefndin sem vann frumvarpið að þeim og Friðrik Sophusson veitti forstöðu til að byrja með en síðan Geir H. Haarde.



ÞORKELL HELGASON „Það er aldrei hægt að finna beztu lausn nema með því sem flestir myndu telja flókinni aðferð. Það er aldrei hægt að fá með einfaldri aðferð lausn sem ekki hefur hættu á miklum skavönkum í sér fólgni.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Engin galdralausn til

Gagnrýnendum kosningakerfisins segir Þorkell að miðað við þau flóknu skilyrði sem kerfinu séu lögð til grundvallar standi það sig ágætlega. Það sé engin galdralausn til. „Menn eru sammála um það, að landinu eigi að vera skipt upp í kjördæmi og hvert kjördæmi eigi að fá sinn skerf af þingsætum. ... Hin nýrnfundin er sú að flokkarnir eigi að fá þingsæti í samræmi við landsfylgi,“ bendir Þorkell á. „Þegar búið er að binda þetta svona í báða skó – flokkarnir skuli fá þetta og kjördæmin hitt – þá er hægt að sýna fram á það stærðfræðilega að það er ekki til nein lausn sem úthlutar þingsætum þannig að allar eðlilegar gæðakröfur séu uppfylltar,“ segir hann.

Slíkar gæðakröfur snúa að atriðum eins og að hámarksfjöldi atkvæða sé að baki hverju þingsæti, að flokkarnir fái þingsæti í samræmi við landsfylgi, að flokkur geti ekki tapað þingsæti á því að bæta við fylgi sitt í þessu eða hinu kjördæminu og öfugt. Auk þess er samkvæmt núgildandi kosningalögum bundið hve mörg þingsæti skuli koma í hlut hvers kjördæmis.

Þorkell segir þessar forsendur allar gera úthlutun þingsæta að mjög erfiðu stærðfræðilegu úrlausnarefni. Þetta falli undir viðfangsefni stærðfræði af býsna hári erfiðleikagráðu og snúist um svonefnd þróunar- eða úthlutun- vandamál. Til að uppfylla allar gæðakröfur varðandi úthlutun þingsæta segir Þorkell að aðeins ein lausn sé til. Hún skili flokkunum því sem þeir eiga að fá á landsvísu og kjördæmunum sínum sætum. En hvers vegna er hún þá ekki notuð?

Hámörkunaraðferðin

„Það er vegna þess að slíka lausn er aldrei hægt að finna sem lögreglingar væru tilbúnir að kyngja, þótt hún sé vel framkvæmanleg

JÖFNUNARSÆTAHRINGEKJAN – DÆMI

Tilfærsla sæta við það að B-listinn í Reykjavíkurborgardæmi suður tapi 293 atkvæðum; í kjördæmi þar sem hann fékk ekkert sæti

Listabókstafur	B	D	F	S	V
Norðvesturkjördæmi					
Norðausturkjördæmi					
Suðurborgardæmi					
Suðvesturkjördæmi		-1			1
Reykjavíkurborgardæmi norður				1	-1
Reykjavíkurborgardæmi suður	1			-1	

En tapi B-listinn í Reykjavík norður 2 atkvæðum að auki, hverfur öll breytingin til baka.

HEIMILD: ÞORKELL HELGASON

stærðfræðilega.“ Þessa „beztu“ aðferð kallar Þorkell hámörkunaraðferðina, en hún skilar niðurstöðu sem úthlutar þingsætum þannig að margfeldi atkvæða að baki hverju þingsæti sé eins hátt og hugsazt getur. Gallinn væri bara sá að þessari aðferð væri ekki hægt að lýsa með skýrum hætti í lagatexta, „af því að hún byggir í raun á tilraunaúthlutunum“. Að meðaltali þurfi kannski að gera um tíu tilraunaúthlutunir, sem tölvan geri auðvitað á augabragði. En það væri ekki hægt að lýsa þessu í lögum öðru vísi en að segja: „Úthlutun þingsæta skal vera þannig að heildarmargfeldi atkvæða að baki þingsætum sé í hámarki. Punktur,“ segir Þorkell.

„Þá yrðu þingmenn og allir að reiða sig á að þeir tryðu þeirri stærðfræði, að það sé ekki til nema ein bezta lausn á þessu og að tölvan myndi alltaf finna hana.“ Þorkell segist vita að það þýði ekki að bjóða mönnum upp á slíka lausn en hún sé aftur á móti viðmið – því hún er „bezta“ lausnin og allar aðrar aðferðir hljóti að miðast við hana.

Meiri frávik nú en 2003

„Nýju kosningalögin stóðu sig býsna vel í kosningunum 2003, þá munaði aðeins einu tilviki að þau römbuðu á að gefa beztu lausn

ina,“ bendir Þorkell á. „Núna stóðu lögin sig mun verr. Frávikíð frá beztu lausn var í þetta sinn þannig að fimm framþjóðendur sem nú fengu þingsæti hefðu átt að vera úti og aðrir fimm inni. Þetta er mun stærra frávik en síðast.“

Þorkell segir slík „beztunarvandamál“ vera klassísk í stærðfræði (optimering á erlendum málum) og það gerist úti um allt í alls konar kerfum í kring um okkur, svo sem í tölvukerfum bíla. En stundum sé ekki hægt að finna albezta lausnina, einfaldlega vegna þess að það þyrfti óendanlega margar tilraunir til að nálgast hana. Í þessu beztunarvandamáli við úthlutun þingsæta sé það reyndar svo, að með hámörkunaraðferðinni komist maður að niðurstöðu sem ótvírætt er bezta lausnin. En það gerist ekki nema með þessum tölvu-tilraunaúthlutunum sem vart sé hægt að gera ráð fyrir að þingheimur myndi samþykkja. En það sé hægt að nálgast þá lausn. Hægt sé að búa til einfaldari aðferðir sem geri næstum því sama gagn.

Forsoksaðferðin

„Ég hef um tuttugu ára skeið hampað að aðferð sem hefur rambað á beztu lausn miðað við öll úrslit kosninga síðan árið 1987,“ segir Þorkell.

25 milljónir

Fjórfoldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

lotto.is



FIMMTÁN ÞÚSUND VASAKLÚTAR Á miðvikudaginn blöktu fimmtán þúsund hvítir vasaklútar fyrir utan þinghúsið í Brasília, einn fyrir hvern íbúa landsins sem fallið hefur fyrir skotvopnum á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindamenn á Nýja-Sjálandi finna fitusnautt gen í kúm:

Undanrenna beint af kúnni

Vísindamenn lífefnafyrirtækis á Nýja Sjálandi hafa komist að því að til eru kúr sem framleiða fitusnauda mjólk eða undanrennu, samkvæmt fréttavef BBC. Genið sem veldur þessari breytu var uppgötvað 2001 í kúnni Marge en genið kom einnig fram í nokkrum kvíga hennar. Með nánari rannsóknunum á genamengi þessara kúa telja vísindamenn möguleika á að hægt verði að koma upp hjörð af kúm sem eingöngu framleiða undanrennu.

Sumir aðilar í mjólkuriðnaðinum benda þó á að fita í mjólk sé ekki hættuleg sé hennar neytt í hófi og aukning á hjartasjúkdóm-

um og heilablóðföllum megi ekki rekja beint til fitu í nýmjólk. Ed Komorowski, tæknistjóri hjá Dairy UK, segir að á meðan það muni henta sumum mjólkurfyrirtækjum vel að fá undanrennuna beint af kúnni séu önnur fyrirtæki sem selji rjómann af mjólkinni í aðrar vörur. Nýmjólk er um 25 prósent þeirrar mjólkur sem seld er í Bretlandi í dag en afgangurinn er undanrenna eða léttmjólk. Hálfur lítri af nýmjólk inniheldur 3,5 prósent mettaða fitu, léttmjólk inniheldur 1,7 prósent mettaða fitu og undanrenna 0,1 prósent mettaða fitu.



UNDANRENNUGENIÐ Vísindamenn vonast til að hægt verði að fjölga kúm sem framleiða eingöngu undanrennu.

- lbb

Kynning!

Milli klukkan 17:00 og 19:00 föstudaginn 1. Júní verður kynning á sælkeraréttum veitingahússins Eldhúsið að Dalvegi 4.

Eldhúsið býður uppá ljúffenga kjöt- og fiskrétti að hætti Gallerí kjöts og Fiskisögu.

Nýr matseðill daglega!

Kynning á vörum Fiskisögu og Gallerí Kjöts

Matreiðslumeistarar grilla fyrir gesti og Ölgerðin verður með kynningu á staðnum.



Hann kalli hana forskotsaðferðina. Sumum finnst hún flókin. Hún virki þannig, að þegar komið er að jöfnunarsætunum sé spurt í hverju kjördæmi: hver er sá sem hefur mesta forskotið á næsta mann? Þetta forskotshlutfall ráði því síðan hvaða frambjóðandi fái fyrst úthlutað jöfnunarsæti, og síðan koll af kolli. Þetta skili að sínu viti betri úthlutun en núgildandi kerfi geri, en samkvæmt því er úthlutun jöfnunarsætanna þannig, að fyrst er búin til landsröð flokkanna, eftir landsfylgi þeirra. Svona er búin til forgangsroð að jöfnunarsætunum nú, sem líkja má við hlaðborð.

Hvort hægt sé að benda á betra kerfi en nú sé við lýði sé þó ekki aðalatriðið, að sögn Þorkels. „Móralinn í sögunni“ sé samt þessi: Það verður ekki bæði á einfaldleika og gæði kosið. „Það er aldrei hægt að finna beztu lausn nema með því sem flestir myndu telja flókinni aðferð. Það er aldrei hægt að fá með einfaldri aðferð lausn sem ekki hefur hættu á miklum skavönkum í sér fólgni,“ segir Þorkell.

Loks vekur Þorkell athygli á því, að í stjórnarskránni/kosningalögnum sé í raun verið að segja mót-sagnakennda hluti: Annars vegar séu hér kjördæmi þar sem vægi atkvæða er helmingi meira í einu en öðru, og hins vegar sé ætlað til að þegar landið er skoðað í heild séu því sem næst jafnmörg atkvæði að baki hverju þingsæti. Þess vegna sé spennandi að velja fyrir sér allt öðruvísi lausnum.

Landið eitt kjördæmi?

„Margir nefna og mér sýnist það njóta vaxandi stuðnings að gera landið að einu kjördæmi. En þá myndist mér að þyrfti að bæta allmörgu við,“ segir Þorkell. Til að valkostir kjósandans í kjörklefanum væru ekki bara listar með 126 nöfnum frambjóðenda þá yrði annað hvort, að mati Þorkels, að lögþjóða einhvers konar prófkjör, og þá helzt þannig að þau væru leynileg og til dæmis haldin sama daginn hjá öllum flokkum svo að „menn geti ekki valsað á milli flokka“.

Hinn kosturinn væri sá að gera kjósendum kleift að velja sér menn af þessum eina stóra landslista hvers flokks. „Svo mætti hugsa sér að ganga enn lengra og hafa hlaðborð, eins og Vilmundur Gyfason heitinn lagði til, að kjósendur gætu valið menn af hinum ýmsustu listum,“ segir Þorkell. Kerfið á Írlandi bjóði upp á tilbrigði við þetta.


Svo séu til blandaðar leiðir eins og þýzka kosningakerfið, þar sem helmingur þingmanna er kjörinn í einmenningskjördæmum og hinn helmingurinn af listum. Kjósandinn hefur í raun tvö atkvæði, annars vegar til persónukjörs og hins vegar listakjörs. Yfirfært á Ísland væri hægt að hugsa sér um 30 manna landslista og persónukjör í annað hvort ein-, tví- eða þrímenningskjördæmum.



Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið.



Ævintýralegar fiskbúðir



Veitingahús Dalvegur 4



Í kjöti erum við bestir

verslanir Fiskisögu Dalvegur 4 Tjarnarvellir 15 Búðakór 1 Hamraborg 14a Skipholt 70 Höfðabakka 1 Nesvegi 100 Sundlaugavegi 12 Háaleitisbraut 58-60 Ægisbraut 29, Akranesi	verslanir Gallerí Kjöts Dalvegur 4 Tjarnarvellir 15 Búðakór 1 Grensásvegi 48
---	--

Verði þér að góðu!



FRÉTTAVIÐTAL
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
8.168 +0,11%Fjöldi viðskipta: 575
Velta: 8.074 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ ATLANTIC PET. +5,22%
GLITNIR +1,62%
ALFESCA +1,58%

MESTA LÆKKUN

↓ TEYMI -2,84%
ACTAVIS -1,30%
FLAGA -0,95%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,80 -0,78% ... Actavis 83,30 -1,30% ... Alfesca 5,16 +1,58% ... Atlantic Petroleum 1.410 +5,22% ... Atorka 8,08 +1,00% ... Bakkavör 70,90 -0,28% ... Eimskipafélagið 42,75 +0,00% ... FL Group 29,50 +0,17% ... Glitnir 28,30 +1,62% ... Kaupþing 1.104 +0,09% ... Landsbankinn 37,40 -0,13% ... Marel 84,80 -0,24% ... Mosaic Fashions 16,70 -0,60% ... Straumur-Burðarás 21,40 -0,47% ... Össur 109,50 -0,46%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Google til skoðunar

Samkeppnisyfirlit í Bandaríkjunum kanna nú hvort kaup bandaríska netfyrirtækisins Google á netauglýsingafyrirtækinu DoubleClick brjóti í bága við samkeppnislög. Google greindi frá því um miðjan apríl að samkomulag hefði náðst um yfirtöku á DoubleClick fyrir 3,1 milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði 203,7 milljarða íslenskra króna. Þetta er langstærstu fyrirtækjakaup Google til þessa. Microsoft og fleiri fyrirtæki sem etja kappi við Google um hlutdeild á netmarkaðnum þrýstu í kjölfarið á að samkeppnisyfirlit skoði viðskiptin enda stefni í að Google nái yfirgnæfandi stöðu á netauglýsingamarkaði. Gert er ráð fyrir að niðurstaða fái stóran áhrif á málið eftir tvo mánuði.

Léttir hjá Airbus

Arabíska flugfélagið Qatar Airways skrifaði í vikunni undir samning um kaup á 80 A350 farþegaþotum frá Airbus. Heildarvirði samningsins nemur 16 milljörðum Bandaríkjadala, 993,8 milljörðum íslenskra króna. Þetta er einn stærsti samningur sem Airbus hefur gert til þessa og áreiðanlega nokkur léttir fyrir frönsku flugvéla-smiðina. Til merkis um mikilvægi samningsins voru ráðamenn Frakklands og Katar viðstaddir hátiðlega athöfn þegar forstjórur Airbus og Qatar Airways undirrituðu samninginn í frönsku forsetahöllinni í París á miðvikudag. Airbus hefur glímt við mikla álitshnekkni í kjölfar tafa á framleiðslu A380 risaþotu fyrirtækisins sem í raun hefur reynst fyrirtækinu dragbítur.



MARKAÐSPUNKTAR...

Í gær var fimm ára tryggingarálag Landsbankans nítján punktar, Kaupþings 29 og Glitnis 24. Tryggingarálag Landsbankans hefur lækkað um 21 punkt frá ársbyrjun 2006, Kaupþings um þrettán og Glitnis um átta. Greining Glitnis segir frá.

Hagvöxtur í Bandaríkjunum á fyrsta fjórðungi ársins var 0,6 prósent á ársgrundvelli. Það er minni hagvöxtur en gert var ráð fyrir.

Century Aluminum kynnti í gær hlutafjárútböð þar sem seldir verða 7.250.000 nýir hlutir. Útgáfunni er beint að fagfjárfestum. Ábyrgðar-aðilar útboðsins, Kaupþing og Landsbankinn, eiga rétt á kaupum á allt að 1.087.500 hlutum til viðbótar ef umfram eftirspurn myndast.

Flaga tapar 37 milljónum

Flaga tapaði 605 þúsund Bandaríkjadöllum eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2007. Það samsvarar um 37,4 milljónum íslenskra króna. Tapað á sama ársfjórðungi í fyrra nam 877 þúsund Bandaríkjadöllum. EBITDA-framlegð, rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, var neikvæður um 202 þúsund Bandaríkjadöllum. Tekjur ársins námu 7,2 milljónum Bandaríkjadöllum sem var samdráttur upp á 2,4 prósent.

Í tilkynningu frá Flögu segir að endurskipulagningu á starfsemi Emblu, svefnrannsóknarverkefni félagsins, sé nú farsællega lokið. Verkefnið fram undan sé að styðja við vöxt félagsins og afgerandi skref hafi verið tekin í þá átt. Yfirstjórn Flögu sé bjartsýn á að markmiðum þessa árs verði náð. Líkur á langtímarekstrarárangri félagsins séu góðar. -hhs

Yfirtökuslagur í Vestmannaeyjum

Bræðurnir frá Rífi bjóða sex milljörðum króna meira í Vinnslustöðina en sem nemur tilboði ráðandi hluthafa. Binni í Vinnslustöðinni reiknar hvorki með að Eyjamenn taki tilboði Stillu né hækki sitt eigið boð.

„Fyrirætlanir um að taka félagið úr Kauphöll á grundvelli þessarar verðlagningar hugnast ekki mínunum umbjóðendum,“ segir Hróbjartur Jónatansson hrl. sem er talsmaður Stillu. Baráttan um yfirtöku yfir Vinnslustöðinni tók á sig nýja mynd í gær þegar bræðurnir Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir frá Rífi á Snæfellsnesi greindu frá því að þeir myndu í nafni Stillu leggja fram 85 prósent herra gagntilboð í allt hlutfé Vinnslustöðvarinnar en yfirtökutilboð Eyjamanna ehf. hljóðar upp á. Stilla ætlar að greiða 8,5 krónur á hlut en Eyjamenn, sem framkvæmdastjórnir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson og ráðandi hluthafar úr Eyjum fara fyrir, bjóða hins vegar 4,6 krónur.

Stilla og tengdir aðilar fara með ríflega fjórðungshlut í Vinnslustöðinni en þó er sennilegt að raunverulegur hlutur þeirra sé yfir 32 prósentum. Eyjamenn eiga rúman helming hlutfjár og hafa auk þess stuðning annarra hluthafa.

Forsvarsmenn Stillu ætla ekki að breyta áherslum í starfsemi félagsins ef yfirtakan gengur eftir. „Það eru áfram kjöraðstæður í Eyjum fyrir svona rekstur,“ segir Hróbjartur. Ólíkt áformum Eyjamanna ætlar Stilla að reyna að halda félaginu skráðu í Kauphöllinni og stuðla að dreifðari eignaraðild en nú er með því að bjóða öðrum fjárfestum bréf til kaups.

Umtalsverður hluti kaupverðs Stillu verður fjármagnaður með lánsfé en Landsbankinn

ábyrgist greiðslur. Miðað við tilboð félagsins er Vinnslustöðin metin á 13,3 milljarða króna, sem er 6,1 milljarði króna yfir tilboði ráðandi hluthafa. Hróbjartur segir að menn reikni ekki með því fyrirfram að 70 prósent hluthafa selji en útiloki það ekki heldur. „Menn vænta þess að þeir hluthafar sem vilja selja taki ákvörðun um það á viðskiptalegum forsendum.“

Forvígismenn Stillu telja að tilboð Eyjamanna sé fjarríki því að endurspegla raunverulegt virði Vinnslustöðvarinnar þegar tekið er tillit til afkomu og eigna eins og aflaheimilda. Eyjamenn eru á öndverðum meiði og benda á að sjóðstreymislíkan tveggja banka gefi að verðmatsgengi Vinnslustöðvar-

innar sé 4,7-5,0 krónur á hlut miðað við óbreyttan rekstur til framtíðar. Talið er að virði á aflaheimildum félagsins fari yfir tuttugu milljarða króna ef þær væru leystar upp.

„Við munum hittast og fara vel yfir málin en ég reikna ekki með að við gerum neitt. Það er öllum frjálst að bjóða,“ segir Sigurgeir Brynjar eða Binni í Vinnslustöðinni. Hugmyndin með yfirtökutilboði Eyjamanna var sú að eiga félagið og reka það. Hann reiknar með því að Eyjamenn ehf. eigi áfram hlutinn, en býst ekki við því að félagið hækki tilboð sitt til annarra hluthafa Vinnslustöðvarinnar. „Það er ekki bæði hægt að eiga kókuna og éta hana.“

eggert@frettabladid.is



Deuter - bakpokaframleiðandi árs



Millet Hiker 38 I

Frábær dagpoki.
Innbyggð regnvörn.Verð **12.990** kr.

Hiker 28 I verð: 10.990 kr.

Hiker 22 I verð: 9.990 kr.



Deuter Futura 32 AC

Futura línin, sú mest seldi í Evrópu!
Dagpoki ársins í Outdoor tímaritinu 2004 og 2006.
Regnvörn, Aircomfort burðarkerfi, 32 lítrar.Verð **10.990** kr.

Futura 22 l.: 8.990 kr.

Futura 28 l.: 8.990 kr.

Futura 38 l.: 12.990 kr.



Aircontact pokarnir frá Deuter eru með stillanlegu baki, óviðjafnanlegu loftflæði, og innbyggðum regnpoka. Frábærir í lengri ferðir.



Deuter Aircontact

50+10 SL

Dömpoki í Aircontactlínunni frá Deuter. Sérhannaður fyrir konur.

Verð **21.990** kr.

Mæla með sölu í FL

Virði FL Group er 25,5 krónur á hlut samkvæmt nýju verðmati sem greiningardeild Landsbankans sendi frá sér í gær. Vænt verð á hlut í félaginu eftir tólf mánuði er 28,9 krónur.

Miðað við forsendur greiningardeildarinnar þarf FL Group að ná um þriggja prósentu umframávöxtun á næstu fimm árum og í framhaldinu 0,75 prósentu umframávöxtun. Það mun vera í samræmi við árangur þeirra fjárfestingafélaga sem gengið hafa best af þeim sem greiningardeildin hefur skoðað. Mælir hún með að fjárfestar minnki eign sína í FL Group og undirvogi bréf félagsins.

Athuganir greiningardeildarinnar gefa til kynna að fjárfestar geri ráð fyrir að FL Group muni ná um fimm prósentu umframávöxtun á næstu fimm árum og eins prósentu umframávöxtun eftir það til eilífðar.

Það samsvarar um 34 prósentu árlegri arðsemi eiginfjár næstu fimm árin og 19 prósentu árlegri arðsemi eiginfjár eftir það. Þótt greiningardeildin verðmeti félagið á 25,5 krónur á hlut er hún ekki sannfærð um að markaðurinn muni verðleggja það á sama hátt um þessar mundir. Enda séu aðstæður á markaði hagfelldar.

- hhs

Royal & Sun Alliance býður í Codan

Sampo hyggst ekki leggja fram boð í Royal & Sun.

Breska fjármálfyrirtækið Royal & Sun Alliance (RSA) hefur fallist á að greiða yfir 71 milljarð króna fyrir 28 prósent hlutfjár í danska tryggingafélaginu Codan sem er um fimmtán prósentu yfirverð. Royal & Sun átti fyrir 72 prósent og ætlar að afskrá Codan úr dönsku kauphöllinni nái félagið undir sig níutíu prósent hlutfjár.

Forsvarsmenn RSA hafa skilgreint Skandinavíu sem einn af sínum þremur meginmörkuðum eftir að það varð hreint váttryggingafélag árið 2002.

Miklar vangaveltur hafa verið uppi um yfirtöku á Codan eftir að Sampo Group, þar sem Exista er stærst, hagnaðist verulega á

bankasölu í desember á síðasta ári. Forsvarsmenn Sampo hafa lýst því yfir að danski tryggingamarkaðurinn sé spennandi kostur og jafnvel var búist við að félagið byði í Codan. Úr því verður varla, enda hefur RSA töglin og hagldirnar í Codan.

Sá möguleiki var einnig fyrir hendi að Sampo byði í RSA. Björn Wahlroos, forstjóri Sampo Group, lýsti því yfir við dagblaðið Kauppalehti að það sé ekki í spilunum.

Gengi hlutabréfa í Codan er nú komið yfir yfirtökutilboðið sem er til marks um það að stórir hluthafar vilji sjá hærra boð frá Bretunum.

- epa

Vöruskipti versnuðu í apríl

Vöruskipti við útlönd í voru óhagstæð um 11,3 milljarða króna í apríl, samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær. Þetta er 1,1 milljarði króna meira en í sama mánuði í fyrra.

Samkvæmt Hagstofunni voru vörur fluttar út fyrir 19,0 milljarða króna og inn fyrir 30,3 milljarða króna. Innflutningur stendur nokkuð í stað á milli mánaða en útflutningur í apríl tók snarpa dýfu frá marsmánuði þegar hann nam þrjátíu milljörðum króna.

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Glitnis, segir vissst bakslag hafa komið á útflutninginn milli mánaða. Minni



Ál Útflutningur á áli dróst saman í apríl miðað við mánuðinn á undan. Sérfræðingur hjá Glitni telur um tímabundið ástand að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

útflutningur á skipum og flugvélum, sem séu óreglulegir liðir, hafi skekkt tölurnar í janúar og mars auk þess sem útflutningur á sjávarafurðum og áli hafi verið minni í apríl en í mars. „Þetta gerir útflutninginn í apríl ansi rýran,“ segir Jón og bætir við að líklega sé bakslag í álútflutningi tímabundið ástand.

Jón segir það vissst áhyggjuefni að innflutningur á varanlegum og hálfvaranlegum neysluvörum, að bílum undanskildum, hafi aukist á milli ára. „Innflutningurinn er enn glettilega sprækur. Við sjáum ekki vísbendingar um að einkaneysla sé að dragast saman,“ segir hann.

- jab

Jenið nálgast hálfu krónu

Jenið hefur ekki verið lægra gagnvart krónu í tæp níu ár. Íslendingar sem eru með lán í jennum hafa hagnast verulega frá áramótum.

Japanska jenið hefur veikt hvað mest af helstu viðskiptamyntum heimsins gagnvart íslensku krónunni það sem af er ári. Þegar gjaldveyrismarkaðurinn lokaði í gær hafði krónan styrkst um 12,2 prósent frá áramótum, mest gagnvart jeninu eða um tæp fimmtán prósent. Eitt jen kostaði þá um 50,72 aura og var þá komið í lægsta gildi gagnvart krónu í tæp níu ár.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir að væntingar um að jenið myndi styrkjast þar sem japanska hagkerfið væri að komast aftur á skrið hefðu ekki gengið eftir og því hafa þarlandir vextir hækkað minna en reiknað var með. Ennfremur er japanska jenið undir þrýstingi til veikingar frá svokölluðum „karrý-spákaup-

mönnum“ sem eru að fjármagna sig í lágvaxtamyntum, eins og í jennum, og kaupa svo eignir í hávaxtamyntum.

„Þetta er samspil af þessum aðstæðum í Japan, sem eru ekki alveg eins og bjartar og menn voru að

LÆKKUN HELSTU MYNTA GAGNVART KRÖNU Á ÁRINU	
Japanskt jen	-14,9%
Sænsk króna	-14,5%
Svissneskur franki	-13,6%
Bandaríkjadalur	-12,7%
Sterlingspund	-12,5%
Gengisvísitalan	-12,2%
Evra	-11,7%
Dönsk króna	-11,6%
Norsk króna	-10,7%
Kanadadalur	-5,1%

Heimild: Glitnir

vonast eftir, og svo þessari stöðu á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum þar sem menn eru í stöðugri leit að ávöxtun og nota vaxtamun til að spila áfram.“

Jenið skiptir íslenskan almennig meira máli en áður, enda er myntin vinsæl við töku erlendra lána sökum lágs vaxtastigs í Japan. Svissneski frankinn, annar stöðugur gjaldmiðill þróaðs ríkis, er einnig vinsæll við lántökur. Miðað við gengisþróun íslensku krónunnar á árinu hafa íslenskir lántakendur í jennum hagnast sem birtist í lækkandi greiðslubyrði. Björn Rúnar telur þó að það sé meiri áhætta varðandi jenið um að það muni styrkjast ef Japan fer í gang aftur heldur en að frankinn styrkist.

eggert@frettabladid.is



Þessins hjá þýska alpaklúbbnum 2005



Deuter Aircontact 65+10 l
Poki ársins í sínum flokki árið 2004 og 2006 hjá Outdoor tímaritinu.
Verð **23.990 kr.**
Einnig 60+10 l.: 23.990 kr.



Deuter Aircontact 75+10 l
Stór poki í Aircontact línunni. Fyrir þá sem fara lengra!
Verð **25.490 kr.**

Fyrir göngu- garpa sumarsins



Í minningu fjölmiðlalaga sem urðu ekki að veruleika:

Forsetinn og fjölmiðlarnir

JÓN KALDAL SKRIFAR

Í ræðu sinni við setningu Alþingis í gær hrósaði forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, frammistöðu fjölmiðla landsins í aðdraganda nýafstaðinna kosninga. Eftir að hafa farið nokkrum orðum um þróttmikla lýðræðishefð hér á landi vék forsetinn að þætti fjölmiðlanna með þessum orðum: „Að auki veitti nú fjölmiðlalaflóran öllum flokkum fjölþætt tækifæri til að koma boðskap til skila. Hin margradda umræða í sérhverjum miðli er ótvíræð framför frá fyrri árum þegar flokksmálgögnin þrengdu að og umræðuþættir í ljósvakamiðlum voru fáir.“

Forsetanum eru hér með þökkuð hlý orð. Okkur á Fréttablaðinu þykir hrósið gott og teljum okkur eiga hluta í því.

Fyrir áhugamenn um forsetann, fjölmiðla og stjórnmálalífið er athyglisvert að leggja í orlúttinn lestur á milli lína þessa kafla. Sérstaklega þar sem forsetatíðar Ólafs Ragnars mun vafalítið einna helst verða minnst fyrir að hann varð fyrstur forseta lýðveldisins til þess að sýnja lögum staðfestingar, sem einmitt voru lögð fram til höfuðs frjálsum fjölmiðlum landsins.

Auðvelt er að gera sér í hugarlund að forsetinn hafi með orðum sínum í ræðustóli Alþingis í gær verið að kinka kolla til vorsins 2004 þegar allt ætlaði um koll að keyra vegna þessara áförmu þáverandi ríkisstjórnar.

Fjölmiðlalögin sem ríkisstjórnin hafði fengið samþykkt á Alþingi voru ekki annað en illa dulbúinn draumur ákveðinna stjórnmálanna um að koma á föstum tókum ríkisvaldsins yfir einkareknum fjölmiðlum.

Með setningu sérstakra fjölmiðlalaga átti að tryggja að fjölmiðlarnir gætu sinnt þeirri skyldu sinni gagnvart almenningi að birta ólíkar skoðanir, fjölbreytt sjónarhorn, veita yfirvöldum og sterkum hagsmunaaðilum aðhald og efla lýðræðislega umræðu, sem er einmitt það sem fjölmiðlarnir eru sífellt að streða við, án þess að sérstök lög þurfi til.

Staðreyndin er sú að íslensk fjölmiðlun er í ágætis lagi. Auðvitað má þar ýmislegt styrkja og lagfæra eins og í öllum rekstri en það er ekkert sem lagasetning á borð við margboðuð fjölmiðlalög getur bætt úr um.

Fjölbreytni fjölmiðlanna er margfalt meiri en hún var á dögum flokksblaðanna og einkareksturs ríkisins á ljósvakamarkaði. Einkareknir miðlar stóðu til dæmis sína vakt með þryði í umfjöllun um kosningabaráttuna og báru af í sumum tilfellum. Kosningaumfjöllun Stöðvar 2 var til fyrirmyndar og Silfríð hans Egils Helgasonar á sömu stöð langbesti umræðuþátturinn um pólitíkina.

Fjölmiðlalögin náðu ekki fram að ganga sumarið 2004, þökk sé forsetanum. Á hverju þingi síðan þá hafa verið lögð fram samsvarandi lagafrumvörp. Góðu heilli hefur ekkert þeirra verið samþykkt.

Orð forsetans á þingi í gær verða vonandi lóð á vogarskálur þess að öll slík áform verði lögð til hliðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nei eða já, af eða á

Enn er ekki útséð með stefnu stjórnarflokka um Norðlingaöldveitu, þrátt fyrir stór orð samfylkingarmanna. Sú saga gengur fjöllum hærra að fyrsti fundur forsætisráðherra eftir að stjórnin tók við völdum hafi verið við Friðrik nokkurn Sophusson. Nýlegar yfirlýsingar Landsvirkjunar um framtíð veitunnar benda ekki til að hann hafi fengið þvert nei á þeim fundi. Stefna Samfylkingarinnar virðist ekki ætla verða skýrari eftir hún komst í stjórnina. Gamall lagstúfur með hljómveitinni Stjórninni rifjast upp þegar stefna flokksins er athuguð. „Nei eða já? Af eða á? Erfitt er oft að finna svarið.“



Textílsþuni í netheimum

Unnendur svokallaðs gæðabloggs hafa eflaust rýnt í rímu þeirrar Péturs Gunnarssonar framsóknarmanns og Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra. Í netheimum deila þeir hart um hvor sé meiri spunameistari. Eins og venja er meðal þessara gæðabloggara eru dásamlegar myndlíkingar þræddar inn í textann af kostgæfni. „Ráðuneyti textíliðnaðarins“ er heitið sem Pétur gefur iðnaðarráðuneytinu. Össur talar svo um fulltrúa spinnandi stétta, spunahjól örlaganna og menn sem hafa haft flokkslegt taugakerfi framsóknar í gómum fingra sinna. Þótt lestur þessara deilna sé ómetanlegur er hægt að taka innihald þess saman í setningarnar. „Þú ert meiri spunakerling en ég.“ „Nei, þú.“

Ryskingar ritvallarins

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði nýafstaðnar kosningar vitnisburð um að lýðræðishefð væri hér sterk og lauk lofsorði á fjölmiðlalaflóruna í aðdraganda kosninga þegar hann setti 134. löggjafarþing þjóðarinnar í gær. Þótti sumum sem þessi orð hans bentu til þess að forsetinn hefði áhuga á að taka við ritstjórnstöðu á næstunni en kosið verður í embætti forseta á næsta ári. Ljóst er að mikill hluti ritstjóra landsins kemur úr röðum sjálfstæðis- og þætti eflaust mörgum fengur í reyndum blaðamanni af Tímanum og þrautþjálfuðum Allaballa á ritvöllinn.



karen@frettabladid.is

Sigur Davíðs

Þegar Tony Blair vann kosningasigur í Bretlandi 1997, birti bandaríska vikuritíð Newsweek mynd af Margréti Thatcher á forsíðu undir fyrirsögninni „Sigur Thatchers“. Það voru orð að sönnu, því að Blair vék lítt frá þeirri stefnu, sem Thatcher hafði markað frá 1979 við heiftarlega andstöðu flokksystkina Blairs. Hinn nýi forsætisráðherra Verkamannaflokksins hafði óbeint viðurkennt, að járnfrúin hafði haft rétt fyrir sér. Þegar Samfylkingin gekk til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn eftir kosningarnar 12. maí 2007, gerðist svipað. Fylgt var nær óbreyttri stjórnarstefnu. Þetta var sigur Davíðs Oddssonar. Eftir hörd átök fyrri ára viðurkendi hinn nýi samstarfsflokkur óbeint, að Davíð hafði haft rétt fyrir sér.

Við erum fljót að gleyma. Þegar Davíð Oddsson myndaði fyrstu ríkisstjórn sína 30. apríl 1991, þótti eðlilegt, að ríkið ræki atvinnufyrirtæki í samkeppni við einkaaðila. Enn sjálfsgaðara var talið að ríkið styrkti þau fyrirtæki, sem gætu ekki staðið á eigin fótum. Skattar á fyrirtæki voru þungir, 45%, þótt fæst greiddu þá vegna tapreksturs. Skattar á einstaklinga voru einnig þungir. Verðbólga hafði um langt skeið verið miklu meiri en í grannríkjunum og þrálátur hallarekstur á ríkissjóði. Stjórnmálamenn og umboðsmenn þeirra skömmtuðu mestallt tiltækt fjármagn, og þá skiptu flokkskírteini ósjaldan meira máli en hæfileikar til nýsköpunar.

Davíð lagði til atlögu við þennan Golíat. Hann tæmdi hjá sér biðstofuna með því að leggja niður opinbera sjóði. Hætt var að nota almannafé til að halda uppi taprekstri fyrirtækja. Með aðhaldi í peningamálu og ríkissfjármálum hjaðnaði verðbólga niður í hið sama og í grannlönd-



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Í DAG | Arfleifð Davíðs Oddssonar

unum (en þjóðarsáttin svonefnda frá 1990 snerist í raun aðeins um tímabundna verðstöðvun). Hallarekstri ríkisins var snúið í afgang, sem nýttur var til að greiða upp skuldir. Skattar á fyrirtæki voru lækkaðir í 18%, en skatttekjurnar jukust samt stórkostlega. Þær runnu til stóruáukinnar velferðaradstöðar. Á Íslandi eru barnabætur til láglanafólks og líffeyristekjur að meðaltali hæstar á Norðurlöndum. Fátækt er hér samkvæmt alþjóðlegum mælingum ein hin minnsta í heimi og tekjuskipting tiltölulega jöfn.

Eignaskattur, sem bitnað hafði á öldruðu fólki með lágur tekjur og talsverðar eignir og þess vegna verið kallaður ekkna-skattur, var felldur niður. Erfðafjárskattur var stórlækkaður. Tekjuskatturinn, sem ríkið innheimtir af einstaklingum, lækkaði úr 31% í 23% á tíu árum. Þó hafa skatttekjur ríkisins af þessum skatti stóraukist. Áður hafði ríkissjóður haft litlar sem engar tekjur af fjármagnseigendum, enda hafði arður verið litill í fyrirtækjum, húsaleigutekjur lítt komið fram í skattframtölum og vaxtatekjur verið skattfrjálsar. Nú varð til nýr fjármagnstekjuskattur, sem reynst hefur ríkinu drjúg tekjulind. Hinar stórfelldu skattalækkanir frá 1991 hafa skilað stórkostlegum árangri.

Einkavæðingin skilaði ekki síður árangri. Fyrirtæki ríkisins

voru seld fyrir mikið fé, röska 100 milljarða króna. Það var eins og þau lifnuðu þá við, sérstaklega viðskiptabankarnir. Önnur tegund einkavæðingar fólst í því, að fjármagn, sem áður var óvirkt, eigendalaust, óskráð, óveðhæft og óframseljanlegt, varð nú virkt. Það var leyst úr læðingi í orðsins fyllstu merkingu. Þetta á bæði við um samvinnufyrirtæki og fiskistofna, en árin eftir 1990 festist kvótakerfið í sessi og er nú ófundarefni annarra þjóða, sem tapa stórfé á fiskveiðum. Mikið fjármagn hefur safnast saman í íslensku lífeyrissjóðunum, sem eru að fyllast, á sama tíma og lífeyrissjóðir margra grannþjóða eru að tæmast. Hina ævintýrlegu útrás síðustu ára má rekja til þess, að hér myndaðist feikilegt nýtt fjármagn, um leið og fyrirtækjum var búið hagstætt umhverfi.

Stjórnaðarmáli Þingvallastjórnarinnar nýju ber með sér, að Samfylkingin vill læra af reynslunni. Þar er lögð áhersla á að skapa íslensku atvinnulífi samkeppnishæft umhverfi. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem forðum virtist lífa og nærast á andstöðu við Davíð Oddsson, tekur nú undir þau sjónarmið, sem hann beitti sér fyrir. Áður hafði gamall mótherji Davíðs, Ólafur Ragnar Grímsson, vakið á sér athygli með ötulum stuðningi við íslensku útrásina. Sinnaskiptum þessara fornu fjandmanna Davíðs ber að fagna. Sumir eru önnur kafnir að strika út af listum, til dæmis Jóhannes í Bónus, eins og hlærmt varð í nýliðnum þingkosningum. Aðrir telja betra að bæta við á listum, fjölga frekar samherjum en andstæðingum, sættast, þar sem sættast má. Forsætisráðherra Þingvallastjórnarinnar, Geir H. Haarde, er bersýnilega í þeim hópi. Hann lyftir merkinu frá Davíð fumlaut.

Næsta Flateyri?

UMRÆÐAN

Atvinnumál

Harkaleg átök eru framundan um Vinnslustöðina, einn stærsta einstaka vinnuveitanda í Vestmannaeyjum. Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir í Stillu ehf. hafa lagt fram yfirtökutilboð í fyrirtækið. Eyjamenn gera sér vel grein fyrir alvöru málsins, enda á Vinnslustöðin umtalsverðar aflaheimildir og hverfi þær úr bænum verður það gríðarleg blóðtaka fyrir samfélagið.

Huggun harmi gegn

Benedikt Jóhannsson, ritstjóri Viðskiptablaðsins skrifaði nýlega um hagræðingu í íslenskum sjávarútvegi. Niðurstaða hans var að staðan í sjávarútveginum væri eðlileg hagræðing sem kæmi þjóðarbúinu mjög vel. Íbúar þeirra byggðarlaga sem verða að gjalda fyrir aukna hagsæld þjóðarinnar ættu bág, en fólk yrði bara að hafa í huga að hagræðingarferlið myndi ekki vara að eilífu.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Þetta er ekki mikil huggun harmi gegn fyrir íbúa sjávarbyggða.

Dýrkeypt

Heimamenn ætla sér að berjast en ljóst er að slagurinn verður þeim dýrkeyptur. Þurfi þeir að kaupa upp 50% hlutabréfa Vinnslustöðvarinnar á meira en 8,5 á hlut, mun það kosta þá að lágmarki 6,5 milljarða króna. Og þeir peningar eru ekki ókeypis. Þurfi að taka alla þá peninga að láni kostar hvert vaxtaþrúsent 65 milljónir króna á ári og þá á eftir að borga af lánunum. Takist heimamönnum að fjármagna þessi kaup má því búast við að þeir muni greiða sér arð úr félaginu sem nemur að lágmarki vaxtaþrúslum og afborgunum af þessum lánunum, og þeir peningar verða ekki notaðir í fjárfestingar í Eyjum.

Ljóst er því að óháð því hver vinnur kapphlaupið um Vinnslustöðina, á það eftir að verða félaginu dýrt. Og Eyjamönnum öllum.

Höfundur er varaþingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.

Samfylkingin í ríkisstjórn

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík, laugardaginn 2. júní á Hallveigarstig 1, frá kl. 11 til 12.30



Málshefjandi:
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar

Umræður

Fundarstjóri: Ásgeir Beinteinsson, formaður Sffr

Kaffi og meðlæti Allir velkomnir



Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Hvað gengur Morgunblaðinu til?

UMRÆÐAN

Greiðslur til tónlistarmanna



STEFÁN
HJÖRLEIFSSON

Morgunblaðið hefur haldið áfram umfjöllun sinni um málefni Tónlist.is og hagsmunasamtaka tónlistarhreyfingarinnar nú í vikunni. Í yfirlýsingu minni sem birt var á sunnudag klippti Morgunblaðið út kafla sem varpað gat ljósi á gagnrýni Morgunblaðsins. Eg ítreka að ég mun ekki ræða málefni einstakra listamanna eða útgefenda opinberlega enda er um að ræða aðila sem annaðhvort eru samstarfsaðilar Tónlist.is eða umbjóðendur samstarfsaðila okkar. Þau mál verða til lykta leidd á öðrum og eðlilegri vettvangi.

Leggðu inn sumarlaunin þín á reikning hjá SPRON, skráðu þig á spron.is eða snilld.is og þú færð biókort í Sambíóin.*

Í lok ágúst fá 10 heppnir þátttakendur í Launagleðinni 20.000 kr. gjafabréf sem hægt er að velja úr einni af eftirtöldum verslunum: BT, Eymundsson eða NTC (Deres, Sautján, Smash og Retro).

Vertu með í gleðinni.

Kynntu þér málið frekar í síma 550-1400, í næsta útibúli eða á spron.is

75 ára | **spron**

Ég hef mikinn áhuga á fötum og tísku og get tekið ástfóstri við ákveðin föt ef mér líkar vel við þau,“ segir Guðlaug Halldórsdóttir, textílhönnuður og einn eigandi verslunarinnar 3 hæðir. Gulla segir ákveðin föt gefa frá sér góða orku og þannig fötum geti hún gengið í aftur og aftur. „Þótt fötin eldist hætta manni ekki að líða vel í þeim og það skiptir mig miklu máli. Svo sýna fötin líka svolítið hver maður er,“ segir Gulla og bætir við að það borgi sig oft að fjárfesta í vönduðum flikum. Gulla hefur haft áhuga á fötum og tísku frá því hún man eftir sér. „Ég hef ofsalega gaman af góðri hönnun og flottum sniðum og sauma mér stundum föt. Oftast tek ég samt bara og breyti gömlum fötum því gömul snið eru oft barn síns tíma,“ segir Gulla sem hannaði föt fyrir Hanson-íþróttamerkið sem eru til sölu í 3 hæðum. Um þægileg frístundaföt er að ræða sem Gulla hannaði út frá sjálfri sér og sniðum sem henni þykja þægileg. „Efnid í Henson-fötunum er alveg frábært, maður svitnar ekki í þeim og efnid kemur alltaf eins úr

þvottavélinni,“ segir hún og bætir við að hönnun hennar sé með þúffermum og aðeins meiri smáatriðum en þessir venjulegu íþróttagallar. Þegar Gulla er beðin um að lýsa sínum stíl



segist hún líklega hallast að einhvers konar götustíl. „Minn stíll er líklega fagaður götustíll. Ég er mikið í buxum en reyni líka að vera kvenleg. Konur á Íslandi klæðast buxum of mikið en það er kannski bara út af veðrinu,“ segir hún. Aðspurð hvernig konur eigi að klæða sig næsta vetur segir hún tiskuna spennandi framundan. „Tiskan hefur verið mjög fjölbreytt en nú er þögn að koma inn. Svartur og gylltur og leður og grófari efni eru líka að koma og smárósóttir ömmukjólur. Þetta verður flott, kvenleg og sexí tíska.“


indiana@frettabladid.is



Blá frístundaföt „Þessi föt hannaði ég í samvinnu við Henson og er að selja í versluninni minni.“



Flott „Hér er ég í rauðum toppi og gallabuxum úr 3 hæðum. Skórnir eru úr Miu Miu eins og flestir skórnir mínir.“



NOA
PERLE

cacharel

* Gildir meðan birgðir endast. Gildir aðeins með þeim 50 ml ilnum sem eru taldir upp í textanum. Ein taska með hverjum ilmi.

cacharel



Á næsta Cacharel útsöluáð færð þú sem kaupauka* fallega og sumarlega Cacharel tösku og baðvöru þegar þú kaupir 50 ml Noa, Noa Pearl, Amor, Amor Elixir, eða Anais Eau Legere ilm frá Cacharel. Útsöluáðir Cacharel.

Fylgir ástinni til Englands

Tinna Lind Gunnarsdóttir er nýútskrifuð leikkona og unnusta Garðars Thors Cortes. Tinna rifjar upp æskuna, námið og veltir fyrir sér framtíðinni í samtali við Sirkus.

Ég hlakka ofboðslega til að fara í frí og vera bara með Garðari. Það er eina planið sem ég hef næstu mánuðina," segir Tinna Lind Gunnarsdóttir, unnusta Garðars Thors Cortes, en hún er um þessar mundir að útskrifast af leiklistarbraut Listaháskóla Íslands.

"Skólinn er búinn að vera mikið ævintýri. Það hefur bæði verið ofsalega gaman og ofsalega leiðinlegt í skólanum en hann hefur verið mjög lærdómsríkur. Ég hef kynnst sjálfri mér vel við hinar ýmsu aðstæður og stundum jafnvel betur en ég vildi," segir Tinna Lind. "Það er svo mikil gagnrýni sem nemendur í svona námi fá og sú gagnrýni er svo persónuleg. Það er ekki bara sett út á einhver verkefni sem þú hefur gert heldur er sett út á göngulag þitt, tala og svo framvegis og maður fær alveg nóg af því. Seinni part námsins er aðaláherslan samt á að þjálf okkur í að vera skapandi listamenn þar sem maður nýtir sér þá tækni sem hefur verið kennd, svona þegar maður er farinn að ganga rétt og tala eins og manneskja," segir hún og hlær. "Skólinn hefur oft verið erfiður en það stafar oftast nær af því að maður er eitthvað að flækjast fyrir sjálfum sér. Það sem situr samt eftir er hvað þetta er skemmtilegt."

Tinna Lind, sem er 28 ára, ákvað að sækja um í Listaháskólanum fyrir um fjórum árum. Áður hafði hún ætlað að gerast flugmaður. Hóf atvinnuflugmannanám en hætti þegar hún átti lítið eftir og komst inn í leiklistina. "Þegar ég var að læra að fljúga sögðu vinkonur mínar að þetta væri ekki nógu gefandi vinna fyrir mig í framtíðinni. Ég gat ekki hugsað mér að gera neitt annað en að fara í leiklist en sagði þeim að ég tímindi ekki að eyða fjórum árum í leiklistarskóla. Ári eftir að ég hafði látið þau orð falla tímindi ég því hins vegar," segir Tinna Lind og segist alls ekki sjá eftir því. "Ég sé heldur ekkert eftir tímanum og peningunum sem fóru í flugið og ég held að það séu mikil forréttindi að fá að framkvæma bæði draum númer eitt og draum númer tvö."

Flutti ung að heiman

Tinna Lind er sveitastelpa, alin upp á Kirkjubæjarklaustri, en fluttist ung að heiman. "Foreldrar mínir voru einmitt að flytja þaðan og ég var að ná í gömlu gullin mín til þeirra. Er með dúkkur, barnatennur og gömul listaverk úti í bíl," segir Tinna broandi. "Æskuárin á Kirkjubæjarklaustri voru voðalega góð og mikið frelsi fyrir börn að geta hlaupið úti fram á kvöld en á unglingsárunum fór ég að verða órólegri. Ég á ekkert nema góðar minningar þaðan en þegar ég var sextán ára var ég meira en tilbúin að fara þaðan."

Tinna fluttist til Reykjavíkur og fór í Menntaskólann við Hamrahlíð. Hún bjó í eitt ár hjá vinafólki foreldra sinna, í eitt ár leigði hún íbúð með vinum sínum í Laugarnesi en endaði í Hvassaleiti. "Ég er alltaf að flytja," segir Tinna kímín. "Ég vissi alltaf að ég myndi flytja að heiman ung enda á ég eldri systur sem hafði gert það sama. Ég viðurkenni það hins vegar alveg að mér finnst skrytið að vita til þess að sextán ára krakkar geri slíkt hið sama í dag. En ég var allavega alveg tilbúin."

Tinna segist alltaf hafa verið einn af foringjunum í bekknum á Klaustri. Segist samt frekar vera baka til nú orðið en láti í sér heyrja þegar henni sýnist svo og geti ekki setið á sér sé henni misboðið á einhvern hátt. "Ég get líka stundum verið skvetta en ég er samt ekki svona út um allt," segir hún og brosir.

Kærulaus á flugi í Los Angeles

Tinna kláraði menntaskólann á þremur og hálfu ári. Fór þá í flugskólann og starfaði meðfram námi

sem gjaldkeri í banka. "Blekið var varla þornað á skírteininu mínu þegar ég fór til Los Angeles með vinkonu minni til að safna flugtímum. Ég var þar í mánuð og það var mikið ævintýri. Ég veit hins vegar ekki hvort ég myndi hætta mér út í það núna," segir Tinna Lind og skellir upp úr þegar hún rifjar upp þennan tíma. "Ég var svo kærulaus þá. Það er mjög mikil flugumferð í Los Angeles, ekki eins mikil tilkynningaskylda hjá flugvélum eins og hér á landi, og þær þurfa jafnvel ekki að vera með radíó svo enginn veit af þeim. En mér þótti þetta mikið stuð þá og við flugum í marga klukkutíma á dag."

Skúffuskáld

Tinna segist ekki vita hvað taki við nú þegar hún er að útskrifast úr Listaháskólanum. Ætlar að minnsta kosti að byrja á því að elta unnustann til Englands. "Ég vil vera alveg róleg og læra að vera í frí, því það er eitthvað sem ég kann ekki. Ég er líka með hálfgerða gelgju gagnvart leikhúsinu – sem er kannski bara eðlilegt fyrir þá sem eru að útskrifast, úr hvaða námi sem það svo er. Ég held að það sé hollt að fólk komi gagnrýnið út úr námi og að í því felist þróunin í hvaða fagi sem er. Þó að það eigi ekki að kollvarpa öllu þá held ég að nýjungarnar komi með nýju fólki. Nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar hafa örugglega sitthvað að segja um gang mála á sjúkrahúsunum o.s.frv. Ég ætla kannski að reyna að skapa eitthvað sjálf – skrifa og svona," segir Tinna sem á eitthvað af efni í skúffunni. "Hver veit nema það fái einhvern tímann að líta dagsins ljós," segir hún.

viðtal

Tinna segist ekki vita hvort hún eigi eftir að reyna fyrir sér í leiklistinni á Englandi. "Þetta eru mjög ólíkir heimar. Ég þarf bara að kynna mér málið í rólegheitunum og sjá hvernig allt virkar þar og hvernig mér list á. Það eru ábyggilega einhverjir hópar sem eru að gera eitthvað í anda þess sem ég vil gera og þá verð ég bara að leita þá uppi. En ég er rosalega óráðin núna. Ég vil ekki festa mig í einhverju heldur gefa sambandi okkar Garðars meiri tíma," segir Tinna, sem hefur verið með Garðari Thor í ein sex ár. Hitti hann fyrst á rölti í miðbæ Reykjavíkur. Tinna segist ekki vilja tala mikið um samband þeirra. Segir þau ekki vera gift en bendir á trúlofunarhring á hendi sér. "Ekki ennþá en ætli við munum ekki enda uppi við altarið," segir Tinna spök og vill lítið ræða málin. Sirkus hefur þó heimildir fyrir því að Tinna og Garðar muni ganga í það heilaga í sumar.

Sjómannslíf

Það hefur verið mikið ævintýri í gangi hjá Garðari Thor síðustu mánuði en plata hans kom út í Bretlandi fyrir skömmu. Tinna segir flakkið ekki koma neitt sérlega illa við sig. "Hann hefur alltaf verið á miklu flakki milli landa, jafnvel þótt það hafi ekki allt komið fram í fjölmiðlum," segir Tinna. Þau Garðar reyna að hittast eins oft og þau geta. "Við fundum það út að þrjár vikur eru svona hámarkið sem við getum verið í sundur og þá reynum við að hittast. Svo koma líka stundir sem mig langar allt í einu að fara út og hitta hann. En þetta venst svo sem eins og allt annað. Þetta er svoltið eins og að eiga mann sem er sjómaður," segir Tinna. "Svo vitum við ekkert hvernig þetta á eftir að þróast eða í hvaða farveg hans mál fara. Hann er allavega búinn að koma plötunni út og hún gengur bara vel."



Tinna Lind Gunnarsdóttir er að útskrifast af leiklistarbraut í Listaháskólanum í haust en ætlar að fylgja Garðari Thor til London. SIRKUSMYND/ANTON

„ÉG VERÐ STUNDUM SVOLÍTIÐ MEÐ- VIRK OG FER SJÁLF ÖLL AÐ SVITNA ÞEGAR HANN STÍGUR Á SVIÐ.“


Kynþokkafullur Garðar

Tinna og Garðar Thor vinna að vissu leyti í sama bransanum og reyna að veita hvort öðru stuðning. "Við erum mjög heppin með það og við skiptumst á að hafa hvort annað upp," segir Tinna, sem hefur þó nokkrum sinnum séð Garðar Thor syngja eftir að plata hans kom út í Bretlandi. "Ég verð stundum svoltið meðvirk og fer sjálf öll að svitna þegar hann stígur á svið," segir hún og hlær.

Spurð hvernig það komi við hana að Garðar sé trekk í trekk valinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins

svarar Tinna um hæl: "Mér finnst hann allavega voða kynþokkafullur."

Tinna stefnir á að flytja út til Garðars Thors eftir tónleika hans með Sinfóníuhljómsveit Íslands 7. júní næstkomandi. Hún segist ekki vita hvað taki við. "Ég vil bara vera frjáls og ef það er eitthvað rosalega spennandi sem kemur upp get ég stökkið á það. Mig langar ekki að vera í þeim sporum að hafa lent einhvers staðar heldur vil ég vanda mig við að velja það sem ég geri og standa með því – gera það sem ég hef áhuga á sem listamaður og manneskja." kristjan@frettabladid.is



Garðar Thor Mun giftast Tinnu Lind í sumar en þau eru búin að vera saman í sjö ár.




ROYAL CANIN
þekking og virðing fyrir dýrunum þínum



dýrin stór og smá

FÖSTUDAGUR 1. JÚNÍ 2007



FRÉTTAFLAÐIÐ/HÖNDUR

www.fiskabur.is

Verslun Trönuhrauni 10 Hafnarfirði s: 544 20 50

Upprennandi kvikmyndastjarna

Páfagaukurinn Tóbías lék nýverið stórt hlutverk í sjónvarpsauglýsingu fyrir Wrigley's tyggigúmmíð, sem er gerð fyrir erlendan markað. Ef marka má eigandann gæti vel farið að verkefni yrðu fleiri, þar sem hann sýndi stjörnutakta.

„Auglýsingin var tekin uppi á Geitlandsjökli, við Langajökul, og við fengum sérstaka undanþágu svo hann fengi að gista í Reykholti. Við vorum þarna í tvær nætur þar sem það var of kalt í veðri fyrir Tobba fyrsta daginn til að gera nokkurn skapaðan hlut. Þann næsta var aftur á móti logn og blíða þótt það væri fimmtán stiga frost, þannig að þá var hægt að mynda. Við hefðum aldrei unnið án þess að vera örugg um að hann þyldi veðurfarið,“ segir eigandi Tóbíasar, Jennifer Elinor Ester Einarson.

Að sögn Jennifer stóð Tóbías sig með stakri þrýði á meðan tókur fóru fram og ekki leið á löngu þar til flestir í tókuliðinu höfðu fallið kylliflatir fyrir persónutöfrum og dugnaði þessa litskrúðuga Green Wing Macaw-páfagauks. „Það er alveg óhætt að segja að hann búi yfir ómældum leikhæfileikum og hafi jafnvel náð að skyggja á mennsku leikaranna,“ segir hún og hlær.

Tóbías á að vísu ekki langt að sækja hæfileikana, þar sem hann var áður í eigu leikaraparsins Stefáns Karls Stefánssonar og Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur, og hafði aðeins reynt fyrir sér í leiklistinni þegar hann lék á móti Stefáni í þætti af Latabæ. Eins og flestir vita eiga páfagaukar auðvelt með að líkja eftir eigendum sínum, þannig að ekki er ólíklegt að hann hafi lært eitthvað af at-



Jennifer er hér með Tóbías en hún og eiginmaður hennar reka gæludýraverslunina Furðufugla og fylgífiska.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

vinnuönnunum meðan á vistinni stóð.

„Tobbi talaði að vísu ekki alveg eins mikið og búist var við, þar sem hann er einstaklega málgláður að upplagi,“ segir Jennifer og bætir við að henni finnst þó ekki óeðlilegt að smá feimni geri vart við sig

hjá listamanni sem er að stíga sín fyrstu spor á frambrautinni.

Þótt Tóbías hafi enn ekki náð að skapa sér stórt nafn í kvikmynda-bransanum segir Jennifer að engu að síður hafi verið komið fram við hann eins og stjörnu meðan á tókum stóð. Til marks um það fékk

páfagaukurinn sérstaka aðstöðu líkt og um Hollywood-stjörnu væri að ræða og var þess ávallt gætt að vel færi um hann í tókum.

En skyldi frammistaða páfagauksins í Wrigley's-auglýsingu hafa kallað á fleiri verkefni? „Ekk ennþá, enda er enn verið að

vinna í auglýsingu úti í Pólandi,“ segir Jennifer. „Við bíðum spennu eftir að fá eintak sent til landsins.“ Hún útilokar þó ekki að framhald verði á, að því tilskildu að þeim Tobba lítist vel á hugmyndina.

roald@frettabladid.is

OPPIÐ FRÁ 9:00 TIL 18:00 VIRKA DAGA
Bakvaktir um helgar og á kvöldin

MIKILSKILNÁTTÓÐ
FÁGGIENNA

Móttökutímar

Móttaka gæludýra er alla virka daga milli kl. 8.00 og 18.00 og frá kl. 10.00 til 12.00 á laugardögum.

Móttaka hrossa er eftir tímapöntunum en frá 1. janúar til 15. júní er einnig opin stofutími virka daga milli kl. 16.00 og 18.00.

Bakvakt á lan sólahringinn
í síma 540 9900

Dýralæknar

Dagmar Hjörleifsdóttir s. 663 9907
Helgi Sigurðsson s. 892 1719
Hrund Ýr Óladóttir s. 892 4713
Katrín Harðardóttir s. 862 1520
Lisa Bjarnadóttir s. 899 9469
Ólöf Loftsdóttir s. 897 1047

Dýraspítalinn VÍÐIDAL

Vatnaveituvegur · 110 Reykjavík · sími 540 9900

Besti vinurinn á hvíta tjaldinu

Hundurinn hefur fylgt mannum frá ómunatíð. Hann hefur trítlað á eftir húsbónda sínum hvert sem leiðin liggur. Út í búð, um ókunn lönd og jafnvel út í geim. Hann hefur jafnvel fylgt upp á hvíta tjaldið.

Sumir hundar hafa heillað okkur svo í bíómyndunum að þeir skyggja á mennska meðleikara sína. Sumir vegna þess hversu vel þeir eru þjálfaðir, aðrir vegna þess hversu sætir þeir eru og enn aðrir einfaldlega vegna þess hversu ógeðslegir þeir eru.

Lassí hefur átt hug og hjörtu vesturheims síðan hún kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1938. Frægðarsól þessa viðkunnanlegu Rough Collie-tíkur reis hæst í sjónvarpsþáttum 1954 til 1974 og á þeim tíma var varla það barn sem ekki þekkti Lassí og vildi alveg eins hund á heimilið.

Þrátt fyrir að kjölturakinn Benji væri ekki jafn glæsilegur og Lassí var hann engu síður vinsælli. Svo skemmtilega vill til að kvikmyndin um Benji kom út sama ár og sjónvarpsþættirnir um Lassí hættu, árið 1974, og því um eiginlegan arftaka að ræða. Margir hafa jafnframt gengið svo langt að kalla myndina um



Lassí er Audrey Hepburn hundastjarnanna. Á því er enginn vafi.



K-9 og Rex voru báðir af Schäfer-kyni og miklar hetjur.

Benji eina bestu fjölskyldumynd allra tíma.

Þegar kemur að lögregluhund-

um deila Hooch, Rex og K-9 titlunum. Rex og K-9 eru keimlíkir, enda báðir Schäfer-hundar. Hooch er af öðru sauðahúsi og ein óvenjulegasta hundastjarna hvíta tjaldsins. Það skýrir kannski af hverju aldrei var gerð framhaldsmynd.

Einn frægasti hundur kvikmyndasögunnar verður samt að teljast Cujo en öfugt við hinar stjörnurnar er ekki nokkurt barn sem vill fá þetta skrímli inn á heimilið.

tryggvi@frettabladid.is

Við erum **kátir** og hamingjusamir hvolpar



Það er Pedigree hvolpafóðrinu að þakka!

Pedigree[®]

Fyrir hundinn þinn

Kærkomnir gestir

Linda Ósk Sigurðardóttir starfar sem verkefnisstjóri við verkefnið Heim-sóknarvinir hjá Rauða krossinum, en það er almenn heimsóknarþjónusta við ýmsa þjóðfélagshópa. Fyrir rúmu ári hóf hún tilraunir með að láta hunda heimsækja fólk og hafa þær gefið góða raun.

„Verkefni þetta var sett á laggirnar eftir að það kom í ljós að hér á landi eru margir sem búa við töluverða félagslega einangrun,“ segir Linda. „Þetta er mjög góð leið til að ná til þeirra sem eru einmana en þó erum við alltaf að reyna að auka á fjölbreytnina. Það er mjög sjaldgæft að þau sem eru félagslega einangruð hringi og biðji um að

fá heimsókn og því reynum við að finna leiðir til að ná til þeirra. Ein þeirra var að nota hunda við heimsóknir, en hundur getur virkað sem eins konar ísbrjótur við fyrstu heimsóknirnar. Þær geta verið svolítið erfiðar, en hundar hjálpa fólki að losa um feimnina. Þeir bjóða líka upp á hlutverk eins og að gefa þeim að borða, fara út að ganga og fleira. Mér finnst þetta í raun bara vekja fólk til lífsins,“ segir hún og bætir við að það að strjúka hundinum og sýna honum hlýju losi oft um tilfinningalegar hömlur og gefi þeim sem eru heimsótt mikið.

Um tilkomu þess að fara með hunda í heimsóknir segir Linda hugmyndina hafa komið til sín úr ýmsum áttum, meðal annars af því að fylgjast með sjónvarpsþátt-



Ída er orðin besta vinkona Jóns eftir að hann fór að fá heimsóknir frá henni einu sinni í viku.

MYND/INGA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR



Þessar sætu prúðbúnu systur heimsækja reglulega langveik börn í Rjóðrinu, en það er hvíldarvistun í Kópavogi.



Ída, Jón og Bjarni í gönguferð.

MYND/INGA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR

um á Animal Planet og fleira. „Svo vissi ég af verkefni sem var í gangi á Landakoti hjá Ingibjörgu Hjaltadóttur hjúkrunarfræðingi, en það gekk út á að leyfa hundum að heimsækja heilabílaða. Verkefni þetta gaf ákaflega góða raun og sýndi fram á að fólk hefur gott af þessu.“

Eftir viðtal í sjónvarpi höfðu margir hundaeigendur samband við Lindu og lýstu yfir áhuga sínum að fara með hundana í heimsóknir til fólks. „Við byrjuðum með afmarkaðan hóp og eina Rauða kross-deild til að sjá hvernig gengi. Fyrst var þetta bara ein heimsókn en í dag eru þær orðnar um ellefu hér á höfuðborgarsvæðinu og hafa

staðið í rúmt ár. Eins og staðan er núna eru nokkrir hundaeigendur að biða þess að geta hafið heimsóknir en þeir hafa allir farið á námskeið og eru tilbúnir í verkefnið.“

Jón, sem er með geðklofa og býr á sam-býli, hefur fengið tókina Ídu ásamt eigandanum Bjarna Sigurðssyni til sín einu sinni í viku í heilt ár.

„Þessar heimsóknir hafa gert Jóni mjög gott. Til dæmis vill hann mun frekar fara út í gönguferðir og biður alltaf spenntur eftir því að Ída komi í heimsókn. Hann kennir henni ýmsar kúnstir og verður fyrir vikið virkari og opnari,“ segir Linda Ósk að lokum.

-mhg



Við bloggum á dyraheimur.is



Bloggar
gæludýrið
þitt?

DÝRAHEIMUR



www.dyraheimur.is



Þó það sjáist ekki á honum er Gutti Pet staurblindur. Hann lifir hins vegar hamingjusömu hundslífi fyrir því.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hefur aldrei elt bolta

Gutti Pet er eins og allir aðrir hundar. Hann elskar að hlaupa og þefa af hinu og þessu. Hins vegar hefur hann aldrei elt bolta enda getur hann ekki séð þá.

„Þú sérð ekki að Gutti sé blindur ef þú veist ekki af því,“ segir Ragnar Petersen, eigandi hins sex ára Gutta, og lýsir því hvernig hann endaði hjá honum. „Stúlku sem starfaði við tanningar hjá syni mínum áskotnaðist þessi hvolpur sem hún gat ekki haldið. Hún og kærastinn komu við í hesthúsinu hjá mér á leiðinni á dýraspítalann þar sem átti að lóga honum. Það má því segja að ég hafi bjargað honum,“ segir Ragnar en hann ætlaði sér ekki að eiga hvolpinn enda átti hann hund fyrir. „Hann var voðalega lítill og þegar ég kom heim, tók tíkin mín hann að sér, druslaði honum í bælið og þreif hann hátt og lágt,“ segir Ragnar sem gat ekki hugsað sér að taka hvolpinn af henni. „Þannig að ég sat í súpunni og sit enn, því hún er löngu dáin,“ segir Ragnar og hlær.

Fljótlega kom í ljós að ekki var allt í lagi með Gutta. „Þegar hann var orðinn það stálpaður að hann gat hlaupið um gólf-in stímdi hann á alla hluti,“ segir Ragnar en þá kom í ljós að Gutti er með arfgengan sjúkdóm og því með ónýta augasteina.

Gutti lætur þó fötlun sína ekki aftra sér og nýtir heyrn og þefskyn til að komast um. „Hann er mjög minnugur og plumar sig vel í því umhverfi sem hann þekkir. Ef hann er á nýjum stað fer hann sér mjög hægt og beygir sig niður eins og köttur í veiðiham. Svo nota ég hljóðmerki til að

hann geti elt mig,“ segir Ragnar en Gutti fylgdi honum í reiðtúr einu sinni á dag, þó alltaf sömu leið. „Þá var hann mjög keikur og hljóp alltaf á undan,“ segir Ragnar sem hætti að fara með Gutta í reiðtúra fyrir rúmu ári þegar hann var orðinn svo hæg-fara að hann fylgdi ekki lengur með. „Gutti sá áður einhverja týru en er í dag orðinn staurblindur,“ útskýrir Ragnar.

„Gutti er mjög góður félagi og skemmtilegur. Hins vegar er ekki hægt að leika við hann eins og aðra hunda, enda sér hann ekki bolta eða slíkt. Honum finnst hins vegar skemmtilegt þegar ég slæst við hann,“ lýsir Ragnar og bætir við að Gutti sæki mjög í félagsskap fólks, þó meira konur, og veltir því fyrir sér hvort Gutti kunni betur við kvenraddir. „Þá þekkir hann fólk á lykt og rödd og gerir mikinn mannamun,“ segir Ragnar glaðlega. Þrátt fyrir að Gutti plumi sig vel segir Ragnar að stöðugt eftirlit þurfi að hafa með honum svo hann verði ekki fyrir bíl. „Annars hefur aldrei neitt komið fyrir. Ég prófaði einu sinni að stinga hann af í reiðtúr til að sjá hvernig hann brygðist við. Hann var svo skynsamur að hann beið þolinmóður á þeim stað sem hann týndist.“

Þess má geta að Gutti á sér alnafna. Hest sem heitir Gutti Pet og var í tanningu hjá Ragnari stuttu áður en hvolpurinn kom á heimilið. „Ég var að lónsera folann úti í gerði en hann stökk alltaf yfir gerðið og yfir á stéttina. Ég hafði ekki löngu áður verið að syngja Guttavísur með sonardóttur minni og þótti tilvalið nafn á folann, svo kom hvolpurinn og mér fannst sætt að hann hétu þá líka.“

solveig@frettabladid.is



be different.



how soft® - dog shaped pick up kit

UNITEDPETS

Hundaeigendur, þrífum upp eftir hundana okkar!



UNITED PETS

Umboðsaðili á Íslandi Aladdin ehf

Tilbúna fóðrið best

Hvernig á að fóðra hunda og ketti svo þeir fá öll næringarefni sem þeir þarfnast? Svafa Sigurðardóttir dýralæknir, sem starfar á Stuðlum í Ölfusi, var innt eftir því.

„Í góðu og vönduðu pakkafóðri er það eina sem gæludýrin þarfnast. Það þarf bara að gæta þess að ofala þau ekki. Á því er viss hættu í þessu neyslubjóðfélagi – að það sé borið of mikið í þau,“ segir Svafa og bendir á að dýrin skammti sér ekki sjálf. „Þeim finnst svo gott að borða, sérstaklega ef búið er að gelda þau.“ Hún segir offitu geta fylgt ýmsir kvillar hjá dýrunum, sykursýki, skemmdir liðir og fleira. Það á samsagt að spara í þau rjómann? „Vatn er besti drykkurinn en auðvitað mega þau fá mjólkur-dreitol af og til og jafnvel rjóma til hátíðabrigða. Bara ekki of mikið enda fá sum dýr í magann af mjólk. Kettir vilja ferskt vatn, helst beint úr krananum. Þeir eru kræsnir og um leið og vatnið er farið að standa þá finnst þeim það fúlt. Hundar eru miklu meiri alætur og láta sér flest vel líka. Oft fá hundar aukabita þegar verið er að gleðja þá en stundum valda þeir aukabitar magakveisum og útbrotum. Þessi grey þola illa kryddaðan mat og feitan.“

Næst er Svafa spurð um beinin. Í öllum teiknimyndasögum eru hundar með bein og þannig var það í sveitinni líka. „Sumir hundar þola illa bein. Þeir þurfa samt að naga og leika sér, sérstaklega þegar þeir eru ungir. Þeir fá vissulega kalk og önnur steinefni úr beinum en með jafnvægisstilltu fóðri í pökkunum er hugsað fyrir öllu. Það er blandað eftir aldri, jafnvel tegundum. Það er hægt að kaupa fóður fyrir innidýr og svo annað fyrir þau sem eru á mikilli hreyfingu eins og veiðihundar. Þegar dýrin verða gömul breytist samsetningin, fóðrið er haft auðmeltara og einnig er til alls konar sjúkrafóður. Ég veit ég hljóma eins og sölumaður en svona eru hlutirnir og þetta sérútbúna fóður einfaldar lífið þó dýrin hafi auðvitað étið allt annað í aldanna rás.



„Kettir elska fisk en þeir þurfa annað með,“ segir Svafa sem starfar á Stuðlum í Ölfusi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Þar sem Svafa starfar úti í sveit er hún að lokum spurð hvort hún fái stundum til sín ketti sem eru hafðir í útihúsum og lifa á músum? „Jú, jú, en þeim er alltaf gefið með. Þeir eiga skál með fóðri úti í fjósi.“

gun@frettabladid.is



Ný upplifun...



Hestamiðstöð Íshesta í Hafnarfirði - fyrir alla, alla daga vikunnar.



Fjölskyldudagar og ferðir

Allir sunnudagar eru fjölskyldudagar hjá Íshestum. 50% afsláttur í klst ferð kl. 15:00, teymt undir börnum kl. 16:00 - 17:00. Okkar sívinsæla hraunferð er í boði þrisvar á dag. Þá erum við einnig með ferðir fyrir vana. Kaffi og kökur í Jósölum. Allir velkomnir.



Kúreka fjör

Upplifðu alvöru kúrekaævintýri. Heitasta ferðin í dag, tökum vel á móti stórum sem smáum hópum. Tugir þúsunda manna hafa stigið línudansinn í hlöðunni, keppt í skeifukasti og skvett úr hófunum í kúrekastuði. Ætlar þú að bætast í hópinn?



Jósalir veitingastaður

Athvarf í erli dagsins.

Jósalir er veitinga- og kaffistaður í Hestamiðstöðinni. Allt í kring eru fallegar gönguleiðir og tilvalið að kíkja inn, alltaf heitt á könnunni og léttar veitingar. Fullbúinn bar er á staðnum og alltaf opið í hádegismat. Mjög vinsæll veislusalur til leigu. Tilvalið fyrir fermingar, brúðkaup og einnig námskeið og fundi.

Reiðskóli - innritun hafin

Hver dagur er bland af skemmtun, áskorunum og ævintýrum.

Þjóðum upp á námskeið fyrir börn (6 - 16 ára) og fullorðna, byrjendur og lengra komna. Menntaður reiðkennari sér um alla kennslu. Öllum barna og unglunga námskeiðum lýkur með sýningu og tveggja vikna námskeiðum lýkur einnig með prófi.



Íshestar, Sörlaskeiði 26, Hafnarfirði - sími: 555 7000 - www.ishestar.is - info@ishestar.is

Stórsýning hjá IB.ehf

laugardaginn 02.06.07 Opíð 11-17



Allir nýju amerísku gæðingarnir, Dodge, Ford og Chevrolet. Ný útlit og nýjar díselvélar.

Ný 381 hö Toyota Tundra Crew Max limited

Nýr Chevrolet Silverado 1500



Reynsluakstur

Öruggir bílar til að vera á...

Varahlutir - Sala - Ábyrgð - Þjónusta - Sérpantanir

Sími 4 80 80 80

Fossnesti A

800 Selfossi



70% útskrifaðra nemenda Háskólans á Bifröst eru komnir í stjórnunarstarf innan 5 ára að námi loknu.

Háskólinn á Bifröst er eini „campus“-skólinn í félagsvísindum á Íslandi.

Nemendur vinna raunhæf verkefni í gegnum allt námið.

Nær helmingur nemenda dvelur eitt misseri erlendis t.d. í Kína.

Háskólinn á Bifröst býður upp á mjög öflugt fjarnám.

Umsóknarfresturinn að renna út!

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is

Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og veitir góðan undirbúning fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunn nám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði). Grunn nám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

Umsóknarfrestur í grunn nám er til 10. júní 2007

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Betra verð
betra bragð



Bragðbetra í bragðprófun¹⁾

Nicorette Fruitmint Bragð sem kemur á óvart

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.



Þín ákvörðun
Þín leið
Þitt Nicorette

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótínbyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótínbyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

ÓTRÚLEGA MARGAR FJÖLMIÐLAKONUR EIGA VON Á SÉR EÐA ERU NÝBÚNAR AÐ EIGA.

Fjölmiðlakonur fjölga sér

Kynið kemur á óvart

Katrín Brynja Hermannsdóttir, þula hjá Sjónvarpinu, á von á sínu öðru barni. Barnið er væntanlegt í heiminn um miðjan september en fyrir á Katrín Brynja fimm ára gamlan son. Hún og sambýlismaður hennar, Auðunn Svafar Guðmundsson forstjóri, ætla að láta kynið koma sér á óvart.



Litla Ellý fædd

Ellý Ármanns þula, vinsælasti bloggari landsins og fyrrverandi ritstjóri Hér og nú, eignaðist dóttur á dögunum. Litla Ellý fæddist 10. maí, var 13 merkur og 51 cm. Ellý og sambýlismaður hennar, Freyr Einarsson, fyrrverandi ritstjóri DV og núverandi sjónvarpsstjóri Sirkuss, eiga bæði börn frá fyrri samböndum. Ellý á tvo drengi en Freyr tvær dætur. Ellý hafði látið hafa eftir sér að hún vildi heldur eignast dóttur og fékk ósk sína uppfyllta.



Sjónvarpsstjörnur eignast barn

Katrín Rut Bessadóttir, nýr liðmaður Íslands í dag, á von á sínu fyrsta barni í byrjun desember. Kata, sem starfaði áður sem blaðamaður á DV og sem skrifa á Stöð 2, er kærasta sjónvarpsstjörunnar Helga Seljan úr Kastljósinu. Párið kynntist á DV en um fyrsta barn þeirra beggja er að ræða. Katrín staðfesti við Sirkus að hún væri ófrísk en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið. Hún viðurkenndi þó að vita ekki um hvort kynið væri að ræða.



Fyrsta barn á leiðinni

Sólveig Kr. Bergmann, fréttakona Stöðvar 2, á von á sínu fyrsta barni í byrjun ágúst. Kærasti Sólveigar er Kristján Haagensen en barnið er einnig fyrsta barn hans. Í viðtali við Sirkus í febrúar sagðist Sólveig ekki ætla að fá að vita kyn barnsins. Hún vildi láta koma sér á óvart.

Full eftirvæntingar

Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, blaðamaður á DV og fyrrverandi fréttakona á Stöð 2, á von á sínu fyrsta barni. Barnið er væntanlegt í heiminn í september en um fyrsta barn hennar og Óskars Finnbjörnssonar, kærasta hennar, er að ræða. Í viðtali við Sirkus sagðist Hjördís Rut afar spennu. „Ég er full eftirvæntingar og ætla ekki að vita kynið. Það skiptir ekki máli þótt það væri gaman að geta keypt eitthvað á barnið fyrir fram. Ég kaup þetta bara hvítt, grænt og gult.“

tvöslíf

Hóltasmári 1 • © 517 8500

Þú færð flottustu óléttufötin hjá okkur.
Stærðir xs-xxl einnig mikið úrval í
stærðum 46-54

Opnunartími: Mán- fös 11-18 • Laugardaga 11-16



Parft þú skjóta og öfluga
verkun gegn frjóofnæmi?

Livostin[®]

(levokabastín)

Augndropar og nefúði

Staðbundin meðferð við ofnæmisbólgu
í nefi og augum.

Fæst án lyfseðils



JANSSEN-CILAG

Livostin (Janssen-Cilag.) ; NEFÚÐALYF (50 míkrog/skammt) ; R 01 A C 02
AUGNDROPAR (0.5 mg/7ml) ; S 01 G X 02 U E

Eiginleikar: Levókabastín er histamínblokkari (H1-blokkari) með sérhæfa, kröftuga og langa verkun. Verkun lyfsins byrjar innan 15 mínútna og stendur í margar klukkustundir.

Ábendingar: Ofnæmisbólgu í nefi og augum.

Frábendingar: Ofnæmi fyrir innihaldsefnum lyfsins.

Meðganga og brjóstgjöf: Lyfið veldur fósturskemmdum í dýratilraunum og ætti því ekki að nota á meðgöngutíma. Lyfið skilst út í móðurmjólk, en áhrif á barnið eru ólíkleg við venjulega skömmtun.

Aukaverkanir: Tímabundin erting í nefi strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 5% sjúklinga). Tímabundin erting í augum, strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 16% sjúklinga). Þreyta kemur fyrir. Ofnæmi hefur í einstaka tilvikum komið fram.

Milliverkanir: Engar þekktar.

Varúð: Varúðar skal gæta hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi. Lyfið (nefúði) getur, hjá vissum sjúklingum skert viðbragðsflyti og þar með hæfileikann að stjórna vélum og ökutækjum.

Skammtastærðir handa fullorðnum: Nefúði: Venjulegir skammtar eru 2 úðaskammtar í hvora nös tvisvar á dag. Hver úðaskammtur inniheldur nálægt 50 míkrog af levókabastíni. Halda má meðferð áfram eins lengi og þörf krefur. Sjúklingurinn á að snyta sér vel áður en lyfinu er úðað, með höfuð í uppréttri stöðu, og anda skal inn gegnum nefið á meðan. Augndropar: Venjulegir skammtar eru 1 dropi í hvort auga tvisvar á dag. Náist ekki tilætlaður árangur má auka skammta í 1 dropa í hvort auga fjórum sinnum á dag. Hver dropi inniheldur u.þ.b. 15 míkrog af levókabastíni.

Skammtastærðir handa börnum: Venjulegir skammtar handa börnum eru þeir sömu og handa fullorðnum.

Pakkningar: 150 skammta nefúðastaukur (15 ml), (15 ml x 2), augndropar (4 ml). Lesið vandlega leiðarvísi sem fylgir hverri pakkningu lyfsins.



Lorenzo, einn fremsti knapi heims, sýndi listir sínar í Pétursborg og heillaðist af íslenska hestinum. Myndir/Úr einkasafni



Fjöltnir og félagar skemmtu sér vel á hestasýningu í Pétursborg.



Guðrún Sigríður Þorgeirsdóttir er systir Fjöltnis en hún hefur starfað hjá íslenska sendiráðinu í Moskvu í sjö ár.

HEIMSFRÆGUR KNAPI HEILLAÐUR AF ÍSLENSKA HESTINUM

Þetta var heljarinnar sýning og Lorenzo var mjög hrifinn af íslenska hestinum. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenski hesturinn er sýndur í Rússlandi,“ segir athafnamaðurinn Fjöltnir Þorgeirsson sem fór ásamt hópi Íslendinga til að sýna íslenska hestinn á stórrí sýningu sem haldin var í Pétursborg fyrir skömmu.

Stjarna sýningarinnar var hinn heimifrægi knapi Lorenzo frá Frakklandi en hann er vanur að setja á svið stórkostlegar sýningar þar sem hann

stendur á baki á átta hestum. Knapinn heillaðist svo um munaði af íslenska hestinum og fór þess á leit við íslensku sendinefndina að fá að sitja hann, sem hann og fékk.

Fjöltnir fór út ásamt félögum sínum sem reka vefsvæðið hestafretir.is. „Við fórum út til að taka upp efni fyrir vefinn. Við gerum jafnvel eitt-hvað meira úr því síðar meir,“ segir Fjöltnir, sem í Rússlandi hitti fyrir systur sína, Guðrúnu Sigríði Þorgeirsdóttur. „Hún hefur starfað hjá

íslenska sendiráðinu í Rússlandi í sjö ár og er með doktorspróf í samfélagspróun Rússlands og Kína – talar rússnesku og fleiri tungumál,“ segir Fjöltnir.

Hugrún Jóhannsdóttir og Páll Bragi Halldórsson á Austurkoti höfðu veg og vanda af sýningu íslenska hestsins í Pétursborg ásamt íslenska sendiráðinu í Moskvu, Ícelandair, Sirpu, Hafliða Halldórssyni í Ármóti, Íshestum og Finnanum Pekka Kuuma.

-kh

FATÓ

ÚTSÖLUMARKAÐUR
LÚXUS MERKJAVARA

LAUGAVEGI 91 - 2. hæð



ÚTSÖLUMARKAÐUR

LÚXUS MERKJAVARA ÚR:

eva COMPANYS Kultur gs skór CENTRUM Kultur menn

Á ÓTRÚLEGUM...

80%

AFSLÆTTI

Opinn til 6. júní

FATNAÐUR: DKNY - GERARD DAREL - NICOLE FARHI - FRENCH CONNECTION - PAUL & JOE - MALENE BIRGER - INWEAR - PART TWO - GREAT PLAINES - SEVEN JEANS - MAVI JEANS - BILL TORNADE - IMPERIAL FASHION - IKKS - S'NOB - SAINT TROPEZ - ACQUAVERDE - JUST IN CASE - NOUGAT
SKÓR OG STÍGVÉL: SPIRAL - SENDRA - BRONX - BULL BOXER - SANCHO

FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR - LAUGAVEGI 91 - 2. hæð

FATÓ
MERKJAVARA Á ÓTRÚLEGU VERDI



DESIGN CENTER KNIGHTSBRIDGE Dagmar og maður hennar hafa rekið verslunina í tæp tvö ár.

Dorrit mætti á opnunina

Ég hafði unnið með íslenskum arkitektum og hönnuðum á sýningum um allan heim og fundið áhuga fólks á íslenskum vörum. Þegar ég sagði þeim að vörurnar fengjust aðeins á Íslandi missti fólk áhuga því Ísland þykir fjarlæg. Mér fannst því að einhver yrði að opna verslun með vörum eftir íslenska hönnuði einhvers staðar í Evrópu og eftir að hafa beðið eftir einhverjum öðrum að framkvæma það dreif ég í því sjálf,“ segir Dagmar Þorsteinsdóttir, sem rekið hefur verslunina og galleríið Design

DAGMAR ÞORSTEINSDÓTTIR
Dagmar hafði beðið eftir að einhver annar opnaði verslun en dreif sig svo sjálf af stað.



Center Knightsbridge í London, ásamt maka, í tæp tvö ár. Verslunin er sett upp eins og gallerí svo hver einasti hlutur fær að njóta sín. Eins og er býður Dagmar Bretum upp á samsýningu listakvinnanna Hafðísar Bennett og Röggu Ólafs og í tilefni af opnun sýningarinnar hélt Dagmar heljarinnar opnun þar sem Dorrit forsetafrú var meðal gesta auk þess sem sendiherrann hélt ræðu og söngkonan Lay Low söng. Dagmar segir um 90% vöruúrvalsins íslenskt en hún selur meðal annars íslenska skartgrip, húsgögn, lampa, glervörur, keramik og málverk auk þess sem þau eru nýkomin með skó eftir Mörtu Rúnarsdóttur. „Við erum opin fyrir því sem fólk er að gera og tókum reglulega inn nýjar vörur í prufu. Það tekur fólk mislangan tíma að fatta vörurnar en ef þær ganga ekki sendum við þær til baka og gefum einhverjum öðrum tækifæri.“

indiana@frettabladid.is


Nýtt!

DISNEY CHANNEL

Ný stöð á Fjölvarpinu

Yfir 50 erlendar sjónvarpsstöðvar á Fjölvarpinu og þú getur valið um 5 mismunandi pakka eftir því hvað hentar þér. Disney Channel og 5 aðrar stöðvar hafa bæst við í stærsta pakkann á Fjölvarpinu.

Uppfærðu myndlykilinn þinn og sjáðu allar stöðvarnar!



Fjölvarp Evrópa

Verð frá 1.898 kr. á mánuði
Arte
DR1
DR2
ProSieben
Sat 1
TV5
ARD
M6
Rai Due
ZDF
NRK1
NRK2
Polsat
SVT1
SVT2
TVE

Fjölvarp sport

Verð frá 2.625 kr. á mánuði
ESPN Classic Sports
Eurosport
Eurosport 2
Extreme Sports
SKY news
Motors TV
Arsenal TV
Liverpool TV
Chelsea TV
Man.Utd TV
NBA TV

Fjölvarp allt

Verð frá 3.165 kr. á mánuði	ProSieben	Eurosport
Adventure One	NBA TV Ný!	TV5
M6	Rai Due	Eurosport 2
Liverpool TV Ný!	CNN	TVE
MGM	Reality Channel	Extreme Sports
ARD	Discovery	VH-1
Motors TV	Sat 1	Fox News
Arte	Discovery Civilization	ZDF
MTV	SKY news	Hallmark
BBC Food	DR1	Fashion TV
Chelsea TV Ný!	SVT1	Jetix
BBC Prime	DR2	Disney Channel Ný!
NRK1	SVT2	CNBC
BBC World	E!	National Geo.
NRK2	TCM	Arsenal TV Ný!
Cartoon Network	ESPN Classic Sports	Man.Utd TV Ný!
Polsat	Travel Channel	Animal Planet
	Club	

Fjölvarp fræðsla

Verð frá 1.898 kr. á mánuði
Fjölvarp fræðsla
BBC Prime
BBC World
CNBC
CNN
Discovery Civilization
Discovery
Fox News
SKY news
Animal Planet
National Geo.
Travel Channel
Adventure One
BBC Food

Fjölvarp skemmtun

Verð frá 1.898 kr. á mánuði
BBC Prime
Cartoon Network
Club
E!
Jetix
Hallmark
MGM
MTV
Reality Channel
TCM
VH-1
Fashion TV
Disney Channel

fjölvarp
– heill heimur af skemmtun

NÝTT AFSLÁTTARKERFI

M₁₂ 5%

Ein áskriftarstöð að eigin vali
5% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

SILFUR M₁₂ 20%

Tvær áskriftarstöðvar að eigin vali
20% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

GULL M₁₂ 25%

Þrjár áskriftarstöðvar að eigin vali
25% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn og Fjölvarp.

M12 áskrifendur fá bestu kjörin og njóta mestu viðbótarþjónustunnar.

M12 áskrifendur
Stöðvar 2
Stöð 2 plús
Stöð 2 bíó
Stöð 2 bíó plús
Sirkus
Sirkus plús

M12 áskrifendur
Sýnar
Sýn plús
Sýn Extra 1
Sýn Extra 2

helgin

Hvað á að gera í sumarleyfinu?

sirkus

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Útgefandi Helgi Hermannsson, ábm.
Ritstjórn Óskar Hrafn Þorvaldsson
 oskar@frettabladid.is,
 Indiana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
 105 Rvk, sími 550 5000
Sölustjóri Gréta Karen Grétarsdóttir
 550 5864 gretakaren@frett.is

„Það sem er brýnast er að losa sig við eins og fimmtán rússneskar ljósakrónur sem prýða heimili mitt í Hafnarfirðinum. En þar sem ég er lofthæddur maður með eindæmum þarf ég vist að plata einhvern í það. Það gæti tekið heilt sumarfrí að finna út úr þessu! Nú, ef einhver afgangur verður er ekki ólíklegt að ég leggist í leti og kannski ég skreppi svo til þingvalla ef ég fæ einhvern til að keyra mig.“

Guðni Már Henningsson
 útvarpsmaður



„Gæsanir, brúðkaup og afmælisveisla hjá vinum og vandamönnum eru yfirvofandi á Klakanum og ég missi að sjálfsgöðu ekki af því. Sjálf mun ég fagna 25 ára afmæli mínu í júlí ásamt unnustanum, sem verður þrítugur. Svo hefur mig lengi langað til að ferðast um landið og kynna því betur. Klífa fjöll, veiða og anda að mér hreinu súrefni.“

Védis Hervör Árnadóttir
 söngkona



„Þar sem ég er freelance-leikkona fer ég í sumarleyfi þegar það er rólegt, sem er yfirleitt í júlí. Ég hef mikið dálæti á Grikklandi og langar að skreppa þangað. Hvenær veit ég ekki en ég verð með Lik í óskilum í huganum, sem verður sýnt í Borgarleikhúsinu í haust.“

Helga Braga Jónsdóttir
 leikkona



visir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Nýtt í bíó

X DELTA FARCE

SPRENGHLÆGILEG GRÍNMYND MEÐ LARRY THE CABLE GUY OG DJ QUALLS ÚR ROAD TRIP

STRÍÐ ER EKKERT GRÍN...

LAUGARÁS BÍÓ

RÉTTUR DAGSINS
 fiskur eða kjöt
 alla virka daga

Skoðaðu matseðilinn á adesso.is

opið virka daga 10.00-19.00
 fimmtudaga 10.00-21.00
 laugardaga 10.00-18.00
 sunnudaga 11.30-18.00
 sími 544 2332
www.adesso.is

CAFÉADESSO
 2. hæð í Smáralind v/Retargarðinn

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. RÚNAR FREYR GÍSLASON SIGRAÐI SÓLVEIGU BERGMANN Í SÍÐUSTU VIKU OG MÆTIR HÉR JÓHANNESI KR. KRISTJÁNSSYNI, RITSTJÓRA KOMPÁSS.

1. Hvað heitir norskí krónprinsinn?

2. Jakob Frimann Magnússon eignaðist barn á dögnum. Hvort eignaðist hann stelpu eða strákr?

3. Hvaða leikari fékk þann heiður að fá ruslahaug nefndan í höfuðið á sér?



4. Hversu margar Lukku Láka-bækur komu út á íslensku?

5. Fyrir hvað stendur J í Homer J. Simpson?

6. Hvaða fimmtudagur er 40 dögum eftir páska?

7. Með hvaða spænska handboltaliði spilar Ólafur Stefánsson?

8. Hvaða leikari er valdamesti leikari heims að mati bandaríska tímaritsins Newsweek?

9. Hvaða ár fæddist Andri Snær Magnason?

10. Hver samdi texta við lagið Ó, Reykjavík sem hljómsveitin Vonbrigði flutti?



Jóhannes Kr. Kristjánsson

- Haraldur annar.
- Stelpu.
- Veit ekki.
- 11.
- Jason.
- Uppstigningardagur.
- Royal Sociedad.
- Tom Cruise.
- 74.
- EKKI hugmynd.

Rúnar Freyr Gíslason

- Pröstur Leó Gunnarsson.
- Stelpu.
- Atli Rafn Sigurðarson.
- Tíu.
- Josep.
- Uppstigningardagur.
- Veit það ekki.
- Clooney.
- 1974.
- Einar Örn Benediktsson.

Rúnar Freyr og Jóhannes fengu báðir tvö stig. Þar sem Rúnar Freyr er ósigraður heldur hann áfram í næstu umferð. Jóhannes skorar á Sigmund Erni Rúnarsson. Spennan magnast. Fylgist með í næstu viku.

NÝTT Á DVD

FRÁ LEIKSTJÓRANUM CLINT EASTWOOD KEMUR

FLAGS OF OUR FATHERS

"EASTWOOD DELIVERS ANOTHER MASTERPIECE."
- Richard Corliss, TIME MAGAZINE



STÓRKOSTLEG MYND UM BARDAGAN Á IWO JIMA.
MYNDIN VAR TEKIN AÐ STÓRUM HLUTA Á ÍSLANDI OG MÁ GETA ÞESS
AÐ ÍSLENSKT LANDSLAG HEFUR ALDREI NOTIÐ SÍN EINS VEL Í KVIKMYND.

SAM  MYNDIR



GIFTIÐ YKKUR MEÐ **ALESSI**

TILVONANDI BRÚÐHJÓN

Verið velkomin í verslun okkar um helgina og skoðið glæsilegt úrval af matarstellum, hnífapörum, glösum, pottum og öðrum hlutum sem prýtt gætu ykkar heimili

ALLIR SEM SKRÁ SIG Á BRÚÐARLISTA
HJÁ OKKUR FÁ VEGLEGA
BRÚÐARGJÖF FRÁ MIRALE

opið
laugardag 11–17
sunnudag 13–17

MIRALE

MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020
www.mirale.is

Bilamarkaðurinn.is
www.bilamarkadurinn.is
Smiðjuvegur 46-e
Sími: 567-1800

GLÆSILEGASTI LÚXSUSIJEPI LANDSISNS
CADILLAC ESCALADE 7 MANNA DVD 2004EK.51 þ.km INNFLUTUR NÝR. NÝ DEKKSIÓN ER SÖGU RIKARI. EINN M/ÖLLU



CADILLAC ESCALADE M/ÖLLU Árg.99. Ek.99þ.m INNFL. NÝR, MJÖG GOTT VÍÐHALD OG EINTAKSKÓÐYRARI GOTT LÁN GETUR FYLGT



TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ
FJÓLSKYLDUR POWERMONSTER M/ÖLLU AUDI S4 4.2 QUATTRO 11/05 Ek.32þ.km **TILBOÐ. KR.4990,- LÁN KR.3500,-**



GULLFALLEGUR OG HELLJEPI
TOYOTA LAND CRUISER 90 LX 35" 07/02 Ek.110 þ.km **V.2490,- LÁN 2500,-**



MEGATILBOÐ MEGATILBOÐ
MMC MONTERO LIMITED '01 Ek.73þ.m. **V.2490,- TILBOÐ 1850,-stgr.**




ISUZU TROOPER 3,0 TDI 33" 09/99 Ek.150 þ.km V.1490,- LÁN 950,-




TILBOÐ KR.62.000,- ÚTB. TILBOÐ
VW GOLF COMFORTLINE 1,6 NEW 06/04 EK.80 þ.KM LÁN 1320,-



NÝR BÍLL NÝR BÍLL NÝR BÍLL
PEUGEOT 107 TRENDY 1.0I 10/06 Ek.3 þ.km S/V.dekk CD magzýn ABS, Aribag, Rafm.f. rúðum, Filmu, Spoiler **ALLT AÐ 100% LÁN CA.KR.15 PR. MÁN**



EINN EIGANDI, TOPP DÍSELJEPI
NISSAN TERRANO SE TDI 7 MANNA 04/99 EK.110 þ.KM V.1000,-



Kaupendur Athugið!
Við getum útvegað allar gerðir LÚXSUBÍLA frá Þýskalandi og USA á örugglega LANG besta verðinu í bænum!

Opnunartími:
Mánud.-Föstud. 10:00 - 19:00
Laugard. 10:00 - 17:00
Sunnud. 13:00 - 17:00

Skoðið myndirnar á www.bilamarkadurinn.is



Frábær tilboð halda áfram yfir helgina. Shineray 200 cc hjólið á 159.900,- Vespumar á aðeins 129.900,- og svo litlu krakkahjólín frá Shineray 90 cc á aðeins 99.900,- Verð með hjólin til sýnis í Krínglunni föstudag frá 13-19. Uppl. í s. 895 7272 & www.endurohjol.com



Til sölu vespa 50 cc árg. '06 ek. 1450 km. Nýsk. tveir hjálmur fylgja. V. 180 þ. S. 557 8164 & 696 5223.



American Ironhorse Texas Chopper árg. 2004, ek.8000.

Þetta er hjól sem hefur allt, afl, fegurð, þægindi ásamt því að smíði þess er með því besta sem gerist. Tombólverð 3,2 mílj.



Buell 12s Lightning. Árg. 2005, ek.2700. Frábært leiktæki, kraftmikið og skemmtilegt hjól á góðu verði. Kostar nýtt 2.mílj. fæst á 1.350 þús. ákv. mjög gott lán 750 þús. Uppl. í s. 822 8558.



Harley-Davidson Night Rod Special árg.2007 ek.300km Innflutt nýtt af umboði kostar nýtt 2,9 mílj fæst á 2,7 mílj. Stórglæsilegt hjól á góðu verði. Uppl. í s. 822 8558.

Útsala á vönduðum mótörhjólafatnaði, frábært verð sjá nánar www.staupa-steinn.is sími eftir kl 17, 847 3988.



Fjór hjól



Til sölu Polaris Sportman EFI 07/06. Hjól með mikið af aukahlutum. Ek. 315km. S. 898 3405.



Vélsleðar



Yamaha RX1 Turbo tryllitæki, tæp 300hp. Árg.2003 ein litur út eins og nýr, ek.2000km. Fæst með keru á aðeins 1.000.000. Þú gerir ekki betri kaup í vélsleða. Uppl. í s. 822 8558.

Hjólahýsi



Til sölu Dethleffs árg. '96, sólarsetla og nýtt forljald. V. 1300 þ. S. 893 3347.



LMC Dominant 560 RDB árg. 06. Aukahlutir fyrir yfir 650 þús. s.s. ALDE hitakerfi +göfhliti sjonvarpsloftnet, 4 m. skyggni, sólarsetla, útvarp, CD. Tilboð 2.750 þús., áhv. 1600 þús. Uppl. s. 660 1304.

Fellihýsi

Arftaki fellihýsanna

Lifelínd Diesa 400 L 1.299.000,- kr
Greiddshæðir: 259.100 kr
Lánstími: 64 mánuðir
Meðulumtáðurgreiddsla: 16.291

FERÐAVAL
LUNDI V/ VESTURLANDSVEG
SÍMI 578 5500
www.ferdaval.is

NOTUÐ FELLIHÝSI HÚSBÍLAR & HJÓLHÝSI Í ÚRVALI!
Veldu það besta!



VÍKUR
V-É-R-K
VÍKURHVARFI 6, KÓPAVOGI
SÍMI 557 7720
www.vikurverk.is

Ný Fleetwood fellihýsi til leigu í sumar, 10 feta hús með heitu og köldu vatni og sólarsetla. Upplýsingar í síma 897 7345.

Sólarsetla og miðstöð fyrir hjólahýsi og fellihýsi til sölu. Uppl. í s. 861 4216.

Mjög vel með farið 12" Coleman Fellih. '02. íssk., geymsla, markisa o.fl. Uppl. í s. 858 8006

Óska eftir vel með föru fellihýsi á ca. 400 þús. Uppl. í s. 892 9815.

Palomino Colt '05

Til sölu Palomino Colt árg. '05 mjög vel með farið. Sólarsetla, grjótgrind og skyggni. Uppl. í s. 893 0847.

Fleetwood-fellihýsi
þau alvinsælustu!
Fást í mörgum gerðum, sniðin að íslenskum aðstæðum.
Láttu reyna á það!
Ellingsen
- fullt hús veingjára
Frískúlióð 1 • Sími 580 8500

Fleetwood RV Westlake árg. 2006 14 feta m. öllu. Uppl. í s. 862 8874.

Tjaldvagnar

Vel með farinn Camplet-Concorde tjaldvagn + litið forljald árg. 2003 til sýnis í Reyðarkvísl 9, 110 Rvk. Kr. 500.000 Uppl. í s. 567 1381.

Til sölu Trigano tjaldvagn m/ forljald. Verð 240 þ. Uppl. í s. 896 3136.

Litið notaður Camplet árg'05. Með öllu. Alveg sem nýr. Tilboð óskast. Uppl. í s. 893 7224.

Vinnuvélar



Til sölu Cat D6N jarðýta árg. 2003. Sími 894 1725.



Til sölu Komatsu Wb97s traktorsgrafa árg. 2005 og Cat 325 beltagrafa árg. 2000 sími 894 1725.



JCB 8018 beltagrafa árg. 2005 ásamt keru. 670 vinnustundir. 5 skóflur fylgja. Verð 2,5 milljónir +VSK. Upplýsingar í síma 893 1986. Rafmagnsverkstæði Birgis ehf.

Til sölu Massey Ferguson 50 hö árg. 61 þarfnast viðgerðar. Davið Brown 50 hö. Vinnuskúr og gámur. Á sama stað óskast sumarhús 20-40 fm til kaups og flutnings. S. 821 1160.

Lyftarar

Hyster
diesel lyftarar

Víðgerðar- og varahlutabjónusta
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járhúsi 2 • 110 Reykjavík
Sími 2 888 200 • www.vetar.is

Bátar



Quicksilver gúmmibátur til sölu ásamt Mercury motor. Verð 320 þús. Uppl. í s. 847 5971.

Utanhúsmotor, Yamaha 20 hö litið notaður til sölu á um kr 200 þ. Uppl. í s. 664 7001.

Skipstjóri óskast á 15 t bát. Svar sent á skakskiptjori@hotmail.com

6 manna, 4 mtr. gúmmibátur m, keru, 40 hö motor, b.vesti og fylgihl. Verð 450 þús./eða tilboð. S. 869 2159.

Hjólbarðar

4 stk. dekk 185/65 14" á Lancer álfelegum á 15 þ. 4 stk. 14" á Legacy fel. á 8 þ. 4stk. 165/70/13" á 8 þ. 4. stk. 255/60 18" á 15.P. S. 896 8568.

Varahlutir

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. bílapartar@bilapartar.is www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Japanskar Vélar, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla ofi, auk flestra gerða af Fiat og VW. S. 893 2284 & 565 3400.

Partasalan Sími 557 7740


Partasalan Skemmauvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahlutir í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílhutir, Kaplhrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahlutir í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í Lancer '98 station, Sunny árg. '93, Legacy '93, Accent '95. S. 896 8568.

KEYPT & SELT



Harmonikkurðurir

Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

EG Tónar

Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta, ólar, pokar, harmonikunótur, harmoniku og geisladisk- ar. Mjög hagstæð verð!

Sími Akureyri 462 7374 & 660 1648. Sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610.

Silunganet-Silunganet
Heimavik ehf. S. 892 8655.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Þvottavél á 10 þ. Eldavél á 8 þ. Uppþvottavél á 12 þ. Þurrkari á 10 þ. Gasgrill á 5 þ. S. 896 8568.

WIKAI Þrýstímælar
Árálöng reynsla á Íslandi

STURLAUGUR & CO
Fiskúlióð 14 - 101 Reykjavík
Sími 412 3000 • www.sturlaugur.is



Garðhúsgögn! Rýmingarútsala!!

Landsins mesta úrval af garðhúsgögnum. Sterkleg og þungbygð. Henta vel fyrir íslenskt veðurfar, til að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalveg 24, 201 Kópavogi, www.vidarko.is Sími 517 8509.



Reykofn á tilboði, kr. 5.900,- RB veiðibúð, Sími 581 2121 & www.rbv.is

Verslunartækni

Auglýsingaskilti

Verð kr. 22.900,-
www.verslun.is
Sími 5551200 Drögháls 4 110 Reykjavík



Glæsilegt antik sófasett. 3ja sæta söfi og 2 stólar. Verðtilboð óskast. Uppl. í s. 659 1160 og 557 5398.

Til sölu ýmislegt úr búslóð

Natuzzi sófasett 3+1+1, Full size rúm, ísskápur, eldhúsborð og sófaborð. Selst á góðu verði. Áhugasamir hafi samband í s. 897 4402.

Silunganet-Silunganet

Heimavik ehf. S. 892 8655.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Þvottavél á 10 þ. Eldavél á 8 þ. Uppþvottavél á 12 þ. Þurrkari á 10 þ. Gasgrill á 5 þ. S. 896 8568.

TIL SÖLU

10 hektara gróið land ca 75km frá Reykjavík.

Upplýsingar í síma 861 4186 & 896 1250.

DEKURHÚS
didrix
Sumar/tær :)
Námskeið
s: 5618677



HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu glæsilegar nýjar 3-4 herb. íbúðir í 101 til leigu. Uppl. í s. 698 7055.

Fjölskylda utan af landi óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu frá ágú. í 10-12 mánuði. Æskileg staðsetning er í hverfum 105 eða 108. Uppl. í s. 861 4256.

3 herb. íbúð á svæði 201 til leigu. Laus strax. 130 þús. leiga. 2. mánuðir fyrir framgreiðsla. Uppl. í s. 847 1217.

Húsnæði óskast

Fyrirtæki vantar 3ja herb. íbúð eða stærri á höfuðborgarsv. til leigu strax fyrir erlendu starfsmenn. Snryrtimennska og skilvísun greiðslum heitið. S. 820 7060 og 823 7065.

Karímaður óskar e/ herb. til leigu, helst með aðg. að þvottavélari eða þvottavél. Fyrirgr. ef óskað er. S. 690 5109.

Tvær ungar stelpur óska eftir íbúð til leigu í Kaupmannahöfn yfir sumartím. 7. jún.- 31. ágú. Reglusamar og skilvísun greiðslum lofað. Uppl. í s. 849 9514.

Óska eftir 2 herb. íbúð til leigu. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 847 4670.

Reglusamur, skilvís og snryrtilegur maður óskar eftir 3 herb. íbúð á leigu verð 70-100 þ. á mån. s. 662 6561.

Sumarbústaðir



Vandað og fallett heilsárshús til sölu í Ásgarðslandi undir hlíðum Búrfells
Húsið er 113 m2 og stendur á tæplega 8000 m2 eignarlóð með fögru útsýni yfir Sogið. Það er nú þegar tilbúið til afhendingar fullbúið að utan með verönd og tengdum potti. Gólfhiti tengdur og rafmagn komið inn. Að innan eru veggir full einangraðir og plastaðir.
Upplýsingar í síma 892 2100 & 895 5786

Til sölu sumarbústaðarlóð í Crímnesi. Stærð 10.000 fm. Uppl. í s. 693 7315.

Geymslúhúsnæði

Til leigu sér geymslublú 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Til leigu mjög góð 250 fm geymsluskemma á Eyraþakka Nýstandsett, góð lofthæð, góðar innk. dyr. Lág leiga. Uppl. í s. 661 6800.

ATVINNA

Atvinna í boði

Afgreiðslustarf
Okkur vantar traustan, duglegan og samvisskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir.
Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@hn.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði

AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi
- bæði karla og konur, svo sem byggingariðnaði, matreiðslu-fólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. **AVM Starfsmannalausnir geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skammts tíma, þegar um veikindi, fri eða skamman fyrirvara er að ræða. Við komum vel fram við starfsfólk okkar & afköstin eru eftir því.**
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

SÓLON
kaffi & bistro

Kaffi Solón
óskar eftir starfsfólki í sal og til aðstoðar í eldhúsi, vaktir og aukavinnu í boði.
Frekari upplýsingar á staðnum frá kl 14 - 18 eða sendið upplýsingar á netfangið solon.is

kynning
...sjáumst!

Sölu- og kynningarstarf
Vegna aukinna verkefna vantar okkur framúrskarandi sölu og kynningarfólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Um hlutastarf er að ræða. Vinnutíminn er frá 15-19 virka daga og um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Helstu hæfniskröfur eru: Viðkomandi hafi ánægju af mannlegum samskiptum. Góða framkomu. Sé glaðvæ, brosmildur, áreiðanlegur og stundvís. Snryrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 ára og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband í s. 586 9000. Einnig má senda umsóknir á kynning@kynning.is

Nonnabiti.
Rótróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í hlutastarf & fullt starf, vaktavinnu. Sveigjanlegar vaktir, lífflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Upplýsingar í síma 898 5956 eða á staðnum.

Móttaka - Næturvakt
Hótel í miðborginni óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku á næturvaktir.
Uppl. gefur móttöku stjóri í s. 511 6200 milli kl. 8-16.

Verktakafyrirtæki í byggingariðnaði
Óskar eftir að ráða góðan smið eða húsamíðameistara sem verktjór. Verður að hafa góða stjórnunarhæfileika
Uppl. í s. 820 7060 & 823 7065.

Bakarið Hagamel 67
Óskar eftir að ráða hress og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi. Ekki yngri en 16 ára.
Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.

Okkur vantar
Trésmiði og múrara í vinnu. Ertu með allt á hreinu áður en þú geingur til verks? Þá ert þú manneskjan sem við erum að leita að. Okkur vantar líka aðstoðarmann/konur.
Múr og Tré ehf. S. 856 6565 Einar.

Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára
Óskar eftir bílstjórum í kvöld & helgarvinnu.
Uppl. í s. 822 8840.

KFC

Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ
Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhúsi, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.
KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.



Vantar þig vinnu?
Okkur vantar hress fólk í sal. KVöld- og helgarvinnu. Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 & 552 2211.

JC Mokstur
Óskar eftir gröfumönnum. Góð laun í boði, næg vinna.
Uppl. í s. 693 2607.

Svarti Svanurinn
Óskar eftir starfskrafti í fullt starf og kvöld og helgarvinnu.
Uppl. á staðnum og í síma 897 6966. Svarti Svanurinn, Rauðarástíg 6.

Sól Pallar
www.solpallar.is

Sólspallar ehf
Vantar duglegann og handlaginn starfsmann í útivinnu. Smiðsmenntun er kostur, en ekki nauðsyn.
Vinsamlegast sendið umsókn á solpallar@solpallar.is

Starfskraftar óskast strax í söluturn-Snakkbar, í miðbænum
Mikil vinna framundan og góð laun fyrir hressar og duglegar manneskjur.
Uppl. í s. 892 2365.

Starfsfólk óskast í sal á veitingahúsi í Hafnarfirði. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnáttá skilyrði. Uppl. í s. 699 3434.

Veitingahúsið Kína húsið Lækjargötu 8 óskar eftir starfsfólki í sal. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum eða s. 551 1014.

Málingarvinna Kaupmannahöfn. Málara, lærðir eða með mikla reynslu óskast til starfa í gömlu höfuðborginni. Sendið uppl. á malaren@visir.is

Járnabindingar
Óskum eftir mönnum sem geta unnið sjálfstætt, mikil vinna í boði. Uppl. í síma 897 1995 og 866 1083.

Smiðir.
Getum bætt við okkur smiðum, fjölbreytt verkefni. Saga verktakar ehf. Uppl. í s. 898 3530 & 866 5622.

Viltu aukavinnu?
Kaffihús í Hafnarfirði vantar starfsfólk í sumararfl. og helgarv. aðeins 18 ára og eldri. Áhugasamir hafið samband í s. 869 2809, Sigrún, cafehafnarborg@internet.is

Óskum eftir einstakling í aðhlyningu og næturvaktir í júní, júlí og ágúst. Hjúkrunarheimilið Kumbaravogur, Stokkseyri. Herbergi til staðar fyrir einstakling. Upplýsingar í síma 483 1310.

Verkamenn óskast. Vegmerking ehf óskar eftir duglegum starfsmönnum við gatnamerkingar í sumar. Mikil vinna. Upplýsingar í síma 566 7259 og 896 5860.

Véltækni Óskar eftir að ráða meiraprófs bílstjóra, mikil vinna farmundan. Uppl. í s. 696 6980

Óska eftir skipstjóra, vélstjóra og stýrimann á 100 rúmlesta fiskiskíp. Uppl. í s. 894 9419.

Vélstjóri
Óska eftir vélstjóra V51 eða VS frá 6-20 júní. Uppl. í s. 843 5640.

Járnsmiði.
Starfsmaður óskast í járnsmíði. Fjölbreytt vinna. Uppl. í s. 692 8091.

Duglegur og reglusamur starfsmaður óskast í skemmtilega útivinnu í sumar. Bilpróf og sveigjanlegur vinnutími skilyrði. Uppl. í s. 898 9993.

Ráðskona óskast á mjög snryrtilegt heimili í uppsveitum Árnessýslu í 2-3 mán. Þarf að kunna til verka. Mjög góð húskakinni og öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 698 5454 & 486 6112.

Óska eftir manneskju eldri en 20 ára til að hugsa um börn á heimili í Reykjanesbæ einstaka sinnum í nokkra daga í senn. S. 899 5154.

Maður óskast í málingavinnu, Menn og málning ehf. Uppl. í s. 697 4008.

Atvinna óskast

29 ára maður óskar eftir atvinnu flest kemur til greina, er harðduglegur og fljótur að læra. Er búinn með vinnuvélanámskeið og er vanur lyfturum og beltagröfum. 694 1715.

Trailer bílstjóri með vinnuvélaréttindi óskar eftir vinnu, helst á krabbíl. Áhugasamir hringja í s. 692 6322, Róbert.

Nemandi á skipsstjórnarbraut Stýrimannaskólans óskar eftir góðu plássi á sjó í sumar. Er vanur. S. 868 7522.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Norðfirðingar
Sjómanna-dagkaffi á Kaffi Reykjavík frá 15-17 á sjómanna-daginn. Hlynur Ben og félagar leika nokkur létt lög.
Hvetjum alla Norðfirðinga til að mæta. Stjón Norðfirðingafélagssin.

Kennsla



INTENSIVE ICELANDIC-ISLENSKA fyrir ÚTLENDINGA Byrjar mánd. 4/6! 5 vikur kl 18-19:30. FF s. 588 1160, ff@icetrans.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andræsson.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Gisting á Menorca Mahon, Costa Brava - Playa de Aro og Valladolíd. Barcelona laus í haust. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Orlofshús á Akureyri
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGDI • BAEIDI • HEIMLÖSI

Óskum eftir hressu og skemmtilegu söluólki í sumarhúsgögn. Fullt starf og góð laun í boði fyrir rétta einstaklinga.

Upplýsingar gefur Njáll í síma 820-8001 Rúmfatagerinn

Áfylling um helgar

Vífífell í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingu um helgar. Hægt er að sækja um á heimasíðunni vififell.is auk þess liggja Umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu Vífífells Stuðlahálsi, Nánari upplýsingar gefur,

Gils áfyllingarstjóri í síma 5252500 eða ugg@vififell.is


Skipstjórnarnám í Eyjum

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum mun bjóða uppá 1. stig skipstjórnarnáms haustið 2007 ef næg þátttaka fæst. Námið tekur tvö ár samkvæmt námskrá framhaldsskóla.

Boðið verður uppá **heimavist** í hjarta bæjararins (með fæði ef óskað er) og aðstoð við öflun íbúða. Umsóknur þarf að skila fyrir 12. júní. Sött er um á www.menntagatt.is eða í gegnum heimasíðu FÍV www.fiv.is

Skólameistari

18plús.is
XXX samfélag íslendinga á íslenskum vef
AÐEINS FYRIR 18+
Birtu myndir af þér! Skoðuðu myndir annarra!
KONUR • KARLAR
www.18plus.is




FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Skipstjórnarnám í Eyjum

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum mun bjóða uppá 1. stig skipstjórnarnáms haustið 2007 ef næg þátttaka fæst. Námið tekur tvö ár samkvæmt námskrá framhaldsskóla.

Boðið verður uppá **heimavist** í hjarta bæjararins (með fæði ef óskað er) og aðstoð við öflun íbúða. Umsóknur þarf að skila fyrir 12. júní. Sött er um á www.menntagatt.is eða í gegnum heimasíðu FÍV www.fiv.is

Skólameistari



Þorbjörn Pálsson lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali



GLÆSILEGUR
SUMARBÚSTAÐUR.

BLÁSKÓGABYGGÐ
Á BÖKKUM BRÚARÁR.

Vandað nýtt íslenskt um 150 fm. sumarhús/heilsárshús. Húsið er með góðu opnu rými á efri hæð í risi um 50 fm. sem nýtist sem setustofa og svefnloft ásamt svölum og mjög stórrí væntanlegri um 120 fm. verönd - teiknað af Teiknistofu A V J., - á 7800 fm. eignarlandi í landi Leynis Kaldakinn á bökkum Brúarár Bláskógarbyggð, en landið nær niður að bökkum árinna. Áhvilandi 17 millj. kr. lán.

Ásett verð er miðað við húsið eins og það er í dag án innréttinga og gólfefna ofl.
Lyklar á skrifstofu. Tilboð óskast.

Þorbjörn Pálsson löggiltur fasteignasali REMAX Esja sími 898-1233



Skipstjórnarnám í Eyjum

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum mun bjóða uppá 1. stig skipstjórnarnáms haustið 2007 ef næg þátttaka fæst. Námið tekur tvö ár samkvæmt námskrá framhaldsskóla.

Boðið verður uppá **heimavist** í hjarta bæjararins (með fæði ef óskað er) og aðstoð við öflun íbúða. Umsóknnum þarf að skila fyrir 12. júní. Sótt er um á www.menntagatt.is eða í gegnum heimasíðu FIV www.fiv.is

Skólameistari

SMÁUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

Yfir
150.000
gestir
daglega.

Stór-
markaður
í stofunni
heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

GULL
BYLGJAN
909

- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðinni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.



Fjölbreytt nám – fjölbreyttir möguleikar

UMRÆÐAN

Guðfræðinám

Undanfarin ár hefur námsframboð Háskóla Íslands aukist og námsleiðum innan hans fjölgað. Ein elsta deild Háskólans, guðfræðideildin, hefur einnig aukið námsframboð sitt með tilkomu djákna náms og almennrar trúarbragðafraeði, auk framhaldsnáms.

Í nær hundrað ár hefur Háskólinn menntað og útskrifað guðfræðinga með áherslu á akademískt nám, ásamt því að undirbúa þá fyrir fjölbreytt og krefjandi starf prestsins.

Komið er inn á ýmis fræðasvið í guðfræðináminu, sem sum hver tengjast öðrum greinum háskóla-

náms, eins og sálfræði og félagsfræði, siðfræði, sagnfræði, heimspæki og tungumál. Einnig má nefna trúfræði, sálgæslu, litúrgíu, trúarbragðasögu, nýja testamentisfræði og gamla testamentisfræði. BA-próf í guðfræði er hægt að taka til 90 eininga eða á móti öðru fagi til 30 eða 60 eininga. Nám í guðfræðideild býður því upp á ýmsa möguleika og er góður grunnur fyrir framhaldsnám í fjölmenningsfélaga nútímans.

Djáknafræðin eru kennd til BA-prófs, en einnig er boðið upp á 30 eininga viðbótarnám til djákna-prófs að loknu háskólaþrófi í hjúkrunar- eða uppeldisfræðum.

Í guðfræðideild er ekki aðeins boðið upp á guðfræði- eða djákna-



ÓLÖF MARGRÉT SNORRADOTTIR
JÓDÍS KÁRADOTTIR

nám heldur einnig þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafraeðum. Enn sem komið er er námið aðeins til 30 eininga en stefnt er að því að auka það og gefa kost á því sem aðalámsgrein.

Allar nánari upplýsingar um nám í guðfræðideild má fá á heimasíðu

deildarinnar: www.gudfraedi.hi.is.

Í guðfræðideild er ekki aðeins boðið upp á fjölbreytt nám í akademískum fræðum undir leiðsögn eftirsótra kennara á heismælikvarða, heldur er einnig sterkt félagslíf í deildinni. Kapp er lagt á að nemendur og kennarar eigi gott samfélag sem einkennist af vinsemi og virðingu. Flóra nemenda og kennara er fjölbreytt og skemmtileg, nemendur eru á öllum aldri og með mismunandi bakgrunn. Fjölbreytni deildarinnar er því ekki aðeins í námsframboði heldur einnig þeim sem þar stunda nám og endurspeglast það í félagslífinu. Félag guðfræðinema stendur fyrir fjölda viðburða á hverri önn, sem sameina nemendur á öllum aldri. Háskóla-

kapellan er vel nýtt með vikulegum messum og öðru helgihaldi sem nemendur taka virkan þátt í. Hádegisfundir, heimsóknir í prófastsdæmi og í fyrirtæki og stofnanir, kokkteilboð og margt fleira er meðal þess sem í boði er. Óhætt er að geta þess að margir hafa kynnst sínum bestu vinum við nám í deildinni. Heimasíða Félags guðfræðinema er á slóðinni www.fiskurinn.is.

Fyrir áhugasama er hægt að skrá sig í grunnnám við Háskóla Íslands til næstkomandi þriðjudags, 5. júní, sjá nánar á síðu Háskólans www.hi.is.

Höfundar eru nemendur við guðfræðideild Háskóla Íslands.

Pyntingar og sjálfsvíg

UMRÆÐAN

Mannréttindabrot

Sádi-arabískur maður framdi sjálfsmorð í Guantanamofangabúðunum síðastliðinn miðvikudag. Í fanga-búðunum sem Bandaríkjamenn halda úti á Kúbu dvelja



ÞORSTEINN KRISTINSSON

hátt í fjögur hundruð manns og hafa sumir hverjir verið þar í allt að fimm ár án þess að mál þeirra hafi farið fyrir dómstóla. Fangarnir njóta ekki þeirra réttinda sem stríðsföngum ber samkvæmt Genfarsáttmálanum og mega þeir sæta miskunnarlausum pyntingum og barsmíðum. Sádi-arabinn sem fyrirför sér í gær var ekki sá fyrsti til þess að gera það í Guantanamo.

Við vitum að Bandaríkjamenn hafa notað íslenska flugvelli í þeim tilgangi að flytja fanga í pyntingabúðir, hvort heldur á Guantanamo eða í leynilegum fangelsi í Austur-Evrópu.

Upp á þetta getum við ekki horft aðgerðalaus og þaðan af síður verið virkir þátttakendur. Við vitum að Bandaríkjamenn hafa notað íslenska flugvelli í þeim tilgangi að flytja fanga í pyntingabúðir, hvort heldur á Guantanamo eða í leynilegu fangelsi í Austur-Evrópu. Umræddur aðili sem framdi sjálfsmorð á miðvikudaginn gæti allt eins verið einn þeirra „Íslandsvina“ sem hafa millilent hér á leið sinni til Guantanamo. Með þessum hætti eru Íslendingar óbeinir þátttakendur í skipulögðum mannréttindabrotum og er það ólíðandi með öllu. Ég skora á Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra að fara fram á tafarlausa lokun Guantanamofangabúðanna á Kúbu eða segja að öðrum kosti upp varnarsamningnum við Bandaríkjamenn og neita þeim um afnot af íslenskum flugvöllum.

Höfundur er varaformaður Ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

KAUPÞINGS MÓTARÖÐIN Á KORPU UM HELGINA



KAUPÞINGS MÓTARÖÐIN 2007

- 19. - 20. maí Garðavelli
- 02. - 03. júní Korpúlfsstaðavelli
- 23. - 24. júní Hólmsvelli í Leiru
- 26. - 29. júlí Íslandsmót, Hvaleyjarvelli
- 25. - 26. ágúst Íslandsmót í holukeppni, Urriðavelli
- 07. - 09. sept. Vestmannaeyjavelli
- 22. - 23. sept. Lokamót allra flokka, Grafarholti



Kaupþing er aðalsamstarfsaðili Gólfsambands Íslands



**MARILYN MONROE FÆDDIST
PENNAN DAG 1926**

„Leikkonur eru ekki vélar.
Engu að síður er komið
fram við þær eins og mask-
ínur. Peningamaskínur.“

Marilyn Monroe um hugsunar-
hátt ráðamanna í Hollywood.


PETTA GERÐIST: 1. JÚNÍ 1938

Action Comics lítur dagsins ljós

Fyrsta tölublað af teiknimynda-
sögum „Action Comics“ kom út á
þessum degi árið 1938, en í því
var fyrsta alvöru ofurhetjan, Super-
man eða Ofurmenninn, kynnt fyrir al-
menningi og um leið hófst raun-
veruleg saga teiknimyndasagna.

Skaparar Superman, Jerry Siegel
og Joe Shuster, höfðu árum saman
reynt að finna útgefanda að sögun-
um um manninn með stálkraftana,
en ekki haft erindi sem erfiði. Það
var ekki fyrr en félagarnir kynntu
hugmyndina fyrir yfirmönnum út-
gáfufyrirtækisins National Periodi-
cal Publications (nafninu var seinna
breytt í DC comics), sem þeir höfðu áður ljáð sköp-
unarkraftana, að hjólin fóru loks að snúast.
Myndasýrpa um Superman rataði beint á forsiðu



nýs tímarits, „Man of Tomorrow“, og
hitti beint í mark hjá almenningi,
sem virtist eiga sér leynda drauma
um bjargvætt utan úr heimnum
sem reddaði málunum. Enda höfðu
Bandaríkjamenn upplifað erfiða
tíma í kreppunni.

Í kjölfarið litu alls kyns litríkar
en mislífseigar ofurhetjur dagsins
ljós enda vildu sem flestir græða á
teiknimyndasöguæðinu. Á meðal
þeirra langlífustu má nefna Green
Lantern, Captain America, Wonder
Woman og Batman.

Action Comics er enn gefið út í
dag og nýtur töluverðrar lýðhylli,
þrátt fyrir nokkurt misgengi í gegnum árin, og má
þar vafalaust þakka þeim kvikmyndum sem gerðar
hafa verið um ofurhetjur síðastliðin tuttugu ár.

MERKISATBURÐIR

- 1533 Anne Boleyn, seinni eigin-
kona Hinriks VIII, er krýnd
drottning í Englandi.
- 1792 Kentucky er gert að
fimmtánda ríki Bandarík-
anna.
- 1943 Þjóðverjar skjóta niður
farþegaflugvél á leið frá
Lissabon til London í
seinni heimsstyrjöldinni.
Allir farþegarnir týndu lífi,
þar á meðal leikarinn Les-
lie Howard.
- 1967 Bítlamir gefa út plöt-
una Sgt. Pepper's Lonely
Hearts Club Band.
- 1977 Mannréttindafrömuður-
inn Anatoly Shcharansky,
sem er betur þekktur sem
Natan Sharansky, er form-
lega ákærður fyrir landráð
í Sovétríkjunum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI


Linda Vilhjálm-
sdóttir rithöfundur
er 49 ára.



Einar Vilhjálmsson
fyrrum spjótkastari
er 47 ára.



Morgan Freeman
leikari er 70 ára.



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Kristján Pétursson

húsasmíðameistari og formaður Félags
nýrnasjúkra, Dverghómrum 18, Reykjavík,

andaðist þann 30. maí. Útförin verður auglýst síðar.

Auður Thorarensen

Sólrún Lís Kristjánsdóttir

Garðar Kristjánsson

Magnús Arnar Sveinbjörnsson

Axel Örn Kristjánsson

Kristján Örn Kristjánsson

og barnabörn.

Olaf Möller

Kristín Snore

Jófríður Ósk Hilmarsdóttir

Steinunn Ýr Hjaltadóttir



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

Egill Kristinn Egilsson

vélvirki, Furugrund 75, Kópavogi,

lést að heimili sínu föstudaginn 25. maí 2007.

Útför auglýst síðar.

Elín Egilsdóttir Phifer og fjölskylda

Jón Andrésson og fjölskylda

Anna Þóra Sigurbórsdóttir og fjölskylda

og aðrir aðstandendur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýðug við andlát og útför ástkærrar
eiginkonu, móður, dóttur, tengdadóttur,
tengdamóður og ömmu,

Guðrúnar Ásbjörnsdóttur

tónlistarkennara, Hóltsbúð 4, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 11-G, Landspítala við
Hringbraut.

Páll Hannesson

Björn Rúnar Lúðvíksson

Jóhann Rúnar Pálsson

Ásbjörn Pálsson

Margrét Valgerður Pálsdóttir

Guðrún Sigurðardóttir

Steinþóra Margrét Nielsdóttir

og barnabörn.

Rósa Karlsdóttir

Huld Aðalbjarnardóttir

Ingibjörg S. Ármannsdóttir

Þórarinn Hauksson

Ásbjörn Guðmundsson



ALLTAF SÁ SAMI Jón Jósep Snæbjörnsson segist ekki finna fyrir neinum mun þótt hann sé orðinn þrítugur. Þvert á móti sé hann við hestaheilsu og hamingjusamur. Svo spilli nýja vinnan ekki fyrir, en sem kunnugt er starfar hann sem flugþjónn hjá Icelandair.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓN JÓSEP SNÆBJÖRNSSON SÖNGVARI: ER ÞRÍTUGUR Í DAG

Afmæli annarra skemmtilegri

Jón Jósep Snæbjörnsson, söngvari
og flugþjónn, er þrítugur í dag. Hann
segir ekkert skipulagt í tilefni dags-
ins, þar sem honum finnst fátt eins erfitt
og að halda upp á eigin afmæli, en
skemmti sér því betur í afmælisveisl-
um annarra.

„Í sannleika sagt er ég mjög lítið af-
mælisbarn og finnst eiginlega hálf
skrítið og hégómlegt að skipuleggja
eigin afmæliveislu,“ segir Jón, eða
Jónsi eins og hann er kallaður. „Það
er svo óþægilegt að athyglin eigi öll
að beinast að mér á þessum degi. Þar
að auki er ég að fara í flug á afmælis-
deginum og er því ekki búinn að plana
neitt.“

Jónsi bætir því við að honum þyki
líka heldur óspennandi tilhugsunin um
að þurfa kannski að hlusta á ræðuhöld
í veislunni, þar sem skopast sé á hans
kostnað. „Ég hef yfirleitt mikið skop-
skyn fyrir sjálfum mér, en er eitthvað

stressaður fyrir því. Ég var nú bara í
afmæli um daginn þar skemmtikraftur-
inn gerði óspart grín að mér og fannst
það heldur undarleg lífsreynsla.“

Jónsi viðurkennir að konan hans
Rósa Björgvinsdóttir eigi yfirleitt
frumkvæði í því að skipuleggja af-
mælisveislur fyrir bóndann og bjóði
þá fólk í köku eftir kúnstarinnar regl-
um. „Þetta er náttúrulega ósannjarnt
gagnvart henni, en ætli ástæðan felist
ekki í því að ég eigi erfiðara með að
gefa en þiggja,“ segir hann.

Spurður hvort hann telji að Rósa hafi
skipulagt eitthvað óvænt í tilefni dags-
ins, segist Jónsi helst ekki vilja svara
spurningunni, af ötta við að setja óþarfa
pressu á eiginkonuna. „Það yrði tilæt-
lunarsemi á hvor vegginn sem ég svaraði
þessu. Enda verð ég bara hæstánægður
með það sem hún tekur sér fyrir hendur,
hvað svo sem það kann að vera.“

Þótt Jónsi sé lítið fyrir að vera í sviðs-

ljósinu á afmælisdaginn sinn, skemmtir
hann sér manna best í afmælum ann-
arra og finnst upplagt að koma konunni
sinni á óvart þegar hún á afmæli. „Ég
lýg yfirleitt statt og stöðugt að Rósu
að ég hafi gleymt afmælisdeginum
hennar og þá sérstaklega gjöfinni, sem
ég er þá auðvitað fyrir löngu búinn að
kaupa handa henni,“ segir hann og hlær
stríðnislega.

„Einhvern tímann tókst mér að telja
Rósu trú um að afrofmögnunarsprey,
sem ég hafði keypt á bensínstöð rétt
fyrir hádegi á aðfangadag og kost-
aði einhvern 320 kall, væri jólagjöf-
in hennar,“ heldur hann áfram. „En þá
hafði ég hugsað þetta sem ratleik og
komið miða með vísbendingu um raun-
verulega þakkann fyrir í lokinu á brú-
anum. Ekki þarf að fjölyrða um það að
Rósa varð rosalega ánægð þegar mið-
inn kom í ljós.“

roald@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

Þórhildur Marta
Gunnarsdóttir

fyrrum framkvæmdastjóri, Mánatúni 4 í
Reykjavík,

lést að heimili sínu á hvítasunnudag 27. maí.
Útförin fer fram fimmtudaginn 7. júní kl. 13.00 í
Grafarvogskirkju. Blóm og kransar eru vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar
er bent á Ljósíð - endurhæfing fyrir krabbameinsgreinda.

Magnús Jónsson

Valgeir Magnússon

Valgerður Magnúsdóttir

Hildur Eva Valgeirsdóttir

Gunnar Ingi Valgeirsson

Silja Ósvaldsdóttir

Óli Rafn Jónsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýðug við andlát og útför elskulegs
eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa
og langafa,

Þórmundur Hjálmtýssonar

Sérstakar þakkir fær heimahjúkrunin Karitas og líknar-
deildin, Kópavogi.

Hólmfríður Jóna Arndal Jónsdóttir

Óskar Herbert Þórmundsson

Sigurjón Þórmundsson

Þórdur Rúnar Þórmundsson

Jóhanna S. Hannesdóttir

Sjöfn Sóley Þórmundsdóttir

Fanney Þórmundsdóttir

Sigurbjörn Jakob Þórmundsson

Þjarni Gaukur Þórmundsson

barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Helga Ragnarsdóttir

Ragnheiður Lilja Georgsdóttir

Ingibjörg Harðardóttir

Gunnar Þór Magnússon

Hilmar Jóhannesson

Anna Guðný Friðleifsdóttir

Sóley Ægisdóttir

MÖGNUN TILBOÐ

ACER 3682

FRÁ
2.036
Á MÁNUÐI KR

Örgjörvi 1.6GHz Intel Celeron M 420
Intel Celeron M með 1MB cache
Minni 512MB Dual DDR2 533MHz
Einfalt að stækka minnið
Harður diskur 60GB Ultra ATA
5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari DVD ± RW DL skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 14,1" TFT WXGA skjár
Hágæða skjár með 1280x800dpi
Skjákort 128MB Intel GMA950
Skjákort með DDR minni tölvunnar
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Práðlaust 54Mbps bráðlaust netkort
Innbyggð 802.11g með lofneti í skjá
Netkort Gigabit 10/100 base netkort
Einnig innbyggð 56k mótald
Stýrikerfi Windows Vista Home Basic
Orugga og öflugra
Annað Aðeins 2.77kg með rafhlöðu
Rafhlöðuending allt að 2 tímar

ACER ASPIRE 3682WXMI 1.6GHz INTEL CELERON M

INTEL CELERON

Intel Celeron er hannaður með orkusparnaði í huga og skilar því lengri rafhlöðuendingu



14,1" WXGA SKJÁR
14,1" Widescreen WXGA skjár með 1280x800 upplausn sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



DVD ± SKRIFARI

Vandaður DVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



INTEL GMA950

Intel GMA950 skjá kortið með allt að 128MB samnýtingu á minni tölvunnar. Windows Vista samhæft



WINDOWS VISTA

Tölvan er uppsett með Windows Vista Basic ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar



TENGI 3682WXMI

Innbyggður 5 in 1 kortalesari, 3xUSB 2.0, VGA, hljóð inn/út, 10/100 netkort, Type II PC Card o.fl.



VERÐ 69.900

500GB HARÐUR DISKUR



500GB SATA2 16MB

500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer

FLUID BEARING

Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingabetri hörðum diskum

WESTERN DIGITAL

Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu hörðu diskarnir í dag á enn betra verði en áður

VERÐ 11.900

320GB TWIX SPILARI

320GB

BEINT Í SJÓNVARP

Horðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist, allt saman án tölvu

BEINT Í GRÆJUR

Stjórnaðu með fjarstýringu spilun á tónlist úr TwiX 3,5" án tölvu eða sjónvarps

AUÐVELD Í NOTKUN

Spilar alla mögulega staða, AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

VERÐ 24.900

CORSAIR MINNI



1GB - Þöruð 2 stk 512MB DDR2, 667MHz 240pin PC2-5400, CL5 Corsair Value Select minni með lífstíðarábyrgð

VERÐ 4.490

MINNISKORT



1GB SD Plus minniskort og USB2 minnislykill frá SanDisk auðveldar þér að koma ljósmyndunum þínum í tölvuna

VERÐ 4.990

MSI 8600GT



Nýtt frá MSI, víftulaust GeForce8 NX8600GT skjá kort • 256MB DDR3 PCI-Ex 16x • Dual DVI • styður DirectX 10

VERÐ 16.900

20" ACER SKJÁR



20" Acer AL2017 LCD breiðtjaldsskjár 1400x1050 • 600:1 í skerpu, 8ms viðbragðstími • VGA tengi • sílfurlitur

VERÐ 22.900



15" University ferðtölvubakpoki frá Manhattan
VERÐ 3.990



15" Empire II hlíðartaska frá Manhattan
VERÐ 5.990



15" City Bag ferðtölvubakpoki frá Manhattan
VERÐ 6.990



Logitech Dialog 812 heyrnatól m. hljóðnema
VERÐ 2.490



Svartur Samsung S183A 18x SATA DVD skrifari
VERÐ 5.990



80GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 9.990



120GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 12.900



160GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 16.900

TÖLVU LISTINN

Nóatúni	17	Reykjavík.	☎	414 1700
Glerárgötu	36	Akureyri.	☎	414 1730
Hafnargötu	90	Keflavík.	☎	414 1740
Miðvangi	2-4	Egilsstaðir.	☎	414 1735



Bloggaðu með simanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!

Automan.BlogCentral.is
Ich bin ein ferðalangur.
Kjallinn bra stærelaust að ferðast úggjöldum...

Viltu sei'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

25
milljónir

Fjölfaldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is



lotto.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Léleg réttlætning

ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON ER LÍTÍÐ FYRIR RAUNVERULEIKASJÓNVARP



Kvikmyndir hafa alltaf haft mikil áhrif á mig. Þegar ég hef horft á myndir um ofurhetjur finnast mér ég fullur af nýupp-götvaðum kröftum og fær í flestan sjó. Þegar ég hef horft á mynd um heimshornafökkara er ég sjálfur farinn á flakk í huganum með bakpokann og kompásinn í hendinni. Í nokkrar mínútur eftir að ég horfði á The Devil Wears Prada var ég þess fullviss að framtíð mín lægi í tiskubransanum. En eins og kvikmyndir eiga auðvelt með að fanga mig er merkilegt að ég hef alveg sloppið við raunveruleikabætt-

ina. Eflaust er það vegna þess að ég gef mér ekki mikinn tíma til að horfa á sjónvarp. Reyndar er það svo að ég er mjög fordómfullur í garð raunveruleikabátta. Ef svo vill til að þeir koma á skjáinn þegar ég er að horfa er ég fljótur að skipta um stöð.

Í kvöld verður sýndur raunveruleikabáttur í Hollandi sem mun að ég tel slá öll met. Hugmyndin er líka svo út úr kú, að meira að segja mig langar til að fylgjast með.

Í þættinum munu hollenskir sjúklingar keppa um nýra úr 37 ára dauðvona konu. Hún mun hlusta á sögu sjúklinganna og með aðstoð SMS-kosningar ákveða hver hlýtur nýrað í beinni útsendingu.

Eins og við var að búast vöktu

fréttir af þættinum misjöfn viðbrögð og hafa hollensk stjórnvöld skorað á framleiðendur þáttarins að hætta við útsendinguna. Almenningur í Hollandi hefur heldur ekki setið á skoðunum sínum, hvort sem menn eru fylgjandi eða á móti þættinum.

Framleiðendurnir voru hins vegar ekki lengi að benda á ágæti þáttarins. Með honum væri nefnilega verið að vekja upp þarfa umræðu um stöðu líffæraþega. Þessi rök þykja mér ekki góð. Með sama móti má réttlæta svo margt. Líkamsárásir í miðbæ Reykjavíkur hafa vakið þarfa umræðu um ofbeldi. Ég vona að sú umræða verði ekki notuð sem réttlætning fyrir frekara ofbeldi.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





frábært verð á barnaskóm



Ballerínuskór ⇒ 1.999 kr



Ballerínuskór ⇒ 1.999 kr



Ballerínuskór ⇒ 1.999 kr



Sandalar ⇒ 1.999 kr



Sandalar ⇒ 1.999 kr



Sandalar ⇒ 1.999 kr



Ballerínuskór ⇒ 1.999 kr



Ballerínuskór ⇒ 1.999 kr



Espadrillur ⇒ 1.999 kr



Sportskór ⇒ 1.999 kr



Sportskór ⇒ 1.999 kr



Sportskór ⇒ 1.999 kr

Gildir til 30. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versta

Jómfrúardjassinn kynntur



Kl. 21.00

Söngvarinn Páll Óskar og Monika hörpuleikari halda tónleika í Víðistadakirkju á vegum hátíðarinnar Bjartir dagar í Hafnarfirði. Þar koma þau fram ásamt strengja-kvartett. Flutt verður bæði nýtt og gamalt efni eftir íslenska og erlenda höfundar, þar á meðal eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, Magnús Þór og Burt Bacharach.

menning

menning@frettabladid.is

Djasstónleikar á veitingastaðnum Jómfrúnni eru orðinn fastur liður í sumarafþreyingu fjölmargra miðborgargesta en á dögnum var kynnt hvaða tónlistarfólk mun troða upp í portinu hjá Jakobi Jakobssyni veitingamanni á laugardagseftirmiðdögum í sumar.

Tónleikaröðin Sumarjazz á Jómfrúnni er nú haldin í tölfta sinn en veg og vanda af henni hefur Sigurður Flosason saxófónleikari. Sú breyting verður nú á að tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17 og sem fyrr verður leikið undir berum himni ef veður leyfir.

Félagarnir Thomas Madsen og Andrés Þór Gunnlaugsson ríða á vaðið næstkomandi laugardag ásamt Valdimari Kolbeini Sigurjónssyni og Scott McLemore en í júnímánuði leika einnig félagar í Kvartett Sigurðar Flosasonar, Kvartett Hauks Gröndal, hljómsveit dönsku hjónanna Hanne og Nils, sem kennd er við Valentine kvintettinn, og Kvartett Jóels Pálssonar.

Það væsir ekki um gesti í svo yndisfylltum



SKÁLAB FYRIR SUMRINU Jakob Jakobsson veitingamaður og Sigurður Flosason hafa átt farsælt samstarf um djasstónlistarflutning á Jómfrúnni í Lækjargötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

félagsskap og standa vonir til þess að stemningin á Jómfrúnni verði ekki síðri en undanfarin sumur.



> Dustaðu rykið af ...

hinni rámrödduðu **Bonnie Tyler**. Þessi velska þökkadís, öðru nafni Gaynor Hopkins, er þekktust fyrir sturtuslagara á borð við **Total Eclipse of the Heart** og **Holding Out for a Hero** en ný sólóplata, *From the Heart*, er væntanleg á þessu ári. Um að gera að rýma til fyrir henni í hillunum.

Sgt. Pepper fertug

Í dag eru fjörutíu ár síðan hljómplatan Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band kom út. Platan, sem kom upprunalega út á vínýl, var áttunda plata The Beatles og er af flestum talin hafa markað tíma-mót í efnisvali og hljóðritunartækni poppsins. Ólíkt fyrri plötum með nýjum lögum eftir Lennon, McCartney og Harrison hafði platan yfir sér heildarsvip, en þar voru í bland lög sem vísuðu til fornra tíma og nýrri vandamála ungra sem aldinna. Platan var var miklum mun lengur í vinnslu en



fyrri verk The Beatles, tók marga mánuði, sem réðst af því að margrása tæknin sem var enn í bernsku var notuð til hins ítrasta af George Martin og Geoff Emerick í Abbey Road-hljóðverinu. Keimlíkar tilraunir var verið að vinna víðar á vegum hljómsveita á borð við Rolling Stones, Kinks og Beach Boys. Sagan hefur dæmt Bítlunum vinninginn. Platan var heillengi á vinsældalistum og er ótvírætt eitt áhrifamesta safn dægurlaga sem kom út á seinni helmingi síðustu aldar.

- pbb

Lóan við vatn í Feneyjum

Steingrímur Eyfjörð stendur í stórum móttökusal við Stóra kanalinn í Feneyjum og stýrir uppsetningu á sýningu sinni sem verður framlag Íslands til tvíæringisins þar í borg sem er haldinn í 52. sinn í sumar.

Það er rétt tæp vika í opnun þar og gólfíð og salinn eru menn í óða önn að klæða með vatnsþéttum krossvið, ekki vegna flóðahættunnar þótt salurinn sé rétt ofan við vatnsborðið í kanalnum, heldur vegna þess að Steingrími þykir hlutlaus liturinn á krossviðnum rýma vel við fornt umhverfi salarins og máða liti sem eru ráðandi í sýningunni hans.

Gólfíð í nær tvö hundruð fermetra salnum er steinlagt en mynstrið undir fótum manna er líka máð. Hér lyktar allt af fornri sögu: yfirskrift tvíæringisins er upp á alþjóðlega verslunartungu engilsaxa: Think with the Senses – Feel with the Mind.

Steingrímur segir að þá hann fékk það verkefni síðasta haust að taka saman sýningu hafi hann afráðið að leggja af stað eins og smalinn forðum og leita ekki enn finna: „Ég tók viðtöl við fjölda manna og þá komu upp í hendurnar á mér hugmyndir sem ég tók að velta fyrir mér. Ég var ráðinn í að fara ekki af stað með fyrirfram ákveðna hugmynd, heldur hafa ferlið lifandi og opið en ekki afráðið og vélrænt.“ Sýningin skiptist enda í nokkur hólf. Grunnhugmyndin tengist íslenskasta allra fugla, vorboðanum ljúfa, lóanni. „Það eru fuglar í öllum menningarheimum sem boða vorið, koma þeirra staðfestir árstíðirnar. Það er lóan hjá okkur og rauðbrystingurinn hjá Ameríkönun.“ Þegar honum er bent á að farfuglar vorsins voru veiddir í net og háfa á Ítalíu og notaðir sem veislumatur, hlær hann við og segir það dæmigert: „Íslendingar bjuggu við matarforða en kunnu ekki að notfæra sér hann.“

Hann varð fengsælli á veiðum sínum á hugmyndum sem efnivið í sýninguna: í tengslum við lóana sem vorboða sem á upptök sín í rómantísku stefnunni var honum staðar numið við ævi og verk fjölfræðingsins Benedikts Gröndal. Um það leyti var deilt um flutning á húsi Gröndals við Vesturgötu. „Í flestum löndum væri slíkt hús lagt undir safn um merkilegan mann. Benedikt skrifaði árið 1853 merkilega grein um fagurfræði sem ég birti í sýningar-skránni. Þar er undirstrikað að listin á sér engin landamæri, hún er ekki bundin þjóðerni. Hann var 28 ára gamall og stóð báðum fótum í klassískri menningu fornaldar og menningu norræna þjóða. Mér finnst þessi hugsun eiga erindi hingað til Feneyja og merkilegt að við höfum átt mann um miðja nítjándu öld sem hugsaði svona.“

Þriðji þátturinn í efnivið sýningarinnar er líka frá fyrri tíð: Steingrímur gerir sér mat úr þjóðfræði, hugmyndum okkar um



MYNDLIST Steingrímur Eyfjörð á að baki langan feril í myndlist sinni sem hefur jafnan litið á hugmyndir okkar sem efnivið sinn.

huldufólk sem veruleika. Á sýningu hans eru gripir sem sagðir eru úr eigu huldufólks og hann höndlar frásagnir af samskiptum manna og huldufólks sem staðreynd sem hlýtur að koma flestum Evrópumönnum á óvart, svo langt er síðan upplýsingin drap í dróma hugmyndir á meginlandinu um yfirsýggða staði, álfa, tröll og goðmögnum ýmiss konar, þótt hinn goðsögulegi heimur hafi eflst mjög í skáldskap og kvikmyndum að sama skapi hin síðari ár.

„Þetta tengist allt saman sem íslenskur veruleiki,“ segir Steingrímur og hefur litlar áhyggjur af þessu efnisvali sínu og samþættingu. Hann er að vonum sáell með dvöl sína í Feneyjum. Fáar borgir halda jafn vel utan um þegna sína á þröngum götum lausar við bíla-



MYNDLIST Lóan er megintákníð í myndlist Steingríms Eyfjörðs Kristmundssonar sem er fulltrúi Íslands á tvíæringnum í Feneyjum þetta sumarið.

umferð. Íslenski sýningarsalurinn er nú nokkuð langt frá hinu stóra sýningarsvæði þar sem flestar sýningar tvíæringisins fara fram. Það er Hanna Styrmsdóttir sem er framkvæmdastjóri verkefnisins en með þeim þar suður frá eru þau Úlfur Grönvold, Sigrún Sirra Sigurðardóttir og Erling Klingenberg að vinna við uppsetninguna. Yfir öllu vakir svo dr. Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, fyrir hönd menntamálaráðuneytis. Opnun verður að kvöldi 6. júní en almenningi verður greiður aðgangur að sýningunni hinn 10. og stendur sýningin uppi í Feneyjum til hausts. Hundruð þúsunda manna munu leggja leið sína til Feneyja að sjá tvíæringinn þetta sumar sem hin fyrri en sýningin heldur enn sinni yfirburðastöðu meðal stór-sýninga á myndlist Evrópu. Auk framlags frá menntamálaráðuneyti er Baugur helsti styrktaraðili sýningar Íslands þetta árið en að auki leggja margir aðrir minna til: Landsvirkjun, Glitnir, Landsbankinn, Reykjavíkurborg, utanríkisráðuneytið, Straumur-Burðarás, Tryggingamiðstöðin, Icelandair, Island Tours og Vodafone.

Steingrímur segir sýninguna verða komna upp nú um helgina og segist spenntur að sjá hvernig safn sitt af íslenskum sérkennum muni njóta sín í fimm hundruð ára gömlum móttökusal við vatnsborð lónsins mikla þar sem Feneyjar rísa úr hafi. Þangað er enda stefnt miklum fjölda gesta og ekki ólíklegt að þessi sneið af veruleika okkar verði mörgum minnstæð sem þangað rata.

pbb@frettabladid.is

Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld
Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatsedill á leikfúskvöldum

MIÐASALA FLYTUR, SJÁ NEÐST!

Kassinn Lindargötu 7 kl. 20:00

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.

Í kvöld, fös. 1/6 örfá sæti laus, sun. 3/6 uppselt. Síðustu sýningar í vor!

ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPJA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!

Kúlan, Lindargötu 7

LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleik-sýning ársins. Sýnd kl. 20.00.

Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6. Aðeins þessar tvær sýningar!

Þjóðleikhúskjallarinn

ÞETTA MÁNAÐARLEGA - HUGLEIKUR - TÓNLISTARDAGSKRÁ

Í kvöld, fös. 1/6 kl. 22:30, almennt miðaverð kr. 1000,-

ARIAL GIRLS - finnskur sönghópur

Lau. 2/6 kl. 20.00. Aðgangur ókeypis meðan húsrúm leyfir.

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is

Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda. Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“

GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Í kvöld kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20
Lau 23/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST

Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. Sun 3/6 kl. 20 UPPS.
Fim 7/6 kl. 20 UPPS. Lau 9/6 kl. 20
Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

BELGÍSKA KONGÓ

Mið 6/6 kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Mið 13/6 kl. 20 AUKAS.
Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar sýningar

DAGUR VONAR

Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
EKKI er hleypt inni salinn eftir að sýning er hafin
Síðustu sýningar í vor

LÍK Í ÓSKILUM

Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSAMKEPPNIN 25 TÍMAR

Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

EDGE



Nýtt tákni um gæði



FORD EDGE AWD

Nýr sportjeppi fyrir þá sem standa á brúninni

Ford Edge AWD stendur á brúninni og brúar bilið milli sportbils og jeppa. Djörf og sportleg hönnun nýja Ford Edge AWD og ögrandi viðmót hans höfðar til þín sem ert opinn fyrir nýjum áskorunum og nýrri reynslu. Ford Edge hefur fjölhæfnina sem þú leitar eftir. Ford Edge veur athygli fyrir djarfan stíl og ánægjulega akstursupplifun. Komdu í Brimborg. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford Edge - sparneytinn og vistvænan bíl.

*Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig*

Ford Edge AWD Genuine Design. Hönnun Ford Edge AWD sýnir í verki einlægna vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Edge AWD merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vistvænan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Veldu Edge AWD.

Nýtt tákni um meira en gæði
FORD EDGE AWD
Verð frá 4.590.000 kr.*
3,5i V6 265 hö 5 dyra
6 þrepa sjálfskipting

Komdu - prófaðu nýjan sportjeppa
Komdu í Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Edge SEL. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

„Útkjálkalistamenn“ á alþjóðlegum jaðri

Heimóttaskapur hefur sjaldnast þótt mönnum til framdráttar en í hverju felst hann þegar á hólminn er komið? Á morgun verður opnuð sýning þar sem umfjöllunarefnið er „útkjálkamenska“ auk þess sem málþing er skipulagt af sama tilefni.

Sýning listahóps sem kennir sig við „The Provincialists“ verður opnuð í Gerðarsafni kl. 15 á morgun en þar er á ferðinni hópur norræna listamanna sem hittist fyrst í skandinavíska listamannabústaðnum í Róm árið 2004. Sýningin ferðast hingað frá Færeyjum, með ýmsum viðbótum, og geymir verk eftir fjóra listamenn frá Íslandi, Færeyjum, Svíþjóð og Noregi.

Þórdís Alda Sigurðardóttir myndlistarmaður segir að þó hún hafi ekki oft leitt hugann að útkjálkamensku áður en hún komst í kynni við kollega sína suður í Róm, hafi sú hugmynd samt skotið sér niður við ýmis tækifæri. Hún segir að það sem sameini hópinu nú sé sú staðreynd að þau komi öll frá stöðum sem liggja utan hringiðunnar myndlistinni. „Við búum ekki á stöðum þar sem straumar og stefnur eru ákvarðaðar. Við erum öll á jaðrinum - við Norðurlandþjóðirnar og einnig þeir sem búa fyrir utan stærstu menningarborgir heimsins.“ Þórdís Alda nefnir að ólík tækifæri bjóðist listafólki utan heimsborga myndlistarinnar og að í rötunum búi ákveðinn kraftur. Þrátt fyrir stórkostlegar framfarir í samskiptum og meiri hreyfanleika er útkjálkamenskan enn þá til en ein for-

senda sýningarinnar er að norðursvæðin í heild ásamt okkar litlu höfuðborgum séu hluti af hinni hnattrænu „útkjálkalist“.

„Það er ekki eins og við séum að gera eitthvað sérstaklega út frá þessari hugmynd, við gerum að sem við verðum að gera,“ útskýrir Þórdís Alda. „Hugsanlega munu aðrir koma auga á tengsl verkanna fremur en við sjálf – það verður spennandi að sjá hvort gestir sýningarinnar komi auga á einhvers konar samnefnara í túlkun eða myndheimi verkanna.“

Í augum þátttakendanna snýst sýningin ekki um einangrunarstefnu heldur fyrst og fremst sátt við uppruna sinn. „Okkur finnst jákvætt að vera einfaldlega það sem maður er – og fara ekkert í graf-götur með það. Þetta snýst ekki um staðfræði heldur um það sem við getum gert – það sem stendur okkur næst og líka það sem hefur áhrif á okkur, hvort sem það kemur úr okkar nánasta umhverfi eða við þurfum líka að teygja okkur þangað sem straumarnir eru - það er jú partur af nútímanum.“

Verk Þórdísar Öldu, innsetningin „Út í bláinn“, vísar til ferðalaganna – þarfar mannsins til að skoða sig um í heiminum og öllu sem því fylgir, bæði jákvætt og neikvætt. „Það er afstætt hvað vekur undrun og furðu – okkur finnst margt skrytið þegar við erum erlendis og við erum skrytín í augum annarra,“ áréttar Þórdís Alda.

Náttúran er einnig mikilvægur þáttur í verki hennar líkt og í verkum færeysku listakonunnar Astri Lúihn sem sýnir málverk og prent á sýningunni en þau vinna hún mikið til út frá gömlum godsögnum. Þriðji listamaðurinn, Norðmaðurinn Ane Lahn, sýnir vídeóverk í Gerðarsafni en verk hans

þrjú bera yfirskriftir heimsálfa-anna Ameríku, Afríku og Evrópu.

Sænska listakonan Madeleine Park vinnur einnig með vídeó en innsetning hennar Disco Molecule hverfist um þær efnafræðilegu breytingar sem verða innra með mannum þegar hann upplifir tilfinningalegt áreiti. Park hefur herbergi á neðri hæð safnsins til umráða en þar sendir hún einnig út hljóð er byggja þessum líffræðilegu umskiptum í bland við dúndrandi diskótóna lagins „I Feel Love“ með Donnu Summer.

Málþing tengt sýningunni hefst í fyrramálið kl. 10 og fer fram í húsakynnum ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut. Markmið málþingsins er að skapa vettvang fyrir gagnrýnar og áhuga-verðar umræður um hugtakið „provincialism“, sem gæti útlagst sem sveitamennska á íslensku. Frummælendur þar koma víða en lengst ferðast Theaster Gates Jr., listamaður og kennari við listadeildina í Chicago-háskóla sem einnig mun fremja gjörning á opnuninni ásamt hljóðfæraleikurum.

Þá munu Arna Mathiesen, arkitekt sem búsett er í Osló, Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands, Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur og Hulda Rós Guðnadóttir, fræði- og listamaður einnig ræða hugtakið frá mismunandi sjónarhornum og beita því á samtímalist sem og samfélagið almennt. Málþingið verður haldið á ensku og er opið öllum.

Sýningin stendur til 24. júní, en hún verður sett upp í Hamar í Noregi nóvember og í framhaldinu í Chicago í Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á heimasíðunni www.provincialists.com kristrun@frettabladid.is



HVAÐ ER „ÚTKJÁLKALIST“ Í ALPJOBÁVÆDDUM HEIMI? Á sýningu „The Provincialists“ í Gerðubergi eru diskómólekúl og danstaktar frá Donnu Summer, málverk, innsetningar og vídeóverk sem vísa til þriggja heimsálfa

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði

Hefur gæðin

Með bilinn handa þér

Bill á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið, stigbretti.

Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

29 30 31 1 2 3 4

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 20.30 Íslenski saxófónkvartettinn** leikur franska tónlist í **Hafnarborg**, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, í kvöld. Hljóðfæraleikarar eru **Vigdís Klara Aradóttir** sópran-saxófónn, **Sigurður Flosason** alt-saxófónn, **Peter Tompkins** tenór-saxófónn og **Guido Bäumer** barítón-saxófónn. Tónleikarnir eru hluti af menningarháttíðinni Björtum dögum í Hafnarfirði.
- 20.30 Karalakórinn Heimir** í **Skagafirði** heldur tónleika í **Digraneskirkju**. Gestasöngvarar að þessu sinni eru tveir Skagfirðingar, **Margrét Stefánsdóttir**, sem nú er kórstjóri og hrossabóndi í Ölfusinu, og bassasöngvarinn **Ásgeir Eiríksson**. Stjórnandi er **Stefán R. Gíslason**.
- 22.00 Hljómsveitirnar Dikta** og ábreiðubandið **Purrkur Pillnikk** spila á **Grand Rokk**. Þetta er liður af menningardögum GrandRokk sem stendur yfir fyrstu helgina í júní. Tónleikarnir hefjast upp úr kl. 22.
- Þungarokkstónleikar í **Tónlistarbrúnaarmiðstöðinni**. Hljómsveitirnar **Quiritatio**, **Myra**, **Ask the Slave** og **Peer** koma fram. Ekkert aldurstakmark.

FYRIRLESTRAR

- 12.00 Dr. Jürgen Moltmann**, prófessor emeritus við háskólann í Tübingen í Þýskalandi, heldur opinberan fyrirlestur í hátíðarsal **Aðalbyggingar HÍ**. Yfirskrift fyrirlestursins er: **The Crucified God. A Theology of the Cross**.

SAMKOMUR

- 14.00 Lára Magnúsdóttir** ver doktorsritgerð sína við hugvísinda-deild **Háskóla Íslands**. Ritgerðin ber yfirskriftina **Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275-1550. Lög og rannsóknarforsendur**. Andmælendur eru **dr. Haki Antonsson** prófessor og **dr. Orri Vésteinsson** lektor. **Oddný Sverrisdóttir**, forseti hugvísinda-deildar, stjórnar athöfninni sem fer fram í Hátíðarsal HÍ. Athöfnin er öllum opin.

SÝNINGAR

- 10.00 Myndlistarmennirnir Þuríður Sigurðardóttir og Helgi Þorgils Friðjónsson** halda sýningar í listamannahúsi **Start Art** á Laugavegi 12b. Sýningarrýmið er opin virka daga frá 10-17 og á laugardögum milli 13 og 17.
- 13.00 Vegna menningarháttíðarinnar Bjartir dagar í Hafnarfirði** opnaði **Pétur Gautur** málverkasýningu í **Gallerí Thors** v. Thorsplanið í Hafnarfirði í gær. Þar sýnir Pétur ný vorleg málverk af flöskum, könnum og fleira. Sýningin stendur til laugardagsins 16. júní.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

GERÐUBERG www.gerduberg.is

Ég bið að heilsa
Sýning á bútasamsverkum í tilefni af 200 ára fæðingarársmæli Jónasar Hallgrímssonar

Erró - Kvenfólk
Sýning á grafíkverkum í eigu Listasafns Reykjavíkur

Af hjartans list!
Alþýðulistamaðurinn Ágúst Jónsson sýnir málverk í Boganum

Heitt og kalt
Ferðatöskusýning Evrópusamtaka bútasamsfélaga. Sýnd eru 17 teppi frá jafnmörgum löndum

Vissir þú af...
góðri aðstöðu fyrir ráðstefnur veislur, námskeið, fundi o.fl. Nánar á www.gerduberg.is

Athugið nýjan opnunartíma!
Sýningar eru opnar virka daga kl.11-17
Lokað um helgar í júní

Árviss eins og krían

Eitt af kennileitum sumarsins er Brúðubíllinn sem hefur skemmt yngstu leikhúsgestunum frá árinu 1980 undir stjórn Helgu Steffensen.

Sýningar Brúðubílsins eru sniðnar að þörfum yngstu borgaranna og eru oft þeirra fyrstu leikhúsfærðir.

Í ár eru margar brúður inn- og útlönd, bæði gamlir og nýir kunningjar. Júnileikritið heitir „Segðu mér söguna aftur“ og samanstendur af stuttum leikþáttum sem allir fjalla um það hvað það er mikilvægt að vera maður sjálfur – ekki halda að allir aðrir hafi það betra og séu fallegri. Ein persónan þar er til að mynda asni sem langar þessi lifandis ósköp

að vera ljón. Helga Steffensen semur handrit og gerir brúðurnar en henni til halds og trausts við stjórnunina er Aldís Davíðsdóttir. Leikstjóri sýningarinnar er Sigrún Edda Björnsdóttir en hún sér einnig um leikraddir ásamt Ladda, Álfrúnu Örnólfsdóttur og Helgu.

Fyrsta sýningin fer fram í Hallargarðinum við Fríkirkjuveg 11 næstkomandi mánudag kl. 12 en dagskrá sumarsins má nálgast á heimasíðunni www.barnanet.is/brudubillinn.

BRÚÐUBÍLLINN BYRJAR SUMARRÚNTINN
Fyrsta leikhúsfærð margra barna er á sýning Brúðubílsins.



Fjölbreytt störf í framsækinni atvinnugrein

Íslenskur sjávarútvegur er öflugur og framsækinn. Hann er í fremstu röð í heiminum og sóst er eftir sjávarafurðum, þekkingu og þjónustu frá Íslandi.

Skipstjórnar- og vélstjórnarnám í Fjöltækniskólanum, er fjölbreytt nám sem veitir aðgang að vel launuðum störfum, bæði á sjó og í landi.

Kynntu þér skipstjórnar- og vélstjórnarnám hjá **Fjöltækniskólanum** á www.fti.is. **Umsóknarfrestur rennur út 10. júní n.k.**

Við bjóðum einnig nám í flugstjórn til atvinnuflugs og nám á náttúrufræðibraut, skipstækni, véltækni, raftækni og flugtækni og Diploma nám á háskólastigi.





> Í SPILARANUM

Paul McCartney - Memory Almost Full
Fields - Everything Last Winter
Panda Bear - Person Pitch
Trío Björns Thoroddsen & Andrea Gylfa - Vorvísur
Queens of the Stone Age - Era Vulgaris

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Gerðu plötu með Ferrell

Breska hljómsveitin Kaiser Chiefs hefur hætt við að gefa út plötu með nýju efni á þessu ári. Fyrir nokkrum mánuðum tilkynnti bassaleikarinn Simon Rix að þeir félagar ætluðu að gefa út efni sem þeir tóku upp á sama tíma og þeir tóku upp síðustu plötu sína Yours Truly, Angry Mob.

Forspraki Kaiser Chiefs, Ricky Wilson, hefur borið þetta til baka og segir að Rix hafi einfaldlega verið að grínast. Segir hann að platan, sem átti að byggja á persónu Will Ferrell úr kvikmyndinni Anchorman,



KAISER CHIEFS Breska hljómsveitin Kaiser Chiefs gefur ekki út nýja plötu á árinu.

sé hræðileg og muni aldrei líta dagsins ljós. „Eina nóttina vorum við staddir í hljóðverinu með hljóðmanninum okkar. Við tókum upp plötu á 45 mínútum og sömdum hana jafnóðum. Við kölluðum hana Bad vegna þess að hún er hræðileg. Við fengum innblástur frá persónu Will Ferrell í Anchorman sem segir bara frá öllu sem hann sér,“ sagði Wilson. „Ég hef ekki hlustað á hana síðan við tókum hana upp. Ég væri til í það en ég veit að ég fengi hroll því hún er virkilega ófyndin.“



> Plata vikunnar

Feist - The Reminder

★★★★

Mögnuð plata sem veitir manni bæði hugarró og gleði. Nákvæmlega það sem tónlist snýst að svo mörgu leyti um. SHA



TÓNINN GEFINN Steinþór Helgi Arnsteinsson

Morr á Íslandi

Morr Music er eitt áhugaverðasta sjálfstætt starfandi plötufrirtæki Evrópu. Því ber að fagna heimsókn þess hingað til lands, ekki síður í ljósi þeirrar staðreyndar að þar eru að mála tvær af vonarstjörnum íslensks tónlistarlífs, Seabear og Benni Hemm Hemm. Tvennir stórir tónleikar á vegum Morr (Morr er einnig nafn á einum af guðunum í Warhammer) eru á döfni hérlandis á næstu dögum, annars vegar á AIM-tónleikahátíðinni á Akureyri núna um helgina og hins vegar í Iðnó í næstu viku.

Morr Music var stofnað af Berlínarbúanum Thomas Morr árið 1991 og frá upphafi hefur fyrirtækið sérhæft sig í framsækinni raftónlist og indí-tónlist af ýmsum toga. Reyndar var það áhugi Thomasar einn og sér sem réði úrslitum um hvort listamenn fengu að gefa út hjá Morr eða ekki. Thomas hefur sem dæmi sérstaklega mikinn áhuga á shoegaze og draumkenndu rokki. Thomas hefur meðal annars unnið að því að vinna sér inn útgáfuréttinn á plötum Slowdive. Það gekk víst erfiðlega en endaði með því hin tvöfalda Blue Skied an' Clear kom út árið 2002. Platan innihélt ábreiður listamanna hjá Morr af hinum ýmsu Slowdive lögum, meðal annars ein ábreiða með Múm. Sú kjarngóða íslenska sveit hefur einnig gefið út eina endurhljóðblöndunarplötu undir merkjum Morr.

Hjá Morr ber ýmissa grasa. Líklegast eru þekktustu nöfnin Lali Puna, B. Fleischmann og Ms. John Soda en þarna er einning að finna Miami poppsveitina Electric President (sem hefur átt lag í The O.C.), danska rafpiltinn Manual, hinn mjúka Styrofoam frá Belgíu og margar fleiri.

Tónlistarmennirnir sem heimsækja okkur á klakann í þessum mánuði eru heldur ekki af verri endanum. Isan er líklega þekktasta nafnið en sveit sú er breskur dúett sem hefur sent frá sér fjölmargar plötur sem þykja margar með bestu rafplötum síðasta áratugs. Tarwater er líka annar dúett sem hefur verið lengi í bransanum og þykja margar plötur sveitarinnar afbragð, en sveitin byrjaði reyndar ekki hjá Morr fyrr en 2005. Þriðja erlenda Morr hljómsveitin er einmenningsveit Belgans Dieter Sermeus, The Go Find, og er einkar skemmtileg. Spilar heillandi rafpopp sem minnir helst á Death Cab for Cutie.

Erlendu Morr sveitirnar þrjár, ásamt íslensku Morr sveitunum Seabear og Benni Hemm Hemm, spila á tónleikum á Græna hattinum á Akureyri í kvöld og sveitirnar endurtaka síðan leikinn á Iðnó, þriðjudaginn næsta. Það verður síðan enginn annar en sjálfur Thomas Morr sem mun sjá um að þeyta skífum bæði kvöldin.



BENNI HEMM HEMM
Gefur út hjá Morr.

Með ákveðna sýn á hlutina

Plötusnúðurinn og upp-tökustjórinn Mark Ronson hefur nóg að gera þessa dagana. Hann á stóran þátt í velgengni bæði Lily Allen og Amy Winehouse, starfrækir eigið plötufrirtæki og var að senda frá sér sína aðra plötu, Version. Trausti Júlíusson skoðaði Mark.

Nafnið Mark Ronson hefur verið töluvert í umræðunni undanfarið. Hann hefur spilað mikið sem plötusnúður (kom m.a. til Íslands fyrir fáum árum) og hefur verið duglegur að pródúsera stjórnur eins og Christinu Aguilera, Robbie Williams, Lily Allen og Amy Winehouse. Lily og Amy eiga honum mikið að þakka en honum tókst reyndar ekki að bjarga síðustu plötu Robbies, en það hefði sennilega enginn getað. Mark sendi fyrir nokkrum vikum frá sér nýja plötu, Version, sem hefur að stærstum hluta að geyma hans útgáfur af lögum með jafn ólíkum listamönnum og Radiohead, Britney Spears, Coldplay, The Smiths, The Jam og The Zutons. Um sönginn á plötunni sjá m.a. Lily, Amy, Robbie, Kasabian, Daniel Merriweather og Paul Smith úr Maximo Park.

Plötusnúður fræga fólksins

Mark Ronson er stjúpsonur Mick Jones úr hljómsveitinni Foreigner (en ekki sonur Mick Ronson, gítarleikara David Bowie, eins og lengi var haldið fram). Hann bjó fyrstu átta ár ævi sinnar í Englandi, en flutti svo með móður sinni til Brooklyn. Mark stofnaði hljómsveit í skóla (spilaði á gítar), en fékk fönk og hip-hop bakteríuna þegar hann var 16 ára og byrjaði að spila sem plötusnúður. Hann varð mjög vinsæll og fékk viðurnefnið „plötusnúður fræga fólksins“. Hann spilaði mikið á tískusýningum og Puff Daddy fékk hann til að spila í 29 ára afmælisveislunni sinni. Fyrsta plata hans, Here Comes The Fuzz, árið 2003. Á henni var m.a. lagið Ooh Wee sem Ghostface Killah og Nate Dogg röppuðu.

Motown/Stax fönk

Það komu margar stjórnur við sögu á Here Comes The Fuzz (m.a.



MEISTARI MARK Plötusnúðurinn Mark Ronson á stóran þátt í velgengni poppstjarna á borð við Lily Allen og Amy Winehouse. Hann var að senda frá sér sólóplötu.

Mos Def, M.O.P. og Rivers Cuomo), en á nýju plötunni eru „lögin sjálf stjórnurnar,“ að sögn Marks. Fyrsta tókulagið sem hann gerði var Radiohead-lagið Just sem hann setti í hálfgerða djass-fönk útgáfu og bætti við blásarasveit sem hefði getað spilað inn á einhverja Stax-soul plötuna. Flott útgáfa sem fékk góðar viðtökur. Mark notar svipuð meðul á flest lögin á plötunni. Þetta er fönkað upp og sett í Motown/Stax búning. Og það verður að segjast eins og er oft er útkoman þrælskemmtileg. Britney Spears-lagið Toxic fær nýtt líf og það sama má segja um God Put a Smile Upon Your Face með Coldplay, Jam-lagið Pretty Green, Val-

erie með The Zutons og Smiths-slagarann Stop Me If You've Heard This One Before.

Aðspurður segir Mark um þessar djörfu útgáfur að tilgangurinn hafi ekki endilega verið að gera útgáfur sem féllu aðáendum upp-runalegu útgáfunnar í geð. Og hann segir líka að hann trúði því að alvöru stjórnur vilji frekar heyra lögin sín í gjörólíkum útgáfum heldur en einhverja eftiröpun.

Fram undan hjá Mark er fullt af pródúsera-vinnu og svo plötur með Rhymefest, Daniel Merriweather og hljómsveitinni Domino, en þessi þrjú nöfn eru á mála hjá Allido-plötuútgáfunni sem Mark stofnaði og stýrir.

„Síðasta“ píanóið til sölu

Píanó sem Bítillinn fyrrverandi John Lennon spilaði á kvöldið sem hann var myrtur hefur verið boðið til sölu af fyrirtækinu Moments in Time. Verðmiðinn er um 23 milljónir króna.

Píanóið var notað í Record Plant-hljóðverinu í New York þar sem Lennon tók upp plötuna Imagine árið 1971. Það var í miklu uppáhaldi hjá Lennon og spilaði hann á það í margar klukkustundir áður en hann var skotinn fyrir utan heimili sitt í New York 8. desember 1980. Var hann svo hrifinn af hljóðfærinu að hann lét flytja það á milli



JOHN LENNON Bítillinn fyrrverandi var skotinn til bana 8. desember 1980.

þeirra hljóðvera sem hann notaðist við hverju sinni. Á meðal fleiri þekktara nafna sem hafa spilað á píanóið eru Bob Dylan og Don McLean. Það hefur verið í geymslu síðan hljóðverinu var lokað á tíunda áratugnum.

Sama fyrirtæki, Moments in Time, hefur einnig til sölu plötuna sem Lennon skrifaði nafn sitt á fyrir Mark Chapman, sem skömmu síðar skaut hann til bana. Jafnframt er til sölu eiginhandar-áritun Lennons sem hann gaf starfsmanni hljóðversins í New York, en sú er talin vera það síðasta sem Lennon skrifaði.

na na thai
Thai Restaurant & Store

Matseðill á
www.thaimatur.com
Tælenskur matur

Frí heimsending
í póstr. 103 104 105 108
Ef að pantað er fyrir
meira en 3000 kr.
Önnur svæði, 700 kr. heimsending

Skeifan 4
Sími: 588 1818 • 896 3536



HELGI HRAFN Tónlistarmaðurinn Helgi Hrafn Jónsson spilar á tónlistarhátíðinni Spot í byrjun júní.

Íslendingar spila á Spot

Pétur Ben, Helgi Hrafn Jónsson og hljómsveitin Reykjavík! koma fram á tónlistarhátíðinni Spot sem verður haldin í Árósum í Danmörku um helgina. Um eitt hundrad hljómsveitir og tónlistarmenn troða upp á hátíðinni, auk þess sem ráðstefnur verða haldnar um stöðu tónlistarheimsins í dag.

Pétur Ben og Reykjavík! halda eina tónleika í dag en Helgi Hrafn, sem gaf árið 2005 út fyrstu sóló-plötu sína, Glóandi, spilar bæði í dag og á morgun.



AIR Franska hljómsveitin Air heldur tónleika í Laugardalshöll 19. júní.

Mæta með hljómsveit

Miðasala hefst í dag á tónleika frönsku hljómsveitarinnar Air sem verða í Laugardalshöll 19. júní. Hljómsveitin er þekkt fyrir að leggja mikinn metnað í tónleika sína, leika af fingrum fram og koma áheyrendum á óvart. Þótt eiginlegir meðlimir Air séu tveir koma þeir með heila hljómsveit með sér hingað til lands.

Air er á tónleikaferðalagi um heiminn til að fylgja eftir plötu sinni Pocket Symphony sem var unnin í samstarfi við upptökstjóran Nigel Godrich. Miðasalan á tónleikana hefst klukkan 10 og fer fram á midi.is, í Skífunni og BT á landsbyggðinni. Miðaverð er 3.900 kr. í stæði, 4.500 í palla og 5.500 í stúku.

MIÐASALA Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR, Í BT Á LANDSBYGGÐINI OG Á MIDI.IS. MIÐAVERÐ Í STÚKU ER KR. 5500, Á PALLA KR. 4500 OG Í STÆÐI KR. 3900.

MIÐASALAN ER HAFIN



hr*örlygur



POURQUOI PAS?
FRANSKT VOR Á ÍSLANDI

ÞÚ NOTAR VILDARPUNKTA Í FLUGI MEÐ ICELANDAIR – BÖRN AÐ 16 ÁRA ALDRI FÁ 50% AFSLÁTT.



WWW.ICELANDAIR.IS

KYNNTU ÞÉR KOSTI GREIÐSLUKORTS VISA OG ICELANDAIR 7 ICELANDAIR.IS

Frægir elskendur í feluleik

Hollywood-stjörnurnar eru merkilegar um margt. Á síðustu misserum virðist einhvers konar feluleiksárátta hafa gripið um sig í stjörnuþorginni og hvert parið á fætur öðru þverneitar að vera saman svo mánuðum skiptir.

Mögulega voru það Jennifer Aniston og Vince Vaughn sem komu tiskubylgunni af stað þegar þau kynntust við tókur á myndinni The Break-Up. Sú kynni áttu sér stað á um það bil sama tíma og Tom Cruise og Katie Holmes fóru mikinn í fjölmiðlum vegna sambands síns, sem ef til vill hefur haft áhrif á varfærni Aniston og Vaughn. Skötuþjúg, sem voru saman í rúmt ár, staðfestu aldrei að þau væru par. Það eina sem þau staðfestu var í raun aðskilnaðurinn í desember á síðasta ári.

Í felum í níu mánuði

Gullinhærða parið Kate Hudson og Owen Wilson fetaði í fótspor Jen og Vince, en þau kynntust við tókur á myndinni You, Me and Dupree. Einhverjir vilja meina að aðalástæða þess hulduleiks hafi verið að Hudson hafi enn verið gift rokkanum Chris Robins þegar Wil-

DULARGERVI Josh Hartnett og Penélope Cruz reyna að klæðast dulargervum þegar þau hætta sér út á meðal fólks, en þau hafa verið að hittast síðan í mars.

son kom til skjalanna, en fregnir af sambandi þeirra bárust aðeins nokkrum dögum eftir að tilkynnt var um skilnað leikkonunnar og Robinson. Þau forðuðust blaðamenn og ljósmyndara eins og heitan eldinn og gáfu ekkert út á meint samband, jafnvel eftir að ljósmyndarar náðu myndum af þeim saman. Fyrir tveimur vikum síðan sáust þau loks saman á opinberum vettvangi, til að fagna frumsýningu nýjustu myndar Wilson. Þá voru liðnir níu mánuðir síðan fyrstu fregnir af sambandi þeirra bárust.

Hittast í dulargervum

Reese Witherspoon og Jake Gyllenhaal eru eitt heitasta parið í Hollywood um þessar mundir. Óskarsverðlaunahafinn Reese og Íslandsvinurinn Ryan Philippe slitu samvistum í október síðastliðnum, eftir að hafa verið saman í níu ár. Neistaflugði milli Reese og Jake hófst þegar þau léku saman í myndinni Rendition, sem verður frumsýnd í október. Þau gengu þó lengra en að forðast ljósmyndara, því Reese lét hreinlega banna myndavélasíma á tókustað mynd-



GYLTA PARIÐ Hin gullinhærðu Kate Hudson og Owen Wilson hafa forðast ljósmyndara eins og logandi heitan eldinn frá því að þau fóru að vera saman.



VILL EKKI ANNAN CRUISE Penélope Cruz vill fara huldu höfði eftir samband sitt við Tom Cruise þegar henni blöskraði fjölmiðla-athylgin.



BLÁTT BANN VIÐ MYNDUM Reese Witherspoon mun hafa látið banna myndavélasíma á tókustað Rendition, þar sem hún kynntist Jake Gyllenhaal.



FELULEIKUR Jennifer Aniston og Vince Vaughn voru einna fyrst til að fara afar huldu höfði með samband sitt.

arinnar til að koma í veg fyrir að myndir af henni og Jake kæmst í hendur pressunnar. Miðað við nýjustu fregnir frá vinum parsins eru þau enn á pikkföstu, en sjálf eru þau þögul yfir sambandinu. Nýjasta viðbótin í þessari feimnu flóru er Penélope Cruz og Josh Hartnett, sem hafa átt í ástarsambandi síðan í mars. Hvorugt þeirra hefur gefið nokkuð út á sambandið, og bæði reyna þau að klæðast dulargervum þegar þau hitt-

ast á almannaþæri. Í mars sást til parsins á veitingastaðnum Little Door í Los Angeles. Ljósmyndarar sátu fyrir þeim eftir máltíðina, en Cruz og Hartnett héldu hvort í sína áttina til að komast hjá því að verða fest á filmu. Tom Cruise og uppátæki hans ku vera orsök þess að Cruz og Hartnett reyna að halda sig út af fyrir sig. Cruz og Cruise voru saman í þrjú ár og uppskárú tölurverða fjölmiðla-umfjöllun, sem hún vill nú forðast eftir fremsta megni – eins og önnur hver stjarna í borginni.

ÞÖGULL SEM GRÖFIN

Að sögn vina Jake Gyllenhaal er hann yfir sig ástfanginn af Reese Witherspoon. Jake tjáir sig hins vegar alls ekki neitt um málið.



Sigrún Vala með nýtt lag

Átján ára stúlka frá Selfossi, Sigrún Vala, gaf nýverið út sitt annað lag sem heitir Ekki gera neitt. Það fyrra, Því ástin, gaf hún út þegar hún var aðeins fimmtán ára og komst það í fína spilun á útvarpsstöðvunum.

Bæði löggin eru unnin af Grétari Örvarssyni en þau voru fengin í gegnum sænskt útgáfufyrirtæki. Ingibjörg Gunnarsdóttir semur textana og Regína Ósk er í bakróddum. Sigrún, sem bar sigur úr býtum í söngvakeppni Fjölbrotaskóla Suðurlands, stefnir á að gefa út sína fyrstu sólóplötu næsta haust.



SIGRÚN VALA Sigrún Vala hefur gefið út sitt annað lag, Ekki gera neitt.

VIÐ TJÖLDUM ÞVÍ BESTA

LÍKA Á DALVEGI 18 KÓPAVOGI

Colorado 500
5 manna tjald
Eldvarinn dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 15,7 kg
TILBOÐ 28.995

Nitestar 250
Hámarksuldaból - 10
siliconhúðaður
4ra holu fiber
Verð áður 6.990
3.495

Beta 350
4 manna tjald
Eldvarinn dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 8kg
Verð áður 15.990
7.995

Spirit 200+
Göngutjald
Eldvarinn dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 2,35kg
46.995

Kælibox
Rafmagns 30-45L
30% AFSLÁTTUR

Tjaldstólar
30% AFSLÁTTUR

Tjaldborð
í úrvali

Colorado 600
6 manna tjald
6,76m fortjald
Hámarks hæð 210cm
Eldvarinn dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 18kg
TILBOÐ 33.995

Beta 450
4 manna tjald
Eldvarinn dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 8kg
TILBOÐ 18.995

RD Línuskautar
50% AFSLÁTTUR
Aðeins á Dalvegi 18

EVEREST
Skeifunni 6 og Dalvegi 18
Sími 533 4450 / 577 4450 · www.everest.is

Viltu hjálp við að hætta að reykja?

Við bjóðum þér persónulega ráðgjöf og einkaviðtöl.
Komdu og kynntu þér málið hjá okkur.



Tóbakið sigrað - Þínir sérfræðingar í Lyf&heilsu

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!

Austurveri - Domus Medica - Firði, Hafnarfirði - Fjarðarkaup Glæsibæ - Hamraborg - JL-húsinu - Kringlunni 1.hæð - Kringlunni 3.hæð - Melhaga - Mjódd - Mosfellsbæ
Salarhverfi - Eiðstorgi - Hveragerði - Hvolsvelli - Kjarnanum, Selfossi - Vestmannaeyjum - Dalvík - Glerártorgi, Akureyri - Hrisalundi, Akureyri - Akranesi - Keflavík

Metsölulisti Eymundsson

kiljur

1. Viltu vinna milljarð?



Vikas Swarup

Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Tólf vikur á toppi vinsældarlistans.

2. Síðasti musterisriddarinn



Raymond Khoury

Gleymið öllum ofmetnu metsölu-bókunum – *þetta er hin eina sanna.*

3. Saffraneldhúsið

Yasmin Crowther



Ljúf og gripandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

4. Tvíburarnir



Tessa de Loo
Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um einægga tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur af tilviljun undir lok ævi sinnar.

5. Flugdreka-hlauparinn



Khaled Hosseini
Margföld metsölu-bók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og söguvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

6. Hugarfjötur


Paulo Coelho



Paulo Coelho
leiðir lesandann um eðli ástarinnar, mátt orlaganna og hvað það þýðir í raun og veru að láta hjartað ráða för.

7. Prettánda sagan

Diane Setterfield



Prettánda sagan er barmafull af óvæntum uppákomum, ráðabruggi, töfrum, dulúð og breskum sjarma.

8. Sér grefur gröf

Yrsa Sigurðardóttir



Óhugnanlegt morð er framið á nýju heilsuhótel á Snæfellsnesi. Bærinn þar sem hótelið stendur reynist þekktur fyrir reimeleika...

9. Aldingarðurinn


Ólafur Jóhann Ólafsson



Ástin og tíminn eru meginstefin í þessum smásögum sem hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin 2006.

10. Hringur Tankados

Dan Brown



Höfundur Da Vinci lykilsins, er óumdeildur meistari hinnar úthugsuðu spennusögu!

Gosling yfirgefur Dag Kára

„Við viljum ekkert tjá okkur um málið að svo stöddu. Þetta er allt á mjög viðkvæmu stigi,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi hjá Zik Zak. Á vefsíðunni imdb.com er bandaríski leikarinn Ryan Gosling kominn út af leikaralistanum hjá nýjustu mynd Dags Kára, Good Heart. Þórir vildi ekkert segja hvort þetta yrði raun- in eða ekki en imdb.com hefur hingað til þótt nokkuð

ÞÓRIR SNÆR
Vildi ekkert tjá sig um málið



áræðanleg í kvikmyndaheiminum. Framleiðsla á myndinni hefur tafist nokkuð enda hefur Gosling verið önnur kafinn eftir að hafa verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í Half Nelson. Hann er talinn vera ein helsta vonarstjarna Hollywood og sló í gegn í klútamyndinni Notebook. Til að mynda þurfti að fresta tökum eftir að Gosling fékk hlutverkið í Fracture á móti Anthony Hopkins sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum borgarinnar. Söngvarinn Tom Waits hafði einnig verið ráðinn í annað aðalhlutverkanna og er nafn hans enn á lista. Þetta verður þriðja kvikmynd Dags Kára í fullri lengd en bæði Nói Albinói og Voksne Mennteskola hafa vakið mikla athygli út fyrir landssteinana.



GOSLING Er á vefsíðunni imdb.com sagður hafa dregið sig út úr kvikmynd Dags Kára, Good Heart.

Jackson eignast lög Bjarkar

Michael Jackson, fyrrverandi konungur poppsins, hefur tryggt sér útgáfuréttinn að lögum Bjarkar Guðmundsdóttir. Ekki er ljóst um hvaða lög er að ræða.

Popparinn Michael Jackson hefur tryggt sér útgáfuréttinn að lögum eftir Björk Guðmundsdóttur. Í samtali við Fréttablaðið sagðist Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu sem gefur út plötur Bjarkar hér á landi, ekki hafa fengið fregnir af því um hvaða lög væri að ræða.

Stórviðburður fyrir Sony

Útgáfufyrirtækið Sony/ATV Music Publishing, sem Jackson er aðili að, hefur keypt fyrirtækið Famous Music LLC af Viacom. Þar með eignast það réttinn að lögum Bjarkar. „Þetta er stórviðburður fyrir Sony/ATV Music-útgáfufyrirtækið. Hið fjölbreytta safn laga sem þarna er að finna hefur að geyma allt frá tímalausum meistarastykkjum til nýrra slagara. Ég er mjög ánægður með að koma Famous Music í hóp með Sony/ATV,“ sagði Jackson í yfirlýsingu sinni. Jackson hafði áður eignast útgáfuréttinn



MICHAEL JACKSON
Popparinn heimsfrægi hefur eignast útgáfuréttinn að lögum Bjarkar Guðmundsdóttir.



BJÖRK Björk Guðmundsdóttir samdi lög sem fyrirtækið Viacom átti útgáfuréttinn að.

Paul McCartney fengi rönd við reist.

eftir Beck og djassarann Duke Ellington.

Eignast lög Eminem

Alls hefur Famous Music LLC yfir að ráða 125 þúsund lögum, þar á meðal The Real Slim Shady og Without Me eftir Eminem. Gerði rapparinn einmitt grín að Jackson í myndbandi sínu við síðarnefnda lagið árið 2002. Einnig á fyrirtækið réttinn að lögum á borð við Footloose, Beautiful sem Christina Aguilera gerði frægt og Hips Don't Lie með Shakira, auk laga

Skref í rétta átt

„The Famous Music-lagerinn er uppfullur af heimsklassalögum sem fólk þekkir og þykir vænt um,“ sagði Martin N. Bandier, formaður hjá Sony. „Fjöldi laganna sem fyrirtækið á er það sem gerir þennan samning svo merkilegan og ég hef fulla trú á því að með því að eignast þau höfum við tekið stórt skref í rétta átt.“

freyr@frettabladid.is

Íslenskur bruggari í stórsókn

Björum Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hlotnuðust þrenn gullverðlaun á nýafstaðinni Monde selection bjórkeppni í Belgíu. Sem bruggmeistari Ölgerðarinnar er það Guðmundur Mar Magnússon sem á heidurinn af stórsókninni í bjórbruggi.

Á tveimur árum hafa bjórar Ölgerðarinnar hlotið níu verðlaun í alþjóðlegum keppnum, sem hlýtur að teljast ansi góður árangur. „Ja, það þykir mér að minnsta kosti,“ sagði Guðmundur hæversklega. Bjórnir sem verðlaunaðir voru eru Gull, Lite og Premium, en þeir tveir síðastnefndu eru sköpunarverk Guðmundar. „Gullið er hins vegar frá forverum mínum komið,“ sagði Guðmundur. Gullbjórnum vinsæla var þó breytt dælitíð fyrir um ári síðan, þegar Guðmundur prófaði að nota íslenskt bygg til bruggsins, en það er jafnframt notað í Premium.

„Við erum náttúrulega alltaf að fínstillast þetta hjá okkur og alltaf



BRUGGMEISTARINN Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar, sagði allt þurfa að spila saman í bruggferlinu svo útkoman verði góð.

að reyna að bæta okkur. Miðað við þetta virðumst við vera að þokast í rétta átt,“ sagði hann. Guðmundur vildi ekki kannast við að eiga allan heidur af verðlaununum og sagði bruggið mikið samspil. „Ég á minn part af þessu, en það þarf allt að smella saman til að þetta gangi

upp. Við þurfum að vera með réttu uppskriftirnar og passa að þetta sé gert á réttan hátt, þar kem ég inn. Svo verðum við að velja hráefni af kostgæfni og tækjabúnaðurrinn og starfsmennirnir skipta öllu máli. Þetta er mikið og flókið ferli,“ sagði hann.

- sun



Eymundsson

Eymundsson.is

Bóksali frá 1872



Útsöllumarkaður
1. júní til 10. júní
Skeifunni 17

NEXT

OPIÐ

Mán.-föst: 11:00-19:00

Lau: 11:00 - 18:00

Sun: 13:00 - 17:00

SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA

SAMBIO www.SAMBio.is t 575 8900 midi.is

30.000 manns á 7 dögum!

sannur sumarsmellur, finasta afþreyingarmynd

TRAUSTI 9 BLAÐIÐ

ZODIAC

GOAL II

ÁLFABAKKA		AKUREYRI	
PIRATES 3	kl. 4 - 6 - 8 - 10	PIRATES 3	kl. 6 - 9
PIRATES 3 VIP	kl. 6 - 10	MR. BEAN	kl. 6
ZODIAC	kl. 6 - 9	ZODIAC	kl. 8
THE REAPING	kl. 8:10 - 10:10		
BLADES OF GLORY	kl. 6 - 8 - 10:10		
ROBINSON FJ... ISL TAL	kl. 4		
GOAL 2	kl. 3:50 - 6		

KRINGLUNNI		KEFLAVÍK	
PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 4:15 - 6:15 - 7:20 - 8:15 - 10:15 - 10:30	PIRATES 3	kl. 8
MR BEAN'S HOLIDAY	kl. 4	THE REAPING	kl. 10
ROBINSON F. M. ISL TAL	kl. 4	BLADES OF GLORY	kl. 6
		IT'S A BOY GIRL THING	kl. 6 - 8

Nánari upplýsingar á www.SAMBio.is

LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus

Nýtt í bíó

DELTA FARCE

SPIDERMAN 3

SEVERANCE

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DELTA FARCE	kl. 4, 6, 8 og 10	10
SPIDERMAN 3	kl. 5 og 8	10
SEVERANCE	kl. 8	16
SHOOTER	kl. 10	16
ÚTI ER ÆVINTYRI	kl. 4 og 6 - 450 kr.-	L

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!

28 WEEKS LATER

"FURIOUS SCENES OF MASS HYSTERIA AND VICIOUS SLAUGHTER" THE EXPRESS

"THRILLS AND ILLS EPIDEMIC AS SEQUEL PROVES INFECTIOUS" NEW YORK DAILY NEWS

USA TODAY

V.I.J. BLAÐIÐ

"GRUESOME FAIRY TALE" "HIGH-TECH STYLE OF ACTION FLY" DAILY MAIL

16

STRANGLÉGA BÖNNUD INNAN 16 ÁRA

Missið ekki af þessu blóðuga framhaldi af 28 Days Later. Myndin hefur hljótið frábæra dóma. Robert Carlyle er víðurstyggilega góður!

Mesta ævintýri fyr og síðar, byrjar við hjara veraldar!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		REGNBÖGINN SÍMI 551 9000	
PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10:45	28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10
PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS	kl. 5 - 9	UNKNOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:10
FRACTURE	kl. 8 - 10:30	THE PAINTED VEIL	kl. 5:30 - 8 - 10:30
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 3:45 - 5:50	IT'S A BOY GIRL THING	kl. 8 - 10:10
SPIDERMAN 3	kl. 5 - 8 - 10:50	SPIDERMAN 3	kl. 5:20

HÁSKOLABÍÓ SÍMI 530 1919		SÍMI 462 3500	
28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10	28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10
ANNAD LÍF ÁSTPÓRS	kl. 6	PATHFINDER	kl. 6 - 8
FRACTURE	kl. 8 - 10:30	THE HILLS HAVE EYES 2	kl. 10
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5:30 - 8 - 10:30		
SPIDERMAN 3	kl. 5:40 - 8:20		

MIDASALA á midi.is BÍÓ.IS

Fimmti frægasti nörd í heimi

„Þetta er bara svona nánast eins og Forbes-listinn,“ sagði Jón Gnarr upp með sér þegar blaðamaður Fréttablaðsins



greindi honum frá því að nafn hans væri hið fimmta sem kæmi upp á uppsláttarvefritinu wikipedia.

„Það gætir samt stundum mis- skilnings meðal Íslendinga,“ sagði hann alvarlegur. „Margir Íslendingar halda að nördar og lúðar séu eitt hið sama, samanber „nerd“ og „geek“,“ sagði Jón, sem telur mikinn mun vera þar á. „Þetta er ekki komið í íslensku orðabókina ennþá, en það

org, ef leitað er að frægum nördum, eða „famous nerds“. Jóni þótti staðsetningin á listanum mikil upphefð, en á Wikipediu fást riflega 700 leitarniðurstöður með þessum orðum. Hann kvaðst mjög stoltur af nördískunni.

„Munurinn á nörd og lúða er sá að nördar eru gáfaðir og skemmtilegir en lúðar eru vitlausir og leiðinlegir. Leikmanni virðast þeir kannski svipaðir, en svo er ekki,“ sagði Jón.

Steve Jobs, forstjóri Apple, sem iðulega er sæmdur titli tækninörds, kemur fyrir í 141. sæti á sama niðurstöðulista, og sjónvarpspersónan Ross Geller, úr Vinum, í 154. sæti. Í fyrsta sæti trónir hins vegar tyrknesk söngkona, sem hefur gefið út plötuna Nerde. Í toppsætunum er jafnframt að finna leikara og tókustað úr myndinni Revenge of the Nerds.

ENGINN LÚÐI

Jón Gnarr segir marga Íslendinga skipa nördum og lúðum á sama bás, en það sé reginmisskilningur.

Græna ljósið tryggði sér sigurmyndina á Cannes

Ísleifur B. Þórhallsson hjá dreifingarfyrtæk- inu Græna ljósið gerðu góða ferð til Cannes en þar tryggðu þeir sér sýningar- rétt á mörgum af eftirtekt- arverðustu kvikmyndum hátíðarinnar.

Stóru fréttirnar eru eflaust þær að rúmenska sigurmyndin 4 luni, 3 saptamini sí 2 zile eða Fjórir mánuðir, þrjár vikur, tveir dagar verður tekin til sýningar á allra næstu misserum. Miklar vangaveltur hafa verið meðal kvikmynda- áhugamanna á netinu hvort örlög hennar yrðu þau sömu og hjá mörgum öðrum evrópskum verð- launamyndum; að hún yrði fánleg á næstu myndbandaleigu eftir dúk og disk. „Við tryggðum okkur dreifingarréttinn í blábyrjun hátíðarinnar. Ég horfði á myndina á fyrsta degi mínum í Cannes, fór á tvö sýningu, mætti á fund klukk- an fjögur með útgáfufyrirtækinu og sendi inn tilboð í kjölfarið sem var samþykkt nánast samstund- is,“ segir Ísleifur og telur þessi kaup ef til vill varpa hvað bestu ljósi á hlutverk Græna ljóssins. „Við höfum lagt mikla áherslu á að fá myndir hingað til lands sem að öðrum kosti myndu aldrei rata í íslensk kvikmyndahús,“ útskýr- ir hann.

Ísleifur útilokar ekki að reynt verði að fá leikstjóra myndarinnar, Cristian Mungiu, til að koma og verða við frumsýningu myndarinnar. „Við höfum enda gert mest af því að kynna fyrir gest- um okkar fólk á bakvið mynd- irnar. Hins vegar er ég viss um að myndin sjálf eigi eftir að vekja töluverða athygli vegna umfjöll- unarefnisins,“ bætir Ísleifur við



MOORE Nýjasta mynd Michael Moore, Sicko, ber saman heilbrigðiskerfi Bandaríkj- anna við það evrópska og kúbverska.

en hún fjallar um unga konu sem lætur framkvæma á sér ólöglega fóstureyðingu í Rúmeníu skömmu fyrir fall Nicolae Ceaucescu og kommúnista- flokksins.

En það var ekki bara rúmenska sigur- myndin sem Græna ljósið festi kaup á við strendur við Miðjarðarhafsins. Ís- leifur klófesti einnig meðal annars Sicko, nýjstu heimildar- mynd hins umdeilda Michael Moore og My Blueberry Nights en hún er frumraun söngkon- unnar Noruh Jones á hvíta tjaldirnu. Síðan er nokkuð víst að heimild- armyndin Rebellion: The Litvinenko Case eigi eftir

að vekja mikla athygli. Hún fjallar um fimm síðustu árin í lífi rússneska njósarans Alexander Litvinenko sem lést eftir að eitruð var fyrir honum en meðal þeirra sem hafa verið bendlaðir við morðið eru Vladimir Putin, forseti Rússlands. Þá er nokkuð ljóst að Terror's Advocate eftir Barbet Schroeder á einnig eftir að vekja upp spurn- ingar en hún fjallar um lög- fræðinginn Jacques Vergès sem hefur tekið að sér að verja menn á borð við Slobodan Milosevic, Mao Tse Tung og sjálfan Saddam Hussein.



MUNGIU OG VERDLAUNIN Rúmenska sigurmyndin Fjórir mánuðir, þrjár vikur, tveir daga hefur vakið mikla athygli enda fjallar hún um fóstureyðingar sem jafnan er eldfimmt umfjöll- unarefni.

Til heiðurs meistaranum


Eins og nafnið gefur til kynna þá hefur þessi nýja plata Bryans Ferry eingöngu að geyma lög eftir Bob Dylan. Ferry hefur gert plötur með lögum annarra áður, en þetta er í fyrsta sinn sem hann gefur út plötu eingöngu með lögum eftir einn höfund.

Það kemur engum á óvart sem hefur fylgst með ferli Ferry að sá höfundur skuli vera Bob Dylan. Ferry hefur margoft lýst yfir dálæti sínu og djúpri virðingu fyrir textum Dylans og hann hefur áður tekið lög eftir hann, það fyrsta var A Hard Rain's Gonna Fall sem kom út á fyrstu tókulagaplötunni hans, These Foolish Things, árið 1973.

Það má að sjálfsögðu deila um gildi tókulagaplatna, en í tilfalli Dylanesque getur maður verið viss um tvennt. Í fyrsta lagi er öruggt að öll lög og textar eru af- bragð og í öðru lagi má bóka það að þau eru vel sungin. Ég hef reyndar lengi verið mikill Ferry- maður. Hann er einn af mínum uppáhalds söngvörum; hefur rödd og raddbeitingu sem er einstök og sem menn annaðhvort dýrka eða þola jafnvel ekki.

Það eru ellefu lög á Dylanesque sem er að stórum hluta unnin með sömu hljóðfæraleykurum og hafa margoft áður unnið með Ferry. Lagavalið er fínt ef frá eru talin lögin Knockin' On Heaven's Door og All Along the Watchtower sem að mínu mati hafa bæði verið „koveruð“ of oft og of vel til þess að þessar útgáfur Ferrys eigi rétt á sér. Just Like Thumb's Blues, Positively 4th Street, Simple Twist of Fate og Gates of Eden eru hins vegar frábær í meðför- um Ferrys.

Á heildina litið er þetta fín plata sem rennur ljúft í gegn og þó að hún hafi ekki neitt nýtt fram að færa þá getur maður bókað að hún á eftir að hljóma jafn vel eftir 20 ár og hún hljómar í dag.



TÓNLIST

Dylanesque
Bryan Ferry

★★★

Þessi nýja Bryan Ferry-plata hefur að geyma 11 lög eftir Bob Dylan. Ágæt plata sem rennur ljúft í gegn og sannar eina ferðina enn að Ferry er einstakur söngvari.

Trausti Júlíusson

Íslandsmet í Esjugöngu

Næstkomandi laugardag verður gerð tilraun í því að setja Íslandsmet í fjölda manns á Esjuna á einum degi. Fjallgönguhópurinn Stindamenn standa fyrir upptökunni.

Er hún ætluð sem upphitun fyrir góðgerðargöngu hópsins dagana 8. til 11. júní þegar ætlunin er að klífa hæsta fjallið í hverjum landshluta á einni helgi til styrktar Sjónarhóli. „Þetta konsept að halda þennan Esjudag kom sem hlíðarverkefni út frá þeirri ferð til að fá fólk út til að hreyfa sig. Það er þema Stinda-verkefnisins,“ segir Ívar Þórólfsson úr Stindamönnum. „Við byrjuðum á þessu í janúar. Við vorum örfáir með einhverjum gönguhópum síðastliðið haust og ákváðum að prófa upp á grínið og athuga hvort við gætum farið upp á Keili og Esjuna. Okkur fannst þetta svo gaman og þá kom þessi hugmynd út frá því.“

Ívar segir að það hafi verið frábært að vera í þessum gönguhópi, sem í eru nýu manns. „Þetta er eitt-hvað sem við eigum eftir að halda áfram að gera um ókomna tíð.“ Bætur hann því við að á stefnuskránni sé að hópurinn klífi Mont Blanc á næsta ári.



STINDAMENN Fjallgönguhópurinn ætlar að klífa hæsta fjallið í hverjum landshluta á aðeins einni helgi.

Evróputúr hafinn

Hljómsveitin Gus Gus er farin í tónleikaferð um Evrópu sem hefst á skemmtistaðnum Vega í kvöld. Eftir það taka við tónleikar í Suður-Frakklandi, Hollandi, Póllandi og í Þýskalandi. Einnig spilar Gus Gus á tónlistarhátíðinni vinsælu Glastonbury á Englandi 22. og 23. júní.

Stephan Stephensen sagðist í samtali við Fréttablaðið hlakka mikið til fararinnar. Er hann jafnframt hæstánægður með samning sem sveitin gerði nýverið við Iceland Express um að flugfélagið verði aðalstyrktaraðili hennar næstu tvö árin. „Þetta gerir okkur kleift að ferðast og vera meira á tónleikaferðalagi en ella,“ segir hann.

Gus Gus gaf í mars út sína fimmtu plötu, Forever, sem hefur



SAMNINGUR Í HÖFN Stephan Stephensen, nýrakaður og -klipptur, ásamt Matthíasi Imsland, forstjóra Iceland Express.

fengið ágætar viðtökur. Verður hún kynnt vel og rækilega á tónleikaferðinni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

David Hyde Pierce sem lék bróður Frasier í samnefndum þáttum er kominn út úr skápnunum. Þetta kemur kannski ekki mörgum á óvart þar sem Pierce hefur sjaldan þótt sá karlmannlegasti í bransanum. Hingað til hefur hann neitað að tala um svo persónulega hluti í fjölmiðlum en nú hefur kynhneigð hans lekið í fjölmiðlana. Kærasti Pierce er leikarinn og framleiðandinn Brian Hargrove en þeir fluttu saman til Los Angeles þegar Hargrove hugðist leita sér að vinnu í sjónvarpsbransanum.




Sílikonbamban **Jordan** er komin aftur á spítalann en nú er það sonur hennar Harvey sem hefur verið lagður inn. Drengurinn var svo óheppinn að lenda í því að spegill datt á hann og skar hann illilega í andliti. „Fyrst var talið að það þyrfti sérstakan lýtalækni í að bjarga andliti Harvey vegna hversu djúpir skurðir voru,“ sagði heimildarmaður. Það endaði þó á þann veg að venjulegur hjúkrunarfræðingur saumaði andlitið á Harvey og hann fékk að fara heim með mómmu sinni.



Brúðkaup **Evu Longoria** og **Tony Parker** er umtalað og nú beinist athyglin að brúðkaupstertunni. Sú hefur vist sinn eigin „lífvröð“ en Tony flaug með kókuna frá Los Angeles til Parísar og var kökuvörðurinn með í för. Sá þyrfti ekki að bera kókuna í handfarangri heldur fékk hún sitt eigið sæti á fyrsta klassa. Sá sem bakaði herlegheitin er vist vinsæll hjá fræga fólkinu og hefur meðal annars bakað fyrir **Tom Cruise**, **Jennifer Aniston**, **Jessicu Simpson** og **Opruh Winfrey**.



Prátt fyrir sögusagnir um að sambandi þeirra sé lokið þá hefur það komið í ljós að **Leonardo DiCaprio** og ísraelska fyrrsætan **Bar Refaeli** eru enn saman. Þau mættu í síthvoru lagi á Cannes-kvikmyndahátíðina og þótti spekulöntum þá öruggt að ástin væri dáin. Leo heimsótti Bar vist í Syracuse í New York nýlega en þar er hún að vinna að kvikmynd. Aðspurður hvað hann hefði verið að gera í Syracuse sagði Leo: „Ég er bara að heimsækja vin.“



KOMDU OG HITTU „ÞETTA FÓLK“



ÞJÓÐAHÁTÍÐ 2007

- Matur frá öllum heimshornum
- Fjölbjóðlegur dans og söngur
- Kvikmyndir og leiklist
- Skemmtun fyrir alla



Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði

Laugardag 2. júní 2007 — kl. 12-18

Allir velkomnir – ókeypis aðgangur



MATUR OG MENNING ALLRA ÞJÓÐA – GJÖRIÐ SVO VEL!

> Slök byrjun hjá Birgi Leifi

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson náði sér ekki almennilega á strik á fyrsta degi opna velska meistaramótinu í golfi. Birgir Leifur kom í hús á 73 höggum eða 4 höggum yfir pari. Þúttin gengu sérstaklega illa hjá Birgi í gær og það verður hann að laga í dag. Birgir Leifur er ekki ýkja fjarri neðstu mönnum og má hafa sig allan við ætli hann sér að komast í gegnum niðurskurðinn.



sport
sport@frettabladid.is

VIKTOR BJARKI ARNARSSON: VAR FRÁ VEGNA MEIÐSLA Í SJÖ VIKUR EN ER AÐ KOMA TIL

Fæ tækifærið þegar ég verð heill af meiðslunum

Viktor Bjarki Arnarsson hefur átt við meiðsla að stríða undanfarnar sjö vikur og hefur því ekkert komið við sögu í leikjum Lilleström í norsku úrvalsdeildinni í vor. Hann gekk til liðs við félagið frá Víkingum síðastliðið haust en hann var kosinn besti leikmaður Íslands-mótsins í fyrra.

Viktor meiddist í æfingaferð með Lilleström í Portúgal. „Ég hef verið meiddur á ökkla og hásin en er allur að koma til núna. Ég er orðinn svona 80-90 prósent klár,“ sagði Viktor, sem byrjaði að æfa með aðalliði Lilleström á nýjan leik í síðustu viku.

Lilleström hefur gengið vel það sem af er tímabilinu. Hann er þó ekki smeykur við að fá ekki tækifæri með aðalliðinu.

„Ég hef fengið góð viðbrögð frá þjálfara liðsins og hann segist vera ánægður með mig. Ég þarf þó að vera þolinmóður enda er

formið aðeins farið að dala eftir þessi meiðsla. Vissulega verður erfitt að koma sér inn í lið sem gengur vel en ég er fullbjartsýnn á að það takist. Þegar ég verð heill fæ ég tækifærið.“

Lilleström tapaði reyndar sínu fyrsta leik á tímabilinu í þarsíðustu umferð, gegn Tromsø á útivelli. Um helgina gerði liðið jafntefli við Veigar Pál Gunnarsson og félagi í Stabæk.

Lilleström er nú í efsta sæti deildarinnar ásamt Brann en liðin eru með sautján stig eftir átta umferðir.

Viktor Bjarki var ekki í leikmannahópi Lilleström um

helgina enda gat hann ekki beitt sér af fullum krafti á æfingum síðustu viku. „En nú er komið hlé á deildinni vegna landsleikjanna og ætla ég að nýta mér næstu daga vel. Ég mun æfa á fullu og verður það jákvætt fyrir mig.“

Viktor Bjarki er einn fjórtán Íslendinga sem leika með liðum í norsku úrvalsdeildinni. Þar af hafa tveir misst af öllum leikjum vorsins vegna meiðsla, Viktor og Höskuldur Eiríksson, félagi hans úr Víkingi í Reykjavík. Höskuldur leikur nú með Víkingi í Stafangri.



Jón Arnór Stefánsson og Lottomatica Roma:

Unnu óvæntan sigur

KÖRFUBOLTI Lottomatica Roma, með Jón Arnór Stefánsson innanborðs, vann óvæntan en frábæran sigur á deildarmeisturum Montepaschi Siena í undanúrslitum ítölsku úrvalsdeildarinnar í körfubolta. Roma vann leikinn á útivelli, 88-74, og hefur þar með tekið forystu í einvíginu en þrjá sigurleiki þarf til að spila til úrslita. Næstu tveir leikir fara fram á heimavelli Roma.

Jón Arnór spilaði 23 mínútur en brenndi af öllum fjórum skotum sínum og komst þar af leiðandi ekki á blað. Hann átti eina stoðsendingu, stal einum bolta og tók eitt frákast.

Staðan í hálfleik var 48-41 Roma í vil en liðið hafði undirtökin allan fyrri hálfleikinn. Roma slakaði þó á klónni í þriðja leikhluða þegar Siena náði að jafna og spennan var mikil fyrir síðasta fjórðunginn. Siena var skrefinu á undan þar til 15-4 áhlaup Roma



JÓN ARNÓR Er kominn langt með liði sínu Roma í úrslitakeppninni á Ítalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

kom þeim í bílstjórasetið og liðið vann að lokum glæstan fjórtán stiga sigur. Næsti leikur í rímmunni fer fram á morgun, laugardag.

- hþh

Góð byrjun hjá stelpunum

Íslenska kvennalandsliðið vann 3-0 sigur á Grikkjum í fyrsta leik sínum í undankeppni Evrópumótsins 2009. Margrét Lára Viðarsdóttir og Ásthildur Helgadóttir voru báðar búnar að skora eftir aðeins fjórtán mínútna leik.

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið byrjaði undankeppni Evrópumótsins vel og vann 3-0 sigur á Grikkjum í Grikklandi í gær. Íslensku stelpurnar skoruðu tvö mörk á fyrsta korterinu og bættu síðan við einu marki í blálökin.

„Það er mjög jákvætt að vinna 3-0 á útivelli og byrja mótið mjög vel. Íslenska liðið hefur undanfarnar ár verið frekar óstöðugt á útivelli. Í síðustu keppni tapaði liðið fyrir Tékkum bæði á útivelli og á heimavelli en það er lið sem við áttum að vinna samkvæmt bókinni. Það þarf að spila þessa leiki og klára þá, sem stelpurnar gerðu vel. Þær mættu vel stefndar til leiks og voru vel undirbúnar,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari eftir leikinn.

„Við byrjuðum leikinn frábærlega vel og skorum tvö góð mörk. Ég var gríðarlega ánægður með fyrstu 25 mínúturnar. Svo fóru stelpurnar að gera hlutina of flókna. Ég var því ekki ánægður með síðasta korterid í fyrri hálfleik, við hættum að spila einfalt og öruggt og botninn datt úr leik okkar. Það kom líka annar kafla þar sem ég vildi sjá meira spil í liðinu. Ég vildi líka sjá stelpurnar finna Ásthildi og Margréti Lára meira í fæturna,“ sagði Sigurður Ragnar.

Margrét Lára Viðarsdóttir kom íslenska liðinu yfir eftir aðeins átta mínútur þegar hún skoraði úr vítaspurnu sem hún krækti í sjálf. Ásthildur Helgadóttir tók síðan strax til sinna ráða í sínum fyrsta landsleik síðan í september þegar hún skoraði laglegt skallamark eftir aukaspurnu Eddu Garðarsdóttur. Þriðja markið skoraði síðan varamaðurinn Greta Mjöll Samúelsdóttir í lok leiksins eftir hornspurnu Eddu Garðarsdóttur. Sigurður Ragnar var ánægður



KOMIN AFTUR Ásthildur Helgadóttir skoraði í sínum fyrsta leik í tæpa níu mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

með stjórnuframlínu íslenska liðsins.

„Það var jákvætt að Ásthildur gat spilað allar 90 mínúturnar. Hún og Margrét Lára eru báðar frábærir leikmenn en þær náðu hinsvegar ekki að æfa saman fyrir leikinn því Ásthildur var meidd og ekki með á æfingunum. Samt voru þær að ná vel saman og finna hvor aðra vel og Ásthildur spilaði Margréti Lára í gegn í tvö skipti í leiknum. Þær eru með frábæran leikskilning og frábæra hæfileika og bara eftir að slípast betur saman, sem er mjög jákvætt fyrir okkur,“ sagði Sigurður.

Íslenska liðið varð fyrir tveimur áföllum í leiknum, fyrst fór afmælisbarnið Katrín Jónsdóttir meidd af velli í lok fyrri hálfleiks

og síðan meiddist félagi hennar úr Val, Rakel Logadóttir, í seinni hálfleik. „Ég vona það besta, Katrín á við tagnun að stríða og Rakel fékk einhvern slink á hnéd. Það skýrist ekkert fyrir en á næstu dögum hversu alvarleg þessi meiðsla eru,“ sagði Sigurður Ragnar.

Íslensku stelpurnar spila næst við Frakka á Laugardalsvelli um 15. júní og það verður verðugt verkefni enda Frakkar með fullt hús og markatöluna 12-0 eftir fyrstu tvo leiki sína.

„Nú er hörkuleikur fram undan við Frakka sem er mjög spennandi dæmi. Það er stefnt að því að slá aðsóknarmetið á þeim leik enda eru við að fá sjöunda besta liðið í heimi á Laugardalsvöllinn,“ sagði Sigurður.

ooj@frettabladid.is

Hlutabréf í KR Sport óskast til kaups.

Tilboðsverð ásamt nafnverði bréfanna, nafn seljanda og símanúmer sendist til hlynur@sb.is



ÍSLAND **GAMBIA**

ÚTSPARK

SÖFNUN Á AFGANGSFÓTBOLTABÚNAÐI BOLTUM, SKÓM OG BÚNINGUM

Tekið verður á móti söfnunarmunnum við Eimskipsgáma sem staðsettir verða við verslanir Bónus við Skútuvog, Smáratorgi, Helluhrauni og Spönginni á eftirfarandi tímum:

Föstudaginn 1. júní.....kl. 12:00 - 19:30

Laugardaginn 2. júní.....kl. 10:00 - 18:00

Jafnframt verður móttaka í Laugardal í tengslum við landsleik Íslands gegn Liechtenstein 2. júní.

Í SAMVINNU


EIMSKIP


Rauði kross Íslands


KSI


BYLGJAN


BÓNUS


Gambia Red Cross Society

Arnór Guðjohnsen lék kveðjuleik sinn með landsliðinu gegn Liechtenstein:

Krafan hlýtur að vera sigur

FÓTBOLTI Arnór Guðjohnsen batt enda á feril sinn í landsleik gegn Liechtenstein árið fyrir tíu árum síðan í undankeppni HM 1998. Ísland vann leikinn, 4-0, og Arnór Guðjohnsen skoraði eitt markanna í leiknum.

„Jú, eitthvað rámar mig í þetta,“ sagði Arnór þegar Fréttablaðið bað hann að rifja þetta upp. Hann mundi þó ekki vel eftir leiknum. „Það eru margir aðrir leikir á ferlinum sem mér þykir svo sem vænna um en ég á auðvitað góðar minningar frá þessum leik líka,“ sagði Arnór.

Hann verður vitanlega í stúkuni á Laugardalsvelli um morgun. Hann býst við sigri íslenska liðsins. „Ég held að menn geri sér alveg grein fyrir því að sigurs verði krafist í þessum leik. Ég er nokkuð bjartsýnn á það og



FYRIR TÍU ÁRUM Arnór í landsleik gegn Liechtenstein árið 1997.

það væri gaman að sjá þessa nýja stráka spreyta sig í leiknum.“

Meðal þeirra nýju leikmanna sem Arnór á við eru Theódór Elmar Bjarnason og Matthías Guðmundsson.

„Theódór Elmar er framtíðarleikmaður á miðjunni að mínu mati. Það ætti að geta byggst upp

mikið af spili í kringum hann,“ sagði Arnór. „Maður hefur svo lengi beðið eftir því að Matthías springi út og vonandi að hann geri það á þessu ári. Hann býr yfir miklum hraða og þarf að vera duglegur að nýta sér hann.“

Sonur Arnórs, Eiður Smári Guðjohnsen, gæti bætt markamet hans og Ríkharðs Jónssonar á morgun. „Það er tímaspursmál hvenær hann slær metið og hann er vel upplagður fyrir þennan leik. Hann hefur gott af því að fá fullar níutíu mínútur.“

Mikið hefur verið rætt um framtíð Eids Smára hjá Barcelona en Arnór er umboðsmaður hans. „Þetta eru árlegar vangaveltur og kannski eðlilega svo. En hann hugsar ekki um neitt annað en að klára tímabilið og sjá svo til hvað tekur við eftir það.“

- esá

Lauflétt kaup

Engin útborgun. Lægra verð.*
Aðeins 48 bílar í 2 daga.
Komdu strax.



30.628 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 24 mánuði.

**Nýttu þér
tilboðin
Tökum notaðan
uppí notaðan**

Nissan Terrano II 2,4 bsk.bensín. skrd. 11/1999 ek: 137.000 km.
Verð 890.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Engin útborgun.
30.628 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. UU547.

Engin útborgun - afborgun
undir 15.000 kr. á mán.



9.229 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Mazda Demio 1,3 bsk. skrd. 06/1999 ek: 151.000 km.
Verð 420.000 kr. Tilboðsverð 299.000 kr. Engin útborgun.
9.229 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. MR571.

Engin útborgun - afborgun
15.000 - 20.000 kr. á mán.



16.177 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Renault Meg. Classic 1,6 ssk. skrd. 11/2001 ek: 50.000 km.
Verð 890.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Engin útborgun.
16.177 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. NP441.

Engin útborgun - afborgun
20.000 - 25.000 kr. á mán.



21.636 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C4 Comfert 1,6 bsk. skrd. 05/2005 ek: 18.000 km.
Verð 1.690.000 kr. Tilboðsverð 1.510.000 kr. Engin útborgun.
21.636 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AU723.

Engin útborgun - afborgun
yfir 25.000 kr. á mán.



25.601 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Hyundai Sonata 2,4 ssk. skrd. 05/2005 ek: 29.000 km.
Verð 2.090.000 kr. Tilboðsverð 1.790.000 kr. Engin útborgun.
25.601 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. B0773.



12.223 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Ford Focus High Ser. 1,6 bsk. skrd. 12/1999 ek: 159.000 km.
Verð 590.000 kr. Tilboðsverð 399.000 kr. Engin útborgun.
12.223 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. VX223.



17.117 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Citroën C3 1,4 bsk. skrd. 07/2004 ek: 68.000 km.
Verð 1.070.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
17.117 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. ND712.



12.951 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Nissan Almera 1,5 bsk. skrd. 01/2002 ek: 101.000 km.
Verð 670.000 kr. Tilboðsverð 559.000 kr. Engin útborgun.
12.951 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. VR886.



18.526 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 12/2004 ek: 34.000 km.
Verð 1.480.000 kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Engin útborgun.
18.526 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RU710.



24.306 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 ssk. skrd. 09/2005 ek: 24.000 km.
Verð 1.850.000 kr. Tilboðsverð 1.590.000 kr. Engin útborgun.
24.306 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OI605.



27.016 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C5 2,0 ssk. skrd. 05/2005 ek: 30.000 km.
Verð 2.090.000 kr. Tilboðsverð 1.890.000 kr. Engin útborgun.
27.016 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OY671.



14.949 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Ford Focus High Ser. 1,6 bsk. skrd. 01/2000 ek: 130.000 km.
Verð 690.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Engin útborgun.
14.949 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. PN979.



19.941 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Renault Meg. Scenic 1,6 bsk. skrd. 02/2004 ek: 33.000 km.
Verð 1.590.000 kr. Tilboðsverð 1.390.000 kr. Engin útborgun.
19.941 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NE393.



24.306 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 06/2005 ek: 12.000 km.
Verð 1.780.000 kr. Tilboðsverð 1.590.000 kr. Engin útborgun.
24.306 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PG448.



29.922 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Saab 9-5 2,0 ssk. skrd. 03/2000 ek: 137.000 km.
Verð 1.240.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
29.922 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. MI059.

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á



RHEINPARK STADION Heimavöllur landsliðs Liechtenstein og FC Vaduz. Tekur rúma sex þúsund manns í sæti.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Smáríkið Liechtenstein:

Eins og tvö Þingvallavötn

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið mætir Liechtenstein á Laugardalsvelli um helgina í undankeppni EM 2008. Sú keppni fer fram í Austurríki og Sviss, löndunum sem umlykja Liechtenstein.

Landið er ekki stórt, um 160 ferkílómetrar. Það er svipað flatarmál og tvö Þingvallavötn eða á stærð við Drangajökul. Vatnajökull er til að mynda 52 sinnum stærri en Liechtenstein.

34 þúsund manns búa í Liechtenstein. Það er nánast sami íbúafjöldi og var í Reykjavíkurbæ, Breiðholti og Grafarholti í fyrra.

Höfuðborg Liechtenstein heitir Vaduz en sú stærsta Schaan með sex þúsund íbúa.

- esá

Líklegt byrjunarlið Liechtenstein gegn Íslandi á Laugardalsvelli á morgun:

Sjö atvinnumenn byrja inni á

FÓTBOLTI Á morgun keppir íslenska landsliðið við landslið Liechtenstein í undankeppni EM 2008 en leikurinn fer fram á Laugardalsvelli. Liðin hafa hvort um sig innbyrt einn sigur í riðlinum til þessa en Eyjólfur Sverrisson og hans menn eru engu að síður krafðir um sigur á morgun.

Landslið Liechtenstein er eitt þeirra sem hafa verið í hópi smáliða Evrópu, það sem enskir fjölmiðlamenn kalla oft „minnows“. Íslenska landsliðið var vissulega eitt sinn í þeim hópi en telst nú varla lengur.

Engu að síður er landslið Liechtenstein skipað átta atvinnumönnum en sjö þeirra munu líklega byrja inni á á morgun. Það telst nú þökkalegt, ekki síst miðað við að 34 þúsund manns búa í landinu.

Einn þeirra er Michele Polverino sem leikur með FC Vaduz. Hann ólst upp í Liechtenstein en hefur til þessa verið með ítalskan ríkisborgararétt. Í fyrradag fékk hann hans vegar einni ríkisborgarétt frá landsstjórn Liechtenstein og getur því spilað sinn fyrsta landsleik á morgun.

LYKILMENN LIECHTENSTEIN



FRANZ BURGMEIER Leikmaður Basel.



DANIEL HASLER Landsliðsfyrirliði.



PETER JEHLE Ver mark Boavista.



MARIO FRICK Leikmaður Siena.

Hópurinn byggður upp á leikmönnum sem leika með liðum sem leika í D-deildinni í Sviss og í C-deildinni í Austurríki.

Þeir eru allir áhugamenn og meðal þeirra má finna Franz Burgmeier, Michele Polverino, Raphael Rohrer, Ronny Büchel, Marco Ritzberger, Michael Stocklase, Daniel Hasler, Martin Stocklase og Peter Jehle.

starfsmenn, námsmenn og einn er meira að segja atvinnulaus.

- esá



Landslið Liechtenstein:

Raunir liðsins efni í góða bók

FÓTBOLTI Landslið Liechtenstein er þekkt fyrir frammistöðu sína á vellinum, óvænta sigra og stór töp. Rithöfundur í Englandi, Charlie Connelly, gerði sér þátttöku liðsins í undankeppni HM 2002 að umfjöllunarefni í bók sem kom út sama ár og úrslitakeppnin í Japan og Suður-Kóreu fór fram.

Liechtenstein gekk illa í þessari undankeppni. Tapaði öllum átta leikjum sínum og náði ekki að skora eitt einasta mark.

Connelly öðlaðist frægð fyrir bók sína sem var hlaðin lofi af rithöfundum. Í henni kynntist hann heilli þjóð, eðli hennar og þjóðarsál.



STAMPING GROUNDS

- esá

Afsmælis



Mikið úrval af garðhúsgögnum

25% AFMÆLISAFSLÁTTUR



25% AFMÆLISAFSLÁTTUR



25% AFMÆLISAFSLÁTTUR



Fögnum eins árs afmæli nýrra verslana okkar að Fiskislóð og á Akureyri með pomp og prakt. Allskyns tilboð í tilefni dagsins. Líttu inn og fagnaðu með okkur – og gerðu kjarakaup í leiðinni.

Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16



Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630



MARKAHEITJA Mario Frick er langþekktasti knattspyrnumaður Liechtensteins. NORDIC PHOTOS/AFP

Markamaskínan Mario Frick: Eiður Smári Liechtensteins

FÓTBOLTI Mario Frick, sóknarmaður í landsliði Liechtensteins, er langþekktasti knattspyrnumaður landsins. Hann var fyrsti knattspyrnumaður landsins sem gerðist atvinnumaður erlendis en hann leikur nú með Siena í Seríu A á Ítalíu. Hann er 33 ára gamall og á að baki þrettán ára atvinnu- mannaferil.

Hann á margt líkt með Eiði Smára Guðjohnsen en báðir eiga þeir markamet sinna landsliða. Eiður deilir reyndar sínu með Ríkharði Jónssyni en Frick hefur skorað ellefu landsliðsmörk, flest landa sinna.
 - esá

Dvergríki með háleitar væntingar

Landslið Liechtensteins mætir því íslenska á Laugardalsvelli á morgun. Þær vonir og væntingar sem gerðar eru til liðsins aukast með ári hverju. Í síðasta leik liðsins vann það góðan sigur á Lettum, 1-0.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið mætir á morgun sínum veikasta andstæðingi í undankeppni EM 2008 á heimavelli. Samkvæmt því ætti krafan á íslenska landsliðið að vera ekkert annað en sannfærandi sigur. Stuðningsmenn landsliðs Liechtenstein eru hins vegar á öðru máli og útiloka ekki óvænt úrslit í leiknum þó Ísland sé vissulega sigurstranglegrí aðilinn.

Arangur liðsins síðustu ár er eftirtektarverður. Í síðustu undankeppni, fyrir HM 2006, náði liðið átta stigum og fékk á sig 23 mörk í tólf leikjum. Ísland fékk í sömu keppni fjögur stig og 27 mörk á sig í tíu leikjum.

Liechtenstein kemur hingað til lands fullt sjálfstraust eftir sigur á Lettum á heimavelli í síðasta leik. Lettar fóru hins vegar létt með Íslendinga á sínum heimavelli fyrir í haust, 4-0. Það er því margt sem bendir til þess að lið Liechtenstein sé sýnd veiði en ekki gefin.

Þó er því ekki að neita að á pappírnum lítur lið Liechten-



ÓVÆNT GEGN PORTÚGAL Benjamin Fischer kom Liechtenstein yfir gegn Portúgal á útivelli í undankeppni HM 2006. Portúgal vann að lokum sigur, 2-1. NORDIC PHOTOS/GETTY

stein ekki neitt sérstaklega vel út. Þrír leikmenn leika með nokkuð þekktum liðum en aðrir leikmenn koma úr neðri deildum Sviss, Austurríkis og Þýskalands. Deildum sem íslensku landsliðsmennirnir myndu sjálfsgagt aldrei

telja áhugavert að spila í. Umhverfið lítur einnig allt öðruvísi út. Aðeins sjö knattspyrnufélög eru starfrækt í Liechtenstein á meðan að fjöldi knattspyrnufélaga á Íslandi nálgast 130. Gríðarlega mikill munur er á öllu innra

starfi knattspyrnunnar og uppbyggingu leikmanna.

Félögin sjö í Liechtenstein taka þó árlega þátt í bikarkeppni þar í landi og sigurvegarinn fær sæti í UEFA-bikarkeppninni.

Stærsta félagið í Liechtenstein er FC Vaduz. Það leikur í B-deildinni í Sviss og hefur á undanförunum árum þrisvar verið nálægt því að komast í úrvalsdeildina.

Mikil uppstokkun hefur átt sér stað í liðinu, heimamönnum til mikillar gremju. Aðeins fjórir leikmenn liðsins koma frá Liechtenstein og eru þeir allir í landsliðinu. Leikmenn frá Suður-Ameríku, Afríku og Austur-Evrópu eru áberandi og fyrir vikið hafa vinsældir liðsins hrunið. Aðeins 6-700 manns mæta að meðaltali á heimaleiki liðsins í svissnesku deildinni.

Þjóðarstoltið er því knattspyrnulandsliðið, sem hefur verið að ná góðum árangri sem fyrr segir. Í kjölfarið eru væntingarnar sem gerðar eru til liðsins sífellt að aukast.
 eirikur@frettabladid.is

sveisla!



Útivistarfatnaður m.a. frá Devold

25%
AFMÆLISAFSLÁTTUR



Permasteel-gasgrill



Primus-ferðagasgrill

25%
AFMÆLISAFSLÁTTUR



Ferðavörur



Primusar

25%
AFMÆLISAFSLÁTTUR



Stangveiðivörur og fatnaður frá Loop




Vandaðir gönguskór



Aukahlutir fyrir ferðataeki

25% afmælisafsláttur af:

- útivistarfatnaði
- skóm
- ferðavörum
- stangveiðivörum og fatnaði
- gasvörum
- gasgrillum
- aukahlutum fyrir ferðataeki



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land



– fullt hús ævintýra

Chelsea greiðir langhæstu launin

Launin í enska boltanum halda áfram að hækka og næsta vetur fer sameiginlegur launakostnaður liðanna yfir 1 milljarð punda eða um 122 milljarða íslenskra króna. Þessar upplýsingar eru á meðal þeirra sem má finna í árlegri skýrslu Deloitte um fjármál knattspyrnuheimsins. Enska deildin er sú tekjuhæsta.



HARGREAVES Hefur verið undir smásjá United frá HM á síðasta ári.

NORDICPHOTOS/GETTY

Manchester United verslar: Þrír leikmenn á 50 milljónir

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson beið ekki boðanna og hefur þegar tryggt sér þrjá nýja leikmenn í lið Manchester United. Farsanum um Owen Hargreaves er loksins lokið en hann skrifar undir hjá United hinn 1. júlí eftir vangaveltur í heilt ár um komu hans. Kaupverðið á honum er um 17 milljónir punda.

United hefur einnig staðfest komu hins 19 ára gamla Anderson frá Porto og Nani frá Sporting Lissabon en saman kosta þeir rúmar 30 milljónir punda. - hph

FÓTBOLTI Árleg skýrsla Deloitte um fjármál knattspyrnuheimsins vekur ávallt mikla athygli og á því er engin undantekning í ár. Þar kemur fram að enska deildin er enn sú tekjuhæsta og leikmenn liðanna munu brjóta eins milljarðs punda múrinn í launakostnaði sem er aukning um tæpar 150 milljónir punda frá leiktíðinni 2005-06 en skýrsla ársins er frá þeirri leiktíð. Ein aðalástæðan er nýr sjónvarps-samningur.

Chelsea er með mestu launa-byrðina eða 114 milljónir punda fyrir leiktíðina en fjórir aðrir klúbbar fóru yfir 50 milljónir punda. Man. Utd greiddi 85 milljónir punda, Arsenal 83, Liverpool 69 og Newcastle 52.

Man. Utd hafði mestar tekjur ensku liðanna eins og venjulega eða 167,7 milljónir punda. Chelsea kom næst með 152,8, Arsenal með 133 og Liverpool 121,6 milljónir punda. Tekjur Arsenal munu hækka mest í næstu skýrslu enda fyrsta starfsárið á nýjum og stærri velli. Aðeins 9 félög í ensku



LEIKMENN CHELSEA Strákarnir í Chelsea eru ekki á neinum sultarlaunum enda er félagið með hæsta launakostnað allra liða í heiminum.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

úrvalsdeildinni skiluðu hagnaði fyrir skatta en félögin voru 14 árið á undan.

Launin í enska boltanum eru langhæst en næst kemur ítalska deildin, þar sem launakostnaður

þar er 35 prósent lægri en í enska boltanum. Spænski boltinn kemur svo í þriðja sæti með 502 milljónir punda í launakostnað á móti 548 hjá Ítalíu.

Annars er Evrópuboltinn enn

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

Hæstu launin	milljónir punda
Chelsea	114
Man. Utd	85
Arsenal	83
Liverpool	69
Newcastle	52

TEKJUHÆSTU DEILDIRNAR:

Tölur í milljörðum punda	
England	1,4
Ítalía	1,0
Þýskaland	0,8
Spánn	0,8
Frakkland	0,6

Skemmtilegar staðreyndir:

- Fjögur lið í ensku B-deildinni voru með hærri launakostnað en tekjur.
- Umboðsmenn í enska boltanum fengu yfir 50 milljónir punda í sinn vasa leiktíðina 2005-06.

í mikilli sókn og velta Evrópuboltans jókst um 9 prósent milli ára. Fjárhagsstaða félaganna í 5 stærstu deildum Evrópu hefur styrkst verulega enda er tekjuaukning í þeim öllum.

henry@frettabladid.is

TILBOÐSDAGAR

20% - 25%

afsláttur af
öndunarfatnaði

1. - 9. júní

Jakkar frá kr. 9.995 til 19.995

STÆRRI VERSLU
MEIRA VÖRUÚRVAL!

Íslensku
ALPARNIR
FERÐAVERSUN



Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is



BRYANT Stigakóngur NBA tvö síðustu ár með yfir 30 stig að meðaltali í leik.

NORDICPHOTOS/GETTY

Kobe Bryant snýst hugur: Hættur við að fara frá Lakers

NBA Kobe Bryant hefur gefið það út að hann sé hættur við að fara frá Los Angeles Lakers. „Ég vil að mér verði skipt frá félaginu - já. Eins erfitt og það er að viðurkenna það - er enginn annar möguleiki í stöðunni.“ sagði Bryant í vikunni en eftir að Phil Jackson, þjálfari liðsins, hringdi í hann snerist Bryant hugur.

„Ég vil vera hér áfram. Þetta er liðið mitt, ég elska að vera hérna,“ sagði Bryant. Jackson sagði að hann álásaði Bryant ekki fyrir að láta hin ófögru orð falla en nú yrði grettistaki lyft hjá félaginu, sem stefndi á betri hluti í framtíðinni. - hph



MEISTARAR Tim Duncan kemur höndum á meistargripinn.

NORDICPHOTOS/AFP

San Antonio Spurs: Kláraði Utah og varð meistari

NBA San Antonio Spurs tryggði sér þriðja meistaratitil sinn á Vesturströnd Bandaríkjanna á síðustu fimm árum í fyrrinótt eftir 109-84 sigur á Utah Jazz. Tim Duncan og Tony Parker skoruðu báðir 21 stig fyrir Spurs sem vann einvígið 4-1 og hafði nokkra yfirburði yfir Utah.

Eftir að hafa komist í 14-0 var björninn nánast unninn hjá Spurs og leikmenn Utah náðu sér ekki á strik. Hið spræka lið Spurs mætir annaðhvort Detroit Pistons eða Cleveland Cavaliers í úrslitum NBA en staðan í viðureign þeirra er 2-2. - hph

Ótrúlegt verð

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

DiBOSS
Digital LCD TV

DiBOSS 32" LCD skjár

LT32A2HM

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Birta 500cd/m2
- 2x7w Nicam stereó hljóðkerfi

32" LCD
FLATUR SKJÁR

69.990 kr

Ótrúlegt verð



VISA Lán

29.990 kr

Verð áður 39.990,-



United 15" LCD skjár LTV15L52

- 15" 4:3 LCD Sjónvarp • Digital Comb Filter • 8w Nicam stereó hljóðkerfi • 12V og 220V • Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð í cm (bxhxd): 38,3x31,6x6,5

59.990 kr

GOTT VERÐ



Philips 20" LCD skjár 20PF4121

- Upplausn: 640x480 punktar • Crystal clear og progressive scan
- Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
- Sjónsvið (H/V): 160/120° og birtustig: 450 cd/m2
- 20w stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi
- DVI-i tengi (styður VGA, XGA) • Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 59,4x39,1x8,3 • Þyngd: 8,8kg

49.990 kr

Verð áður 79.990,-



20" Dantax LCD skjár 20LCDV7

- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heymartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

27" United LCD skjár

LTV27W63

- 27" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn 1280x720 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- 2x6w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, CVBS og heymartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFW6875 veggfestinguna (fylgja ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 79,5x43,8x11

79.990 kr

Verð áður 89.990,-



32" Enox LCD skjár

BLT7832

- 32" LCD sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn 1366x768
- Svartími 8ms
- Skerpa 1000.1
- Textavarp 1000 síðna minni
- 2x scart, HDMI, RCA tengi
- 2 x 30w magnari

89.990 kr

GOTT VERÐ



Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versta

Sophia Bush

Sophia er langþekktust fyrir hlutverk sitt sem Brooke Davis í þáttaröðinni um smábæinn Tree Hill. Hún hefur þó leikið í nokkrum kvikmyndum og jafnframt komið fram í þáttunum vinsælu Nip/Tuck. Leiklistarbrautin lá ekki beint við fyrir Sophiu, sem varði meiri tíma á hlaupa- brautinni og blakvellinum á yngri árum. Nú er þó ekki útlit fyrir að hún skipti um starfsferil, enda fer stjarna hennar hækkandi í Hollywood. Nýjasta mynd hennar er væntanleg á næsta ári, en þar leikur hún á móti Eddie Cahill og Vincent D'Onofrio. Í kvöld geta aðdáendur hins vegar fylgst með henni í One Tree Hill.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON VERNDAR BRESKU KRÚNUNA

Tjallinn kveikir á hryðjuverkaógninni

Síðustu áratugina hafa Bandaríkjamenn haft yfirhöndina í baráttunni gegn hryðjuverkum. Í það minnsta á sjónvarpsskjánum. Kónar á borð við Jack Bauer hafa þar farið fremstir í flokki við að berjast á skegguðum miðasturlenskum sprengjuvörögum sem hika ekki við að fórnar saklausum mannslífum fyrir málstaðinn. Þótt Kínverjar komi við sögu í nýjustu þáttaröðinni af 24 þá er undirliggjandi hryðjuverkaógn frá Miðasturlöndum. Og þá ekki síst frá Aröbum búsettum í heimalandinu.

Bretarnir hafa hins vegar verið meðvitundarlitlir í þessu stríði. Aðeins James Bond og MI5 hefur verið gefið tækifæri til að bjarga heiminum frá glötun og geðsjúklingum. Og tekist nokkuð vel upp. En á skjánum hafa hetjur og opinberir talsmenn glæparannsóknna verið hinn yfirmáta rólegi Morse, skapilli Skotinn Taggart og hin drykkfella Jane Tennison. Öll eiga þau það sameiginlegt að glíma við persónuleg vandamál á meðan þau leysa flóknar morðgátur. Stund-

um í höfuðborginni, stundum út á landi þar sem lífið slær í takt við hægætisveðrið og jarmið frá rollunum. Bretum hefur nefnilega verið umhugað um að vernda ímynd sína á erlendum vettvangi sem hin kurteisa og fagaða þjóð. Enda nóg að Bond skuli fleka fyrirsætur undir merkjum breska heimsveldisins en skilja þær síðan eftir í rúminu án símanúmers eða tölvupóstfangs og kannski bara steindauðar.

Þetta hefur hins vegar verið að breytast að undanförunu. Sífellt fleiri Bond-ar hafa verið að skjóta upp kollinum sem vilja vernda bresku krúnuna frá katastrofu og grimmdarverkum.

Enda hefur ógnin frá herskám hópum gert vart um sig með áþreifanlegum hætti í Bretlandi. Og þess verður örugglega ekki langt að biða þar til sagan fer í hring og Jack Bauer, hinn bandaríski Bond, verður stílfærður uppá breska vísu og gerður út af tja...MI5.

BOND Er ekki lengur eini útvörður breskrar nýjssamningar.



EKKI MISSA AF



▶ **20.05 The Simpsons** STÖÐ 2



▶ **21.40 Charlie's Angels: Full Throttle** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Ripley's Game** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00 Standoff** SIRKUS



▶ **23.35 Everybody Loves Raymond** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.35** 14-2 e.
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Músahús Mikka (9:28)
18.30 Ungar ofurhetjur (3:26) (Teen Titans, Ser. II)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Æskuár Harrys Houdini (Young Harry Houdini) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1987 um æskuár töframansins Harrys Houdini sem uppi var á árunum 1874 til 1926. Leikstjóri er James Orr og meðal leikenda eru Wil Wheaton, Jeffrey DeMunn, Kerri Green og Barry Corbin.
▶ **21.40** Englar Charlies - Á fullu gasi (Charlie's Angels: Full Throttle) Bandarísk hasamynd frá 2003 um þrjá harðsnúna einkaspæjara sem eiga í höggi við óþjóðalýð. Leikstjóri er McG og meðal leikenda eru Cameron Diaz, Drew Barrymore og Lucy Liu. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
23.15 Kræktu í karlinn (Get Shorty) Bandarísk gamanmynd frá 1995. Glæpamaður fer til Hollywood að innheimta skuld og kemst að því að kvikmyndabransinn er ekki svo ólíkur því fagi sem hann vinnur við. Leikstjóri er Barry Sonnenfeld og meðal leikenda eru John Travolta, Gene Hackman, Rene Russo, Danny DeVito og James Gandolfini. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.20** Two Brothers
08.00 Marine Life
10.00 Bangsímon og Fríllinn
12.00 My House in Umbria
14.00 Marine Life
16.00 Bangsímon og Fríllinn
18.00 My House in Umbria
20.00 Two Brothers
▶ **22.00** Ripley's Game Bygð á skáldsögu Patriciu Highsmith um hinn slóttuga Ripley. Hér er á ferð hörkuspennandi sálfræðitryllir með sterkum leikurum í helstu hlutverkum.
00.00 Buffalo Soldiers
02.00 Elektra
04.00 Ripley's Game



- 07.20** Myrkfælnu draugarnir
07.35 Litlu Tommi og Jenni
08.00 Myrkfælnu draugarnir
08.10 Í finu formi 2005
08.25 Oprah
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Forboðin feður (60.114)
10.15 Numbers (22.24)
11.00 Fresh Prince of Bel Air 5
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin feður (9.114)
13.55 Forboðin feður (10.114)
14.40 Joey (17.22)
15.05 The Apprentice (15.16)
15.50 Kringlukast
16.13 Batman
16.38 Titeuf
17.03 Justice League Unlimited
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
▶ **19.40** The Simpsons (17.22) (e)
▶ **20.05** The Simpsons (18.22)
20.30 Leitinn að strákunum (7.9) Þeir 5 keppendur sem eftir eru halda til New York til að taka upp fríkað úti atriði. Í lok þáttar rekur dómnefndin einn keppenda heim til Íslands.
21.15 Beauty and the Geek (9.9)
22.00 Napoleon Dynamite Bráðhlægileg gamanmynd sem skaut Jon Heder upp á stjórnuhimininn. Myndin segir frá furðufuglinum Napoleon Dynamite sem á erfitt með að falla í hópinu í skólanum. Leyfð öllum aldurshópum.
23.25 Win A Date with Tad Hamilton! Rómantísk gamanmynd með Kate Bosworth og Topher Grace. Bosworth leikur smábæjarstúlku sem vinnur stefnumót við frægan hjartakúsara í samkeppni.
01.00 Angels Don't Sleep Her
02.30 Eurotrip
04.00 Leitinn að strákunum (7.9)
04.45 The Simpsons (18.22)
05.10 Fréttir og Ísland í dag
06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 18.00** Insider
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 The War at Home (5.22) Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglöngu á heimilinu.
20.10 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægjar stjörnur.
20.40 Daisy Does America (5.8) Í þáttunum um Daisy ferðast breska gamanleikkonan Daisy Donovan um Bandaríkinn í þeim tilgangi að uppfylla Ameríska drauminn og tileinka sér hina undarlegustu siði Ameríkana. Hún gerir grín að sjálfri sér og hinum ýmsu furðufuglum sem verða á vegi hennar.
21.10 Night Stalker (4.10) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á máluum koma tengingar á milli morðanna í ljós. Þau gætu líka öll tengst morðinu á eigin konu hans.
▶ **22.00** Standoff (12.18) Nýir spennuþættir með Ron Livingston og Rosemarie DeWitt í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um samningamenn í gíslátökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni.
22.45 Bones (5.22) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein úr löngu látnum fórnarlömbum. Dr. Temperance Brennan er bráðsnjall meinfræðingur sem hefur einstaka hæfileika til að bera kennsl á ára gömul bein og finna þar með manneskjur sem hafa jafnvel verið týndar í áratugi.
23.30 American Inventor (10.15) (e)
00.15 The War at Home (5.22) (e)
00.40 Entertainment Tonight (e)
01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

- 18.15** N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45** Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 07.15** Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
15.30 Vörutorg
16.30 One Tree Hill (e)
17.30 Beverly Hills 90210
18.15 Rachael Ray
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Still Standing (e)
20.00 One Tree Hill Bandarísk unglingseria þar sem humor, dramatik og bullandi rómantik fara saman. Fylgst er með unglöngunum í One Tree Hill í gegnum súrt og sætt.
21.00 The Bachelor - NÝTT Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitast að draumadísinni. Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er 34 ára.
22.45 Kidnapped (7.13) Hörkuspennandi þáttaröð. Syni milljónamæringis er rænt og hann ræður sérfræðing til að endurheimta strákinn. Sá starfar utan ramma laganna og kemst fljótt á spor. Fréttum af mannráinu er lekið í blöðin, lífvörður Leopolds er kominn aftur á kreik og King er tekinn á teppið hjá yfirmönnum FBI.
▶ **23.35** Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur. Marie fer í fylu út í Debru og neitar að tala við hana þegar henni finnst að Debra hafi verið dónaleg við sig. Ray reynir að kippa hlutunum í liðin og fær Marie til þess að biðja Debru afsökunnar, en þá fer Debra í fylu og neitar að tala við Marie.
00.00 European Open Poker (14.16)
01.30 The Dead Zone (e)
02.20 Beverly Hills 90210 (e)
03.05 Tvöfaldur Jay Leno (e)
04.45 Vörutorg

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
 GÍSLA ÖRN GARDARSSON
 OG VÍKING KRISTJÁNSSON

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ
 MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
 OG Á WWW.BORGARLEIKHUS.IS



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30

Leitin að Strákunum

Leitin að næstu sjónvarpstjörnum Íslands heldur áfram á Stöð 2 í kvöld en nú eru aðeins fimm keppendur eftir. Keppnin hefur nú verið flutt til New York en þar munu keppendurnir nú taka upp einn allra vinsælasta dagskrárlið Strákanna; Frikað úti. Að sjálf-sögðu eru Auðdi og Sveppi á svæðinu til að fylgjast

með öllu og í lok þáttarins rekur dómnefndin einn keppenda heim til Íslands. Frikað úti vakti gífurlega lukku hjá Strákunum en þar léku þeir lausum hala í spennandi stórborgum um víða veröld og nú fá keppendur að gera hið sama. Sigurvegarinn að þessu sinni fær að fljúga heim á Saga Class í boði Ícelandair.



Við mælum með NAPOLEON DYNAMITE

Stöð 2 kl. 22.00

Napoleon Dynamite er einn eftirminnegasti karakter í kvikmyndasögu seinni tíma. Gamanmyndin með sama nafni sló sömuleiðis í gegn í kvikmyndahúsum um heim allan, en hún var frumsýnd á Sundance-kvikmynda-hátíðinni í janúar 2004. Í myndinni er fylgst með ævintýrum og oft grátbroslegum örlögum Napoleon, sem er nörd fram í fingurgóm-ana og meira til. Hann og vinur hans, Pedro, sameina krafta sína til að Pedro hampi titli formanns nemendafélags skólans, og á sama tíma þarf Napoleon að kljást við vægast sagt undarlegt heimilislíf. Óorganleg gamanmynd sem enginn má missa af.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Óskastundin
- 09.50 Morgunleikfimi
- 10.13 Sagnaslóð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vilt og breitt
- 14.03 Útlitssagan: Lífsjátning
- 14.30 Miðdegistónar eftir Antonio Vivaldi
- 15.03 Flakk
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Lög unga fólksins
- 19.30 Óvissuferð - allir velkomnir
- 20.10 Síðdegi skógarpúkanna
- 21.00 Gyðjurnar og Óðinn
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.10 Útlitssagan á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 07.00 NBA - Úrslitakeppnin Útsending frá fimmta leik Detroit og Cleveland í úrslitum Austurdeildar NBA körfuboltans.
- 17.55 Það helsta í PGA mótaröðinni
- 118.20 Gillette World Sport 2007 Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþróttar eru teknar fyrir.
- 18.50 Vináttulandsleikur Bein útsending frá vináttulandsleik Englendinga og Brasilíumanna í knattspyrnu.
- 21.00 NBA - Úrslitakeppnin (Detroit - Cleveland)
- 23.00 Heimsmótaröðin í póker 2006 Pókeræði hefur gengið yfir heiminn að undanföngu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu. Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, þar sem keppt er um háar fjárhæðir. Margir þeirra eru gífurlega þekktir og má þar nefna Doyle Brunson, Johnnie Chan, Gus Hansen og Phil Ivey.
- 00.00 Heimsmótaröðin í póker 2006
- 01.00 NBA - Úrslitakeppnin (NBA 2006/2007 - Playoff games) Leikur í úrslitakeppninni í NBA körfuboltanum.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignimar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi - þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 6.00 Elmers verðin 6.15 Brum 6.30 Nyheder fra Grønland 7.00 Grønne glæder 7.30 Børneblæksprutten 7.45 Ungdomsprogram 8.00 Viften 8.30 Græsødder 9.00 Den 11. time 9.30 Smag på Danmark - med Meyer 10.00 TV Avisen 10.10 Task Force 10.35 Ud i naturen 11.00 Rabatten 11.25 Aftenshowet 11.55 Aftenshowet 2. del 12.20 Hjerterum 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.05 Med rygæk 13.30 Boogie Listen 14.30 Stampbob Firkant 14.55 Rutsj Klassik 15.30 Hunni*show 15.45 Den lille prinsesse 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjøv 18.00 aHA! 19.00 TV Avisen 19.30 The 51st State 21.00 Hvepsereiden 22.45 Boogie Listen 5.30 Gurli Gris 5.35 Noddy 5.50 Disney Sjøv

NKI

- 6.30 Jukeboks: Norge rundt 7.30 Jukeboks: Jazz 8.10 Schrödingers katt 9.05 Oddasat - Nyheter på samisk 9.20 Distriktsnýheter 9.40 Fra Nordland 10.00 Siste nytt 10.05 Distriktsnýheter 10.20 Fra Møre og Romsdal 10.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 11.00 Siste nytt 11.05 Distriktsnýheter 11.20 Fra Aust- og Vest-Agder 11.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnýheter 12.20 Fra Oslo og Akershus 12.40 Fra Østfold 13.00 Giro d'Italia 14.00 Siste nytt 14.05 Giro d'Italia 15.30 Siste nytt 15.40 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Franklin 16.15 Mekke-Mikkel 16.25 Lure Lucy 16.30 Sauen Shaun 16.40 Distriktsnýheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Retro 18.55 20 spørsmål 19.20 Inspektør Lynley 20.50 Sykkelkveld fra Italia 21.00 Kveldsnytt 21.20 Colditz 22.55 Sorte orm 5.30 Pysjopbaluba 5.31 Fiffi og blomsterbarna 5.40 Bosse 5.50 Harry med bøtta full av dinosaurer 6.00 Mikkes klubbhus

SVT 1

- 7.30 Samtal med 7.45 Lab Rats 8.15 Poniente 8.40 Sport mit Simone 8.45 Ramp höjdare 9.15 Kaksi/tvá 10.00 Rapport 10.05 Saras kók 10.35 Hundra år av dansk trädgårdshistoria 12.30 Mitt i naturen 13.00 Argument 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Hundkoll 15.30 Vi i femman 16.00 Lantmusen och stadsmusen 16.30 Tillbaka till Vintergatan 17.00 Amigo 17.30 Rapport 18.00 Doobidoo 19.00 Sammansvärningen 21.10 Rapport 21.20 Kulturhyeterna 21.30 Polish Wedding 23.15 Sändningar från SVT24 6.00 Bolibompa

www.volkswagen.is

Má bjóða þér grænan Passat?

Volkswagen Passat er einhver glæsilegasti bíll sem völ er á í sínum flokki. Fjölbreytt úrval véla og búnaðar er í boði og uppfyllir fjölbreytilegustu kröfur. Við mælum með TDI-dísilvélinni sem gefur urrandi afl þrátt fyrir að vera sparsöm og umhverfisvæn svo um munar.

Í tilefni af samstarfi okkar við Hekluskóga um kolefnisjöfnun bjóðum við Volkswagen Passat nú á sérlega hagstæðum kjörum:

Kostar frá aðeins 26.500 kr. á mánuði*

* M.v. 30% útborgun og BÍlasamning SP til 84 mánaða. Verð 2.690.000 kr.

Volkswagen Passat er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.

HEKLA Grænt fyrirtæki - kolefnisjöfnuð starfsemi



„Ég held nú að ég sé besti kokkurinn. Ef ég er illa haldinn fæ ég mér pylsu á Bæjarins bestu. Annars er það nautasteik á Argentínu, annað er ekki til umræðu.“

Tómas R. Einarsson tónlistarmaður.

Ráðist á Ómar um hábjart sumarkvöld

„Ég varð að hægja mjög á bílnum svo að hann stöðvaðist næstum því en ég þorði ekki að stoppa alveg því að þegar maðurinn kom nær með hnefana á lofti sá ég að andlit hans var afmyndað af heift og hatursbræði og ekki leyndi sér að hann ætlaði að stöðva mig og brjótast inn í bílinn til að ganga frá mér,“ skrifar Ómar Ragnarsson á bloggsíðu sína.

Hann varð fyrir því nýverið að á hann var ráðist á Vesturlandsvegi þar sem hann var á ferð á sínum fornbiól af gerðinni NSU Prinz 1958. Þrátt fyrir óskir Fréttablaðsins, bæði áður en hann birti frásögn sína á netinu og eftir, vill hann ekki tjá sig um atvikid um fram það sem segir á síðu hans.

Segir þó þetta innlegg í umræðu undanfarinna daga um vaxandi ofbeldi á götum Reykjavíkur, umræðu sem hann segir að fari nú mjög fram á netinu. Hann veltir því fyrir sér hvað valdi.

„Skammt fyrir austan bensínstöð Skeljungs var bíl ekið framúr mér vinstra megin og út um glugga hékk maður sem skók að mér hnefann og hrópaði: „Ómar! Helvítið þitt!“ Bílnum var ekið um það bil hundrað metra fram fyrir mig, en þar var hann stöðvaður á ská, þannig að hann lokaði alveg akreininni í vestur,“ skrifar Ómar hins vegar sem slapp við illan leik með því að læsa bílnum. Maðurinn barði bílinn utan og mólvaði rúðu farþegamegin.



„ÓMAR! HELVÍTIÐ ÞITT!“ Ómar varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að á hann var ráðist, bíll hans barinn utan og rúða mólvað.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. rönd, 6. klafi, 8. arinn, 9. matjurt, 11. skóli, 12. skjöggra, 14. hlífa, 16. persónufornafn, 17. starfsgrein, 18. hrópa, 20. guð, 21. gort.

LÖÐRÉTT

1. að lokum, 3. í röð, 4. greftrunar, 5. nægilegt, 7. kásoð, 10. þunnur vökví, 13. útdeildi, 15. steintegund, 16. persónufornafn, 19. tvíhljóði.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. brúnn, 6. ok, 8. síð, 9. kál, 11. fgr, 12. slaga, 14. spara, 16. þú, 17. fag, 18. æpa, 20. ra, 21. rau. LÖÐRÉTT: 1. loks, 3. rs, 4. úttarar, 5. nóg, 7. kálsíða, 10. lap, 13. gaf, 15. agat, 16. þær, 19. au.

JÓN VIÐAR JÓNSSON: TILNEFNINGAR TIL GRÍMUNNAR KYNNTAR Í DAG

Dagur vonar stendur uppúr

Dagur vonar, Killer Joe, Leg, Mr. Skallagrímsson og Ófagra veröld eru tilnefndar sem bestu sýningar leikársins 2007. Athygli vekur að Benedikt Erlingsson leikstjóri tveimur sýninganna.

Í Óperunni í dag klukkan fjögur verður tilkynnt um tilnefningar til Grímunnar – íslensku leiklistarverðlaunanna – en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru það áður nefndar sýningar sem verða tilnefndar til aðalverðlaunanna: Sýning ársins. Aðeins ein sýning er Þjóðleikhússins en sú er Leg eftir Hugleik Dagsson í leikstjórn Stefáns Jónssonar. Hlýtur það að teljast fremur rýr uppskera en Þjóðleikhúsið hefur hingað til mátt vel við una þegar Gríman er annars vegar. Átti tvær tilnefningar í fyrra og sigraði í þessum flokki með sýningu sinni Pétur Gautur. Leikfélag Reykjavíkur á hins vegar tvær sýningar tilnefndar að þessu sinni. Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson sem Hilmir Snær Guðnason leikstjóri og svo Ófagra veröld eftir Anthony Neilsson í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Leikhúsið Ská máni á sýninguna Killer Joe eftir Tracy Letts en Stefán Baldursson er leikstjóri þeirrar sýningar. Er þá ónefnd sýning Benedikts Erlingssonar sem hann gerði fyrir Söguleikhús Landnámssetursins: Mr. Skallagrímsson.

Dr. Jón Viðar Jónsson leiklistarfræðingur hefur skrifað dóm um allar þessar sýningar í tímaritið Ísafold ef undan er skilinn Mr. Skallagrímsson – sýning sem Jón Viðar segir fina en einleik og erfitt



JÓN VIÐAR JÓNSSON Segir Dag vonar standa uppúr en Ófagra veröld eigi ekki heima í hópi tilnefndra sýninga.

að bera saman við hinar. „Dagur vonar stendur uppúr.“ Leikrit Birgis á jafnvel enn meira erindi í dag en þegar það var frumsýnt fyrir tuttugu árum að sögn Jóns Viðars og allt of sjaldgæft sé að eldri verk íslensk séu sett upp – líkt og um einnota fyrirbæri sé að ræða.

Leiklistarfræðingurinn undrast að Draumaland Hafnarfjarðarleikhússins sé ekki meðal hinna tilnefndu. „Óvæntasta og djarfasta sýning ársins.“ En ef sjónum er beint að þeim sýningum sem ómaklega eru tilnefndar stendur ekki á svörum:

„Ófagra veröld. Ekki illa unnin sýning sem slík en ekkert framúrskarandi.“

Verkið er hins vegar ekki merkilegt.”

Að öðru leyti segir Jón Viðar aðrar sýningar eiga skilið tilnefningu. Nefnir reyndar að það hefði mátt sjá tilnefndar sýningar á borð við Hjónabandsglæpi og Sitji guðs englar. Báðar sýningar Þjóðleikhússins. Þó veldur framtíðastaða flaggskips leikmenningar landsins Jóni Viðari vonbrigðum.

jakob@frettabladid.is

LUNKNIR LEIKSTJÓRAR

Fjórir valinkunnir leikhúsmenn leikstjórn eru sem þær bestu árið 2007.



Beint í farsímann eða í vefpósti_

www.visir.is

visir
Fyrstur með fréttirnar!

RÚV skráð á lögheimili útvarpsstjóra

„Bíddu, ha?“ voru fyrstu viðbrögð útvarpsstjórans Páls Magnússonar þegar honum var bent á að Ríkisútvarpið ohf. væri skráð á lögheimili hans í símaskránni á netinu. Síðan skellti hann upp úr. „Þetta finnst mér alveg ótrúlegt. Það er allavega ljóst að Ríkisútvarpið er ekki rekið frá mínu heimili,“ sagði Páll hlæjandi og bætti við að þetta hlytu að vera mistök af hálfu Símaskrárinnar.

Samkvæmt símaskránni er Ríkisútvarpið ohf. ekki aðeins með aðsetur í Efstaleitinu heldur einnig á heimili útvarpsstjórans í Garðabænum, og á öðrum landsvæðum á borð við Reykhólahrepp, Egilsstöðum og Ísafirði.

Páll gat sér rétt um mistök Símaskrárinnar því þegar upplýsinga var leitad þar á bæ kom í ljós að um skráningarvillu var að ræða. „Það hefur allavega ekki komið beiðni frá RÚV um að skrá stofnunina á heimilisfang yfirmannsins,“ sagði Guðrún María Guðmundsdóttir, ritstjóri Símaskrárinnar, í léttrum dír þegar hún var spurð um málið. „Þetta eru einfaldlega mistök og við munum leiðrétta þetta hið snarasta,“ bætti hún við.

Síðdegis í gær hafði skráningu Ríkisútvarpsins verið breytt og samkvæmt símaskránni hefur það nú aðeins aðsetur á einum stað, við Efstaleiti 1 í Reykjavík.

Leitarniðurstöður - Stafrófsröð

Leitarniðurstöður	
Þú ert á síðu 1 af 1. Leitn.tök 0.061 sek.	
Páll Magnússon	Símaskrá... 210 Garðabær
Ríkisútvarpið ohf	Símaskrá... 210 Garðabær

RÚV REKIÐ FRÁ GARÐABÆ? Hér sést hvernig Ríkisútvarpið var skráð á heimili Páls Magnússonar. Villan var leiðrétt síðdegis í gær.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttamaðurinn Sveinn H. Guðmarsson er hættur störfum á Stöð 2. Ástæða þess er sú að Sveinn ætlar sér að flytjast til Bretlands í haust þar sem unnusta hans, Þórhildur Ólafsdóttir fréttakona á Útvarpinu, er á leið í nám. Sveinn hefur ráðið sig sem ritstjóra hjá Iceland Review og hyggst auk þess starfa við þýðingar þar ytra.

Annar fréttamaður sem nýverið hætti störfum er Björg Eva Erlendsdóttir á Ríkisútvarpinu. Björg mun hafa hætt þegar henni var tilkynnt að Heiðar Örn Sigurfinnsson yrði gerður að þingfréttaritari útvarpsins í hennar stað.

Dr. Gunní varð pabbi í annað sinn á miðvikudag. Gunní og eiginkona hans, Bjarnveig Magnúsdóttir, eignuðust stúlku sem þegar hefur fengið nafnið Elísabet Lára. Stúlkan var 14,5 merkur og heilsast öllum í fjölskyldunni vel.

Sjónvarpsstöðin Travel Channel er stödd hér á landi til að taka upp raunveruleikabáttinn Meal Ticket eða Matarmiðann með kokkinum Ralph Pagano. Sjónvarpsliðið komst á einhvern hátt yfir nýja kokkabók sjónvarpskokksins Völundar Snaes Völundarsonar og flugu honum umsvifalaust hingað til lands frá Bahamaeyjum. Pagano hefur verið iðinn við kolann síðan hann lenti á Íslandi og hefur matreitt ofan í gesti Vox en frá matarmenningu höfuðborgarinnar heldur hann hins vegar til Vestmannaeyja og þaðan heim á ný.

- hdm/fgg

SUMMAR

Sjóðheit

ÚTSALA

dagana 30. maí til 2. júní

hjá Bílalandi B&L, valdir bílar á alvöru útsölu.
Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.
Enginn útborgun og **100%** lán í allt að 84 mánuði.

Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:

Útsöluverð kr. 1.290 þús.
Verð áður kr. 1.650 þús.



Ford Mondeo, 2003 - Ek. 81 þús.

Útsöluverð kr. 1.340 þús.
Verð áður kr. 1.680 þús.



RENAULT MEGANE II, 2005 - Ek. 29 þús.

Útsöluverð kr. 990 þús.
Verð áður kr. 1.260 þús.



Peugeot 307, 2004 - Ek. 57 þús.

Útsöluverð kr. 290 þús.
Verð áður kr. 560 þús.



HYUNDAI ELANTRA, 2000 - Ek. 92 þús.

Útsöluverð kr. 1.780 þús.
Verð áður kr. 2.260 þús.



HYUNDAI SONATA, 2005 - Ek. 32 þús.

Útsöluverð kr. 1.170 þús.
Verð áður kr. 1.510 þús.



RENAULT SCENIC II, 2003 - Ek. 79 þús.

Útsöluverð kr. 780 þús.
Verð áður kr. 1.060 þús.



RENAULT MEGANE, 2003 - Ek. 76 þús.

Útsöluverð kr. 1.660 þús.
Verð áður kr. 2.080 þús.



Hyundai Santa Fe, 2004 - Ek. 106 þús.

Útsöluverð kr. 1.320 þús.
Verð áður kr. 1.760 þús.



RENAULT LAGUNA, 2003 - Ek. 44 þús.

Útsöluverð kr. 950 þús.
Verð áður kr. 1.350 þús.



Opel Zafira, 2003 - Ek. 84 þús.

Útsöluverð kr. 1.750 þús.
Verð áður kr. 2.190 þús.



Toyota Avensis, 2005 - Ek. 115 þús.

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.



bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200

bilaland.is



SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

Reyklaus barlómur

Allir vita að reykingsfólk er á frekasti minnihlutahópur í heimi. Í eigin huga er reykingsmaðurinn þó fyrst og fremst kúgað fórnarlamb, eins og umræðan um reykingsbannið sem tekur gildi í dag sýnir. Svo innilega trúir reykingsmaðurinn tjörunni að hann hefur fengið til liðs við sig ófáa nýtsama sak/reykleysingja, sem oft eru uppnefndir „frjálslyndir húmanistar“ og eru vinsælir álitsgjafar og pistlahöfundar.

TIL MARKS um píslarvættið sem þessi „félagslega útskúfaði hópur“ telur sig þurfa aða þola af völdum bannsins eru dramatískar upphröpanir um forræðishyggju og Hitlerslög. Líklega hefði Orwell heimtað að drifskaftri yrði stungið í líkkistu sína hefði hann grunað að í framtíðinni myndi grátkór reykingsmanna vísa í 1984 til að mótmæla hófsömum skorðum á því hvar fámennur hópur geti fengið útrás fyrir áunna fíkn sína; þennan viðbjóðslega ósið sem veldur öllum í grenndinni ómældum ama. Puh segi ég, já puh.

DÆMIN sem reykingspakkið notar ómurlegum málstað sínum til stuðnings eru mörg hver kostuleg. Sessunautur minn, að jafnaði kýrskýr ung kona hvers æskublómi og rökhusun hafa þó sölnað eftir ellefu ára tóbaksfíkn, hefur kastað fram sumum af mínum uppáhalds... öh, „röksemdum“. Ein sú frumlegasta er á þá leið að um leið og tóbaksreyksins njóti ekki við muni allir skemmtistaðir landsins fyllast af mannaþef. Nú er vissulega ósanngjarnt að ætla reykingsfólki svo stórt að baða sig reglulega. En sá sem er slíkur skunkur að ekkert nema eitradur, illþefjandi tóbaksreykur dugir til að kæfa dauninn af honum á við annað og stærra vandamál að etja en reykingsbann. Ég reyki ekki og ég ilma vel.

MÉR ER ekki síður dillað yfir innantómum hótunum reykingsmanna um að barirnir muni tæmast eftir að reykingsbannið tekur gildi. Þeir hafa einfaldlega ekki staðfestu til að fylgja þeirri hótuninni. Hefðu þeir hana væru þeir löngu hættir að reykja. Einhver mótmælti reykingsbanninu í mín eyru á þeim makalausum forsendum að um leið og hyskið fengi ekki að svæla sínar sigarettur á veitingahúsum færi það beinustu leið heim og spúði óværunni yfir börnin sín. Þarna er reykingsubunum rétt lýst. Vila ekki fyrir sér að spilla heilsu eigin barna til að fá skammtinn sinn. Stór hluti af fróun reykingsmanna virðist reyndar fólgin í því að eittra andrúmsloft annarra.

NEI, það er óþarfi að kenna í brjósti um reykingsmenn. Það mun síst skorta á reykings þar sem þeir enda.

Fullur sími

FYLLTU Á FRELSIÐ MEÐ SÍMANUM

Nú getur þú hringt í 1441 og fyllt á Frelsið með símanum þínum - þú þarft bara að skrá debet- eða kreditkortíð þitt einu sinni á Minu Frelsi á siminn.is eða í verslunum Símans

Fylltu á Frelsið með GSM símanum og þú færð:*

- 0 kr. í 2 GSM vini
- 0 kr. mínútan eftir fyrstu 3 mínútur hvers símtals

* Nánari upplýsingar um tilboð og skilmála er að finna á siminn.is/Frelsi.

800 7000 - siminn.is

Síminn

hlaup

kaup

SHARP

Sharp 32" LCD LC-32GA8E
LISTAVERÐ: 159.900 kr.
KAUPLAUPSVERÐ 129.900 kr.

BADINNRETTINGR

KAUPLAUPSVERÐ 10% AFSLÁTTUR

SETTU ÞAÐ SAMAN

BEINN SÍMI | HTH: 530-2906 / 530-2907

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

OFN OG HELLUBORD
AEG Competence
B-4101-4-M (ofn)
AEG 6000K-MN
(helluborð)

EINSTAKT
KAUPLAUPSVERÐ: 99.999 kr.

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · www.ormsson.is